skoðun 26

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Allt

Barnaföt

Þarf átján holur?
Íslenskur golfvallahönnuður boðar meira svigrúm í hönnun golfvalla.

golf 66

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fimmtudagur
18. nóvember 2010
271. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

Á útleið
Dúettinn Feldberg gerir útgáfusamning í Bretlandi og heldur í tónleikaferðalag.

fólk 54

Sértækur vandi
„Staðan er sú að aðeins um 8% heimila eru í greiðsluvanda," skrifar Kristinn H. Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður.

umræðan 26

Ísland tapaði í Ísrael
Alfreð Finnbogason og Kolbeinn Sigþórsson skoruðu í 3-2 tapi í Tel Aviv.

sport 60

veðrið í dag

ÚRKOMUSAMT Í dag verða norðaustan 10-18 m/s NV-til, annars hægari austanátt. Úrkoma um allt land en styttir upp NA-lands síðdegis. Hiti 0-8 stig.

VEÐUR 4

Gott í jólabaksturinn!
Milda
Hollari kostur

Telja vindmyllur raunhæfan kost til framleiðslu raforku

Landsvirkjun íhugar nú alvarlega að ráðast í framkvæmdir á vindvirkjunum á næstu árum. Niðurstöður starfshóps gefa til kynna að slíkt sé vel mögulegt hér á landi. Lokaniðurstöðu er að vænta innan árs.

ORKUMÁL Landsvirkjun er með áætlanir um virkjanir á vindorku. Starfshópur var nýverið settur af stað til þess að skoða þau landsvæði sem gætu hentað vel til vindorkuvirkjana. Fyrstu niðurstöður rannsókna hópsins sýna fram á að Suðurlandsundirlendið henti hvað best undir vindrafstöð.

Úlfar Linnet, sérfræðingur í orkuathugunum hjá Landsvirkjun og meðlimur rannsóknarhópsins, segir endanlegar niðurstöður rannsóknanna líklega munu liggja fyrir eftir um það bil ár.

„Við erum að gera alla þá grunnvinnu sem þarf áður en framkvæmdir geta hafist," segir Úlfar. „Þetta krefst mikilla rannsókna og það skiptir miklu máli að vel til takist vegna þess að við vorum algerlega á núllpunkti þegar við hófum störf."

Grunnrannsóknir benda sterklega til þess að hér á landi sé nægilega stöðugur vindur til virkjana. Almenna reglan er að vindmyllurnar slökkvi á sér við 25 metra á sekúndu og segir Úlfar að slíkt sé fátítt hér á landi. Hann segir að verið sé að skoða Suðurlandsundirlendið vegna þess að þar sé vindur stöðugur og lítið um hvirfla.

Lægstu vindmyllur sem notaðar eru til virkjana erlendis eru um 70 metra háar, segir Úlfar, eða á hæð við Hallgrímskirkju. Þær hæstu í heiminum geta náð 198 metra hæð þegar blaðið er reist í hæstu stöðu.

- sv / sjá síðu 10



HRÍMÞOKA Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM Drungaleg stemning varð í Reykjavík í gær er hrímþoka lagðist yfir borgina og þennan hundaeiganda í Hljómskálagarðinum. Hrímþoka myndast þegar frost er við jörðu og fáum metrum ofar er heitara loft með raka sem þéttist við snertingu við kalda loftið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Svört skýrsla Umhverfisstofnunar sýnir dapurlegt ástand margra friðlýstra svæða:

Margar náttúruperlur á válista

UMHVERFISMÁL „Sú alvarlega staðreynd blasir við að ágangurinn á nokkur af okkar verðmætustu svæðum er orðinn slíkur að þau eru að glata verndargildi sínu, og verða ekki sá segull í framtíðinni sem ferðaþjónustan þarf á að halda," segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra.

Umhverfisstofnun hefur kortlagt ástand friðlýstra svæða að beiðni umhverfisráðuneytisins. Skýrslan er svört því úttektin dregur upp dapurlega mynd af ástandi margra þeirra svæða sem Íslendingar telja verðmætust vegna náttúrufars, landslags eða jarðminja. Nauðsynlegt er að grípa til tafarlausra aðgerða á níu friðlýstum svæðum. Meðal þeirra eru Gullfoss og Geysir og friðland að Fjallabaki sem nær meðal annars yfir Landmannalaugar og hina vinsælu gönguleið Laugaveginn. Átta önnur svæði eru á válista Umhverfisstofnunar.

Svandís segir að skapa verði grundvöll, til dæmis tekjustofn, til að sinna friðlýstum svæðum betur en gert hafi verið til þessa dags. „Ef þessi svæði sem hér eru sérstaklega nefnd glata verndargildi sínu frekar en nú er orðið getum við staðið frammi fyrir því að við verðum að takmarka aðgang að þeim."

- shá / sjá síðu 18

The STUDIO
Ný sending!
Opið frá 12-22 virka daga og 11-17 um helgar
10% afsláttur
The Studio
Nýbýlavegi 12
www.thestudio.is

Gestur Valur á uppleið:

Fundaði með Adam Sandler

FÓLK „Hann var mjög spenntur fyrir verkefni sem ég kynnti fyrir honum en annars var ég aðallega að kynna sjálfan mig og mínar hugmyndir," segir Gestur Valur Svansson kvikmyndagerðarmaður. Hann átti fyrir skemmstu fund með Adam Sandler, sem er einn af áhrifamestu mönnunum í gamanmyndageiranum í Hollywood.

GESTUR VALUR SVANSSON

Casper Christansen, annar helmingur Klovn-tvíeykisins, sat fundinn með Gesti og Sandler og segir hann hafa verið gagnlegan eins og allir fundir í Hollywood séu.

„Það er alltaf súrrealískt að sitja á fundi með Íslendingi," segir Christiansen.

- fgg / sjá síðu 70

SPURNING DAGSINS

Guðmundur, var þetta ekki bara bjútífúl?

„Jú, en við fengum ekki böns af monní eins og Megas fékk."

Guðmundur Kristinn Jónsson og félagar hans í Hjálmum fengu á dögunum viðurkenningu fyrir að syngja lög sín á íslensku. Þrátt fyrir að hafa ekki fengið böns af monní féll þeim í skaut forláta verðlaunagripur sem var eins og tekinn úr Súpermanmynd.

Rannsóknir íslenskra vísindamanna á gosunum í Eyjafjallajökli birtar í Nature:

Eitt gos hleypti öðru af stað

VÍSINDI Nákvæmar mælingar á jarðskorpuhreyfingum á og við Eyjafjallajökul hafa gert vísindamönnum kleift að rekja upphaf eldgossins í jöklinum mörg ár aftur í tímann.

„Út frá mæliniðurstöðunum má gera líkan af kvikuhreyfingum neðanjarðar," segja þau Freysteinn Sigmundsson og Sigrún Heimisdóttir, tveir úr hópi íslenskra jarðvísindamanna sem hafa birt grein í tímaritinu Nature.

Í raun voru eldgosin tvö, hið fyrra sprungugos á Fimmvörðuhálsi en hið síðara sprengigos í toppgíg Eyjafjallajökuls, og svo virðist sem hið fyrra hafi hleypt hinu síðara af stað.

Niðurstöður þeirra varpa nýju ljósi á hegðun eldstöðva á jörðinni sem ekki gjósa oft, eins og raunin er um Eyjafjallajökul.

„Landbreytingar í tengslum við umbrotin voru óvenjulegar að því leyti að þær virðast ekki hafa orðið vegna þrýstingsbreytinga í einu kvikuhólfi undir eldstöðinni, heldur voru landbreytingar flóknar bæði í tíma og rúmi," segja þau Sigrún og Freysteinn. - gb



ÞVERSKURÐUR FJALLSINS Á þessari mynd úr Nature sést kvikuinnskot sem myndaðist undir austurhluta jökulsins. MYND/NATURE

Kýs ekki til stjórnlagaþings:

Blindir kjósa ekki í einrúmi

STJÓRNSÝSLA Arnþór Helgason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins, segist ekki ætla að taka þátt í kosningum til stjórnlagaþings þar sem blindir og sjónskertir geti ekki neytt atkvæðisréttar síns með sama hætti og aðrir borgarar. „Í rúma þrjá áratugi hafa sérstakar ráðstafanir verið gerðar til þess að blint og sjónskert fólk geti kosið til Alþingis og sveitarstjórna í einrúmi og án aðstoðar. Hið sama gildir um forsetakosningar," segir í yfirlýsingu frá Arnþóri. - gar

Reykjavíkurborg sýknuð:

Steig í hver en fær ekki bætur

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað Reykjavíkurborg af skaðabótaskyldu vegna slyss sem varð þegar piltur lenti í leirhver á Hengilssvæðinu og brenndist á báðum fótleggjum.

Pilturinn var starfsmaður í vinnuhópi Hins hússins sem rekinn var á vegum Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur. Óhappið átti sér stað í ferðalagi á lokastarfsdegi hópsins. Leiðbeinendur báru fyrir dómi að þeir hefðu brýnt fyrir hópnum að gæta sín. Dómurinn taldi slysið fyrst og fremst mega rekja til óaðgæslu piltsins sjálfs. - jss

Fyrir dómi vegna smygls:

Tekinn með lítra af amfetamínvökva

DÓMSMÁL Tæplega fertugur karlmaður er nú fyrir héraðsdómi, ákærður fyrir að hafa reynt að smygla til landsins rúmlega einum lítra af amfetamínvökva. Úr því magni hefði mátt framleiða rúmlega átta kíló af amfetamíni, sem ætluð voru til söludreifingar í ágóðaskyni hér.

Maðurinn er pólskur ríkisborgari. Hann flutti efnin með flugi frá Póllandi hingað til lands. Tollverðir fundu þau í flösku í farangri hans við komu hans til Keflavíkurflugvallar í lok ágúst á þessu ári. - jss

STYKKISHÓLMUR

Ráðherra auki þorskvóta

Bæjarráð Stykkishóms skorar á Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra að auka þorskkvóta ársins um 40 þúsund tonn. „Samkvæmt mati Hafrannsóknastofnunar mun breyting á 25 prósent í stað 20 prósent aflareglu sem er í dag ekki setja þorskstofninn í hættu heldur mun það eingöngu hægja á uppbyggingu stofnsins," segir bæjarráðið.

Indíánar undir jökli fyrir þúsund árum?

Í nýrri rannsókn er sett fram sú tilgáta að norrænir menn hafi haft frumbyggja á brott með sér frá Ameríku fyrir þúsund árum og fært þá til Íslands. Samkvæmt tilgátunni rennur indíánablóð í æðum fjölmargra Íslendinga.

VÍSINDI Erfða- og mannfræðirannsóknir styðja tilgátu um að frumbyggjar Ameríku hafi fylgt norrænum mönnum til Íslands fimm hundruð árum áður en Kristófer Kólumbus kom fyrst til Nýja heimsins.

Þessi tilgáta er sett fram í meistaraverkefni Sigríðar Sunnu Ebenesersdóttur í mannfræði við Háskóla Íslands sem var unnið fyrir tilstilli Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE). Niðurstöðurnar hafa vakið mikla athygli og stórblöðin The Guardian og The Telegraph hafa gert rannsókninni ítarleg skil eftir að grein um rannsóknina birtist í American Journal of Physical Anthropology [virtasta tímarit heims um líffræðilega mannfræði]. Tímaritið National Geographic hefur sýnt rannsókninni sérstaka athygli.

Agnar Helgason, mannfræðingur hjá ÍE og Háskóla Íslands, var leiðbeinandi Sigríðar en hann birti niðurstöðu rannsókna árið 2000 þar sem sýnt var fram á að megnið af landsnámskonum Íslands hefðu komið frá Bretlandseyjum en karlmennirnir flestir frá Skandinavíu. Við þá rannsókn féllu til upplýsingar um nokkrar hvatberaarfgerðir sem ekki voru rekjanlegar til Evrópu. Rannsókn Sigríðar Sunnu rennir stoðum undir að arfgerðin sé frá Ameríku, en þó ekki frá Inúítum á Grænlandi sem bera ólíka arfgerð.

Agnar útskýrir að hægt sé að rekja hvatberaerfðaefni í óbrotnum mæðrakeðjum langt aftur í tímann. Þannig sé hægt að sjá samsetningu landnámshópsins í beinan kvenlegg. „Út frá ættfræðigrunni ÍE var hægt að rekja þessa arfgerð til 350 núlifandi einstaklinga. Þeir rekja ættir sínar til fjögurra formæðra sem bjuggu í sveitum Suðurlands, þær fæddust allar um 1700 en rekja svo ættir sínar til konu sem var uppi löngu fyrir aldamótin 1500."

Þessi vitneskja rennir stoðum undir þá tilgátu að formóðirin hafi fylgt norrænum mönnum heim til Íslands frá Ameríku í kringum árið 1000, eins og greint er frá í íslenskum miðaldabókmenntum. Engar heimildir eru til um ferðir frá Íslandi til Ameríku, eða Vínlands eins og Leifur heppni kallaði það, í þau fimm hundruð ár sem liðu þangað til Kólumbus tók þar land og markaði upphaf landnáms Evrópubúa vestanhafs.

Agnar undirstrikar að um tilgátu sé að ræða en hún verði aðeins sönnuð, eða afsönnuð, með frekari rannsóknum. „Þá verðum við að finna nákvæmlega sömu arfgerð annars staðar í heiminum. Það breytir því ekki að þessi tilgáta er sú líklegasta út frá fyrirliggjandi göngum.

svavar@frettabladid.is

MEÐ INDÍÁNABLÓÐ Í ÆÐUM? Leikur strákanna bendir til þess að þeir eigi ættir sínar að rekja til sveita Suðurlands. Formóðir fjölmargra Íslendinga er talin hafa verið ameríkur frumbyggi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Út frá ættfræðigrunni ÍE var hægt að rekja þessa arfgerð til 350 núlifandi einstaklinga.
>
> **AGNAR HELGASON**
> MANNFRÆÐINGUR HJÁ ÍE

HÉRAÐSDÓMUR Maðurinn var úrskurðaður í hálfs mánaðar gæsluvarðhald. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lögregla leitar fleiri brotaþola:

Piltur kærir kynferðisbrot

LÖGREGLUMÁL Tæplega tvítugur piltur hefur lagt fram kæru á hendur nær fimmtugum manni, sem situr nú í gæsluvarðhaldi vegna meintra kynferðisbrota gegn börnum, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Rannsókn lögreglu beinist að því hvort meintir brotaþolar séu fleiri en þessi eini piltur, en sterkur grunur leikur á að svo sé og að þeir séu af báðum kynjum.

Kynferðisbrotin eru sögð hafa átt sér stað fyrir nokkrum árum og hafa staðið yfir um árabil. - jss

Spá í mannaferðir til Mars:

Vilja ferðir aðra leiðina í byrjun

BANDARÍKIN, AP Tveir vísindamenn í Bandaríkjunum, Dirk Schulze-Makuch og Paul Davies, hafa stungið upp á því að fyrstu geimfararnir sem sendir verði til Mars verði bara sendir aðra leiðina.

Marsferðir verði þá svipaðar ferðum fyrstu Evrópubúanna sem settust að í Vesturheimi. Þeir reiknuðu ekki með að snúa aftur heldur byggðu sér ból í nýjum heimi.

„Við viljum fólkið okkar aftur til baka," sagði talsmaður bandarísku geimferðamiðstöðvarinnar NASA, sem tók ekki sérlega vel í hugmyndina. - gb

Sextugum karlmanni gefinn að sök fjárdráttur, umboðssvik og skjalafals:

Stolið úr sjóðum frímúrarastúku

DÓMSMÁL Sextugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að draga sér ríflega sex milljónir króna úr sjóðum Frímúrarastúkunnar Draupnis á Húsavík, meðan hann gengdi þar stöðu féhirðis. Féð notaði maðurinn í eigin neyslu.

Fjárdrátturinn átti sér stað á árunum 2001 til 2009. Sjóðir stúkunnar sem hann dró sér fé úr voru á þremur bankareikningum.

Þá er manninum gefin að sök umboðssvik. Á fjögurra ára tímabili hafi hann tíu sinnum breytt yfirdráttarheimild sömu frímúrarastúku úr 400 þúsund krónum, sem hún var samkvæmt ákvörðun stjórnar og í þrjár milljónir króna. Yfirdrátturinn var kominn í síðarnefndu upphæðina í lok tímabilsins. Breytingarnar voru gerðar til að auka handbæra fjármuni stúkunnar sem maðurinn dró sér síðan að hluta að því er segir í ákæru.

HÉRAÐSDÓMUR Maðurinn var ákærður fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Loks er maðurinn ákærður fyrir að leggja falsaða ársreikninga fyrir stjórn og endurskoðendur stúkunnar, sem sýndu mun betri eigna- og skuldastöðu hennar. Þetta gerði hann til að leyna brotunum sem hann er ákærður fyrir.

Stúkan krefst þess að fá peningana til baka. - jss

3 litir

1.490,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Aðventuljós úr tré
5899631-3

JÓLASERÍUR

Verð frá

239,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

ALLT FYRIR JÓLIN

Á LÆGRA VERÐI Í HÚSASMIÐJUNNI

HÚSASMIÐJU -BLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT!

Snjókorn díóðuljós inni/úti

1.799,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Frostrós
Díóðuljós úti/inni.
10493885

2.595,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Höggborvél
Power plus höggborvél
580W 13mm
flýtipatróna
5245308

JÓLATRÉ GERVI

20% afsláttur

17. - 21. nóvember

Verð frá

2.390,-

1.999,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Hrærivél
Með rafhlöðum,
spilar lag.
5857574

20 lítra

9.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Örbylgjuofn United
Hvítur 20 lítra 800W
1840909

Kenwood
450W matvinnsluvél
með blandara
1840473

9.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

HÚSASMIÐJAN

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

GENGIÐ 17.11.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	113,09	113,63
Sterlingspund	180,05	180,93
Evra	152,77	153,63
Dönsk króna	20,489	20,609
Norsk króna	18,704	18,814
Sænsk króna	16,284	16,380
Japanskt jen	1,3565	1,3645
SDR	175,27	176,31

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,0245
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Framkvæmdir við tónlistarhúsið Hörpu eru á áætlun:

Rammar fara í endurvinnslu

FRAMKVÆMDIR Þrátt fyrir alla þá fjölmörgu sexstrendinga sem áttu að þekja tónlistarhúsið Hörpu og reyndust gallaðir stefnir stjórn félagsins Totusar ohf., fasteignafélagsins sem reisir tónlistarhúsið, á að opna Hörpu á tilsettum tíma í vor.

Höskuldur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Totusar, segir að megnið af römmunum muni enda sem hefðbundinn brotamálmur í endurvinnslu. „Við erum búnir að hafna þessum gölluðu römmum og ég reikna með því að verktakarnir sendi þetta í endurvinnslu þar sem þetta verður brætt," segir hann. „Það er ljóst að það verður mikið að gera á síðustu mánuðunum í framkvæmdunum, en við stefnum ótrauð á opnunartímann." - sv

BROTAMÁLMUR Rammarnir verða sendir í endurvinnslu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sparnaðartillögur í Kópavogi:

Vilja sameina sveitarfélög

SVEITARSTJÓRNIR Fjölmargar tillögur um sparnað hjá Kópavogsbæ komu frá fundarmönnum á íbúafundi í Kópavogi í gær, að því er kemur fram í tilkynningu frá upplýsingafulltrúa bæjarins.

„Má þar nefna styttingu skólaársins, lokun skíðasvæðisins í Bláfjöllun, sameiningu sveitarfélaga, styttingu grunnskólans um eitt ár, fækkun nefnda bæjarins, styttri vistunartíma leikskólabarna og endurskoðun samninga við íþróttafélögin," segir í tilkynningunni. - gar

KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR Bæjarráð Garðs telur að nýta eigi aðstöðuna fyrir ECA-verkefnið.

Garður skorar á ráðherra:

Biðja Ögmund að styðja ECA

SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjarráð Garðs lýsir yfir stuðningi við ECA-flugþjónustuverkefnið og skorar á Ögmund Jónasson samgönguráðherra að veita því brautargengi. Það muni stuðla að fjölbreytni í atvinnusköpun á Suðurnesjum og nýta verðmæti sem liggi í aðstöðunni á Keflavíkurflugvelli.

„Undirbúningur verkefnisins hefur lengi staðið yfir og mun skapa vel launuð störf á Suðurnesjum fyrir 100 til 150 manns og að auki allt að 100 störf á framkvæmdatíma vegna bygginga flugskýla og aðstöðu fyrir verkefnið," segir í áskorun bæjarráðs sveitarfélagsins Garðs. - gar

MÝRDALSHHREPPUR

Guggnaði á Ketilstaðaskóla

Sá sem bauð hæst í Ketilstaðaskóla í Mýrdalshreppi í útboði í sumar stóð ekki við tilboðið og sveitarfélagið hefur því óskað eftir því að Ríkiskaup auglýsi skólann aftur til sölu.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Játar innbrot í hraðbúð

Maður, búsettur í Ólafsvík, hefur játað fyrir lögreglu að hafa í tvígang brotist inn í hraðbúðina á Hellissandi í október. Þaðan stal hann vindlingum, skiptimynt og áfyllingarkortum fyrir síma.

Kaup á skuldabréfi aldrei færð til bókar

Kaupa gjaldeyrissjóðs Glitnis á skuldabréfi af Saga Capital fyrir rúman milljarð er hvergi getið í bókum sjóðsins eins og annarra viðskipta. Samningur um kaupin var ósvikinn. Forstjóri Saga er með réttarstöðu sakbornings í málinu.

VIÐSKIPTI Samnings um kaup gjaldeyrissjóðs Glitnis, GLB FX, á skuldabréfi af Saga Capital í ágúst 2008 er í engu getið í bókum eða fundargerðum sjóðsins frá þeim tíma. Reglum samkvæmt átti að færa alla gerninga sjóðsins í bækur hans í enda hvers dags, enda höfðu þeir alla jafna áhrif á afkomu sjóðsins, sem er uppreiknuð daglega. Í þessu tilviki var það ekki gert.

ÞORVALDUR LÚÐVÍK SIGURJÓNSSON

Þetta kveikti grunsemdir hjá rannsakendum viðskiptanna um að samningurinn væri falsaður – hann hefði ekki verið gerður fyrr en eftir bankahrun – og var þeim grunsemdum komið áleiðis til embættis sérstaks saksóknara.

Tölvupóstsamskipti á milli Saga Capital og Fjármálaeftirlitsins frá 10. september 2008, þar sem vikið er að samningnum, sýna hins vegar að hann var gerður fyrir bankahrun. Sérstakur saksóknari hefur því ekki tekið meint skjalafals til rannsóknar, ólíkt því sem sagði í frétt Fréttablaðsins í gær. Hann rannsakar hins vegar aðra þætti málsins.

Saga Capital lánaði Stím hf. milljarð árið 2007 til kaupa á hlutabréfum í Glitni. Ári síðar, hinn 18. ágúst 2008, gerði Saga Capital samning við GLB FX um kaup á skuldabréfinu á fullu verði með vöxtum, samtals 1.167 milljónir. Samningurinn var framvirkur til 19. nóvember 2008, sem þýðir að kaupverðið var greitt þá. Engar skýringar hafa fengist á því hvers vegna ákveðið var að hafa samninginn framvirkan, en ganga ekki einfaldlega frá kaupunum strax.

GLITNIR Glitnir bjargaði Saga Capital frá tapi vegna skuldarinnar með því að láta sjóð á sínum vegum kaupa skuldabréfið. Ekki er vitað hvers vegna sú ákvörðun var tekin, eða að hvers frumkvæði.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Þegar samningurinn var gerður var virði bréfanna í Glitni orðið lítið sem ekkert, samkvæmt bókum Stíms, og því hefði Stím aldrei getað greitt skuldina. Það veldur rannsakendum því heilabrotum hvers vegna Glitnir kaus í raun að borga skuld Stíms við Saga Capital án þess að fá nokkuð í staðinn. Þar fyrir utan mátti sjóðurinn ekki reglum samkvæmt fjárfesta í skuldabréfum.

Forsvarsmenn Saga Capital hafa fullyrt að ábyrgðin á kaupunum hafi alfarið verið Glitnis. Meira að segja er tekið fram í samningnum um kaupin að Saga Capital viti ekki hvers virði skuldabréfið sé.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga, hefur verið yfirheyrður vegna málsins hjá sérstökum saksóknara og kynnt þar réttarstaða sakbornings. Hann hefur þó sagt að rannsóknin beinist í engu að honum né Saga.

Samkvæmt gögnum sem Fréttablaðið hefur séð reyndi Saga Capital ítrekað að nálgast upplýsingar um starfsemi Stíms frá Glitni án árangurs. Þá hafi Saga reynt að skipta út stjórnarmanni bankans í Stími og fá félagið fært af heimilisfangi bankans, en án árangurs vegna þess að aldrei var boðað til aðalfundar í félaginu.

stigur@frettabladid.is

RYANAIR Farþegar á leið til Frakklands neituðu að fara frá borði í Belgíu.

Farþegar mótmæltu þoku:

Harðneituðu að fara frá borði

FRAKKLAND, AP **Farþegar í flugvél frá írska lággjaldaflugfélaginu Ryanair, mest Frakkar á leið heim úr fríi í Marokkó, neituðu að fara frá borði þegar vélin lenti í Liege í Belgíu.**

Vegna þoku var ekki hægt að lenda í Beauvais í norðanverðu Frakklandi. Farþegarnir voru margir afar reiðir, hrópuðu ókvæðisorð að áhöfn vélarinnar og sumir hræktu.

Farþegar þriggja annarra véla frá Ryanair höfðu þegið boð um rútuferð frá Liege til Beauvais, þangað sem ferðinni var heitið, en þangað er um 330 kílómetra leið. - gb

BANDARÍKIN

Murkowski vann í Alaska

Demókratinn Lisa Murkowski sigraði í kosningum í Alaska til öldungadeildar Bandaríkjaþings. Hún var ekki á kjörseðli, en nógu margir settu nafn hennar á seðilinn til að tryggja henni sigur.

Vill ekki banna móðganir

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir Bandaríkin andvíg því að bann verði lagt við því að gagnrýna eða lítilsvirða trú annarra, eins og múslimaríki hafa lagt til.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

ÚRKOMULÍTIÐ Á MORGUN Það verður heldur hægari vindur á landinu á morgun og styttir víðast upp en hins vegar verður nokkuð stíf austanátt og áfram dálítil væta suðaustantil. Svipaður hiti áfram en fer hægt kólnandi um helgina.



HEIMURINN

Alicante	19°
Basel	12°
Berlín	7°
Billund	6°
Frankfurt	7°
Friedrichshafen	7°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	22°
London	11°
Mallorca	20°
New York	12°
Orlando	24°
Ósló	-2°
París	8°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Epli og spil

MacBook 13”

2,4GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 320M 256MB skjástýring
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 10 klst rafhlöðu ending

Verð: 169.990,-

MacBook Air

Nýlent

MacBook Air 11”
Intel Core 2 Duo
2-4 GB innra minni
64/128 GB SSD diskur
Aðeins 1kg
Verð frá: 179.990.-

MacBook Air 13”
Intel Core 2 Duo
2-4 GB innra minni
128/256 GB SSD diskur
Aðeins 1,32kg
Verð frá: 239.990.-

iMac 21,5”

1920 x 1080 dílar; milljónir lita; IPS-tækni
4GB 1066MHz DDR3 SDRAM
500GB Serial ATA, 7200 rpm Harður diskur
NIVIDIA GeForce 9400M
Innbyggð iSight vefmyndavél (1,3MP upplausn)
Fjögur USB 2.0, Eitt FireWire 800, SD-kortarauf
Innbyggt Airport Extreme (802.11n)
Innbyggt Bluetooth 2.1 + EDR
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og þráðlaus Magic Mouse

Verð frá 209.990.-

Nýr Office Pakki fyrir Mac

Office : mac 2011

Microsoft hefur gefið út nýja útgáfu af hinum vinsæla Office pakka fyrir Mac.

Verð frá 18.990.-

Opið til 21
alla fimmtudaga

Ókeypis námskeið

www.epli.is/fraedsla

Nýr iPod nano

8GB - 35.990.-
16GB - 43.990.-

Geymir allt að 4000 lög
Allt að 24 klst rafhlöðuending
Vegur aðeins 21g
FM útvarp
7 litir

Apple búðin
Sími 512 1300
Laugavegi 182

Afgreiðslutími:
Mán. - mið. 10-18 | Fim. 10-21
Fös. 10-18 | Lau. 12-16

www.epli.is

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda til 11. júlí 2010, eða meðan birgðir endast.

KJÖRKASSINN



Ertu búin(n) að setja vetrardekk undir bílinn?

Já	56,6
Nei	43,4

SPURNING DAGSINS Í DAG

Keyptir þú Rauða nef Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna?

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Íbúðalánasjóður hefur afskrifað ellefu milljarða frá hruni og eigið fé er í lágmarki:

Þarf tugmilljarða úr ríkissjóði

FJÁRMÁL Íbúðalánasjóður hefur afskrifað tæpa ellefu milljarða króna frá því í hruninu haustið 2008. 8,5 milljarðar eru afskrifaðir vegna kaupa á skuldabréfum, 2,0 milljarðar vegna vaxtaskiptasamninga og 325 milljónir töpuðust vegna peningamarkaðssjóða.

Þetta kemur fram í svari Guðbjarts Hannessonar, félags- og tryggingamálaráðherra, við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns um stöðu Íbúðalánasjóðs.

Eiginfjárhlutfall Íbúðalánasjóðs var 2,1 prósent um mitt þetta ár en var 7,0 prósent árið 2007. Í Fréttablaðinu hefur komið fram að stefnt skuli að 5 prósenta eiginfjárhlutfalli sjóðsins. „Þetta lítur mjög illa út, ég ætla ekki að hafa stór um það – en ef eiginfjárstaðan er að nálgast núllið og það á eftir að afskrifa, sjá allir í hvað er að stefna," svarar Guðlaugur Þór spurður af visir.is hvort sjóðurinn sé í reynd gjaldþrota.

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

Í Fréttablaðinu í ágúst var haft eftir ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins að ríkið þyrfti að leggja Íbúðalánasjóði til allt að tuttugu milljarða króna á næstu árum. Árni Páll Árnason viðskiptaráðherra staðfestir nú að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telji þessa upphæð á þriðja tug milljarða. Guðlaugur Þór telur að meira kunni að þurfa til.

„Það hafa verið nefndar tölur allt upp í 40 milljarða króna, það er jafn mikið og íslenska menntakerfið á einu ári. Hér er verið að tala um gríðarlega stórar fjárhæðir," segir Guðlaugur Þór við visir.is. - gar

Bankahrun í Bandaríkjunum:

Bankastjórar rannsakaðir

BANDARÍKIN, AP **Bandarísk stjórnvöld hafa hafið opinbera sakamálarannsókn á framferði 50 yfirmanna í bönkum sem fóru á hausinn í kreppunni.**

Hlutverk yfirmanna bankanna hefur verið kannað og urðu þær rannsóknir til þess að málin eru nú orðin að sakamálum. Þetta eru önnur mál en þau einkamál sem höfðuð hafa verið gegn 80 bankamönnum vegna taps sem einstaklingar og fyrirtæki hafa orðið fyrir vegna falls bankanna. - gb

Ókeypis heyrnarmæling úrvals heyrnartæki og afbragðs þjónusta!

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

700 Íslendingar gætu misst námsstyrki

Fyrirhugaðar breytingar á námsstyrkjum gætu sett strik í reikninginn hjá hundruðum íslenskra námsmanna í Danmörku. Vilja ekki lengur styrkja útlendinga til náms. Framkvæmdastjóri SÍNE fylgist grannt með þróun mála.

DANMÖRK Áætlanir stjórnarflokkanna í Danmörku um að afnema námsmannastyrki, svokallaða SU-styrki, til erlendra ríkisborgara gætu haft veruleg áhrif á afkomu margra Íslendinga sem sækja þar menntun.

Að öllu jöfnu eru SU-styrkir, sem nema um 5.300 dönskum krónum á mánuði fyrir skatt, eða um 110 þúsundum íslenskra króna, ekki ætlaðir erlendum ríkisborgurum, en undanþágur eru gerðar, til dæmis ef viðkomandi hefur búið í Danmörku í fimm ár eða unnið í landinu um að minnsta kosti tveggja ára skeið.

Samkvæmt tölum Lánasjóðs íslenskra námsmanna þáðu 722 íslenskir ríkisborgarar SU-styrk fyrstu níu mánuði ársins. Það er talsverð fjölgun frá fyrra ári þar sem 584 Íslendingar hlutu styrk.

Í fréttum danskra miðla segir að um 6.500 útlendingar þiggi SU-styrk og er kostnaður ríkisins vegna þess um 300 milljónir danskra króna, eða rúmir sex milljarðar íslenskra króna.

Þó að stjórnarflokkarnir séu sammála um að fara þetta skref, munu andstöðuflokkarnir sennilega ekki styðja væntanlegt frumvarp, því að það taki ekki á málefnum SU í heild sinni. Er því líklegt að frumvarpið muni taka nokkrum breytingum áður en yfir lýkur.

Hjördís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra námsmanna erlendis, (SÍNE) segist uggandi yfir þessum fréttum og ef af verði muni það jafnvel verða til þess að margir Íslendingar hrökklist úr námi í Danmörku.

FRÁ ÁRÓSUM Verði af fyrirhuguðum breytingum á SU-styrkjum mun það koma illa við marga íslenska námsmenn í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORGILS

„Það eru eflaust margir sem hafa farið út til að vinna, gagngert til að eiga svo rétt á að fá þennan styrk."

Hjördís segir þetta vera annað dæmi um það hvernig verið sé að kreppa að íslenskum námsmönnum í Danmörku, en hún hafi nýlega frétt af einum sem var rukkaður um mjög há skólagjöld, í nám þar sem Íslendingar höfðu hingað til verið undanþegnir skólagjöldum.

„Þetta er greinilega einhver opinber stefna því að ég hafði samband við þann skóla og þau sögðu mér að þetta væri samkvæmt beinum fyrirmælum frá menntamálaráðuneytinu danska. Í kjölfarið bentum við upplýsingaskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar á málið og þar á að kanna það og fara lengra með málið."

Hjördís segir að SÍNE muni fylgjast með framvindunni. „Við munum fylgjast mjög vel með þessu máli. Allt norrænt samstarf og góðvilji í þessum efnum gæti verið í hættu ef það verður skorið á þetta allt í einu."

thorgils@frettabladid.is

NÝSKÖPUN Í ORKUGEIRANUM

Háskólinn í Reykjavík, Innovit og Landsvirkjun bjóða til hádegisfundar **fimmtudaginn 18. nóvember kl. 12:00–13:00**.

Dagskrá:

- **Áhrif loftslagsbreytinga á rennsli og nýtingu virkjana**
  Óli Grétar Blöndal Sveinsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Landsvirkjunar
- **Vindorka: Möguleikar á Íslandi**
  Úlfar Linnet, sérfræðingur í orkuathugunum hjá Landsvirkjun
- **Sæstrengur til Evrópu**
  Edvard G. Guðnason, deildarstjóri sölu- og markaðsdeildar Landsvirkjunar
- **Háspennulínumöstur – ný form – ný efni**
  Eyþór Rafn Þórhallsson, dósent við Háskólann í Reykjavík

Fundarstjóri: Gunnar Guðni Tómasson, forseti tækni- og verkfræðideildar HR.

Stund: 18. nóvember kl. 12:00–13:00.
Staður: Háskólinn í Reykjavík, Fönix 1.
Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

Háskólinn í Reykjavík Reykjavik University · Landsvirkjun · innovit Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur

Sigmundur Davíð í fyrstu Icesave-umræðu haustsins á Alþingi í gær:

Sósíalistar og stórkapítalistar hafa náð sátt um tvö verkefni

ICESAVE „Sósíalistarnir hafa náð saman við stórkapítalistana um tvö verkefni sem þeir vilja vinna að samtímis," sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins. „Annars vegar að koma skuldum gjaldþrota banka yfir á íslenskan almenning og hins vegar að koma í veg fyrir að íslenskur almenningur fái leiðrétt stökkbreytt lán sín í íslensku bönkunum."

Ummælin féllu í umræðu um Icesave-málið við upphaf þingfundar í gær. Tilefnið voru ummæli Jóns Sigurðssonar, forstjóra Össurar, í Ríkisútvarpinu um að óleyst Icesave-deila hefði haft mjög neikvæð áhrif á viðskiptalífið og ímynd Íslands. Magnús Orri Schram, Samfylkingu, sagði að þar sem drög að nýjum Icesave-samningi lægju fyrir hefði frést að Moody's ætlaði að hækka lánshæfismat íslenska ríkisins. „Slíkt hefur bein áhrif á fjármögnunarkostnað íslenskra fyrirtækja," sagði hann.

Sigmundur Davíð sagði að mikil áróðursherferð væri nú hafin fyrir nýjum Icesave-samningi sem þó væri ekki tilbúinn. Þeir forstjórar sem mest hefðu verið á bandi ríkisstjórnarinnar í deilunni létu nú aftur á sér kræla. „Lánshæfismatsfyrirtækin [eru] meira að segja mætt til leiks í gegnum Samfylkingarmanninn á Bloomberg," sagði Sigmundur Davíð. „Lánshæfismatsfyrirtækin, sem hafa nákvæmlega engan trúverðugleika lengur."

Skuldatryggingaálag íslenska ríkisins, hinn raunverulegi mælikvarði á stöðu ríkisins, hefði batnað og batnað frá því að Icesave-samkomulaginu var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu. - pg

ALÞINGI Aðventan er að nálgast og þingmenn eru farnir að ræða Icesave-málið á nýjan leik, sagði Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sjálfstæðisflokki, við fyrstu Icesave-umræður haustsins í gær.

TAX FREE DAGAR

ÖLL LEIKFÖNG, SPIL OG PÚSL FYRIR KRAKKA Á ÖLLUM ALDRI!

Dagana 18. - 21. nóvember afnemum við VSK af öllum leikföngum, spilum og púsluspilum.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 21. nóvember 2010.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Myndlist
Óskum eftir verkum til sölumeðferðar
ERRÓ
Gunnlaugur Scheving
Louisa Matthíasdóttir
og fl.
Nánari upplýsingar;
Gallerý Nútímalist
Skólavörðustíg 3a
552 20 60 // 690 0931 // 820 4729
nutimalist@gmail.com

Örlög Silvio Berlusconi ráðast á tveimur vígstöðvum um miðjan næsta mánuð:

Borinn undir þing og dómara

ÍTALÍA, AP Margt bendir til að stjórnmálaferill Silvio Berlusconi sé á síðasta snúningi, þótt hann hafi hingað til staðið af sér alla erfiðleika.

Í desember verða greidd atkvæði á þjóðþingi Ítalíu um vantrauststillögu á hendur Berlusconi. Hann hefur ekki lengur öruggan meirihluta á þinginu því fyrrverandi bandamaður hans, Gianfranco Fini, hefur sagt skilið við stjórnina ásamt fjórum ráðherrum úr flokki sínum, sem heitir Framtíð og frelsi.

Fini, sem er forseti neðri deildar þingsins, hefur hvatt Berlusconi til að segja af sér og stóð á mánudaginn við hótanir sínar um að segja sig frá stjórnarsamstarfinu.

Verði vantraust samþykkt verður boðað til þingkosninga. Vinsældir Berlusconis hafa dalað undanfarið en hann segist sannfærður um gott gengi í kosningabaráttunni.

Sama dag og vantrauststillagan kemur til atkvæða á þinginu, 14. desember, tekur stjórnarskrárdómstóll landsins til meðferðar umdeild lög, sem Berlusconi fékk samþykkt á þingi til þess að losna tímabundið undan réttarhöldum vegna spillingarmála og skattsvika. Samkvæmt lögunum má fresta slíkum málum ef sakborningar gegna embættum sem þeir hafa verið kosnir til. Margir telja lögin brjóta í bága við stjórnarskrá landsins. **- gb**

FYRRVERANDI SAMHERJAR Berlusconi og Fini á góðri stund. NORDICPHOTOS/AFP

Yfirlýsingagleði sýnir vanda evruríkjanna

Veiking evrunnar hjálpar skuldsettum evrulöndum með því að bæta skilyrði fyrir útflutningsgreinar þeirra. Orðræða um að skuldsett evrulönd ógni evrusvæðinu og ESB endurspeglar viðleitni til að auka stjórn ESB á fjármálum ríkja.

FRÉTTASKÝRING
Fjarar undan evrunni?

Evrópulönd sem hafa evru sem gjaldmiðil sendu í vikunni frá sér yfirlýsingu vegna stöðu Írlands og áréttuðu vilja sinn til að styðja við landið í skuldavanda þess, allt til að tryggja fjármálastöðugleika í evrulöndunum.

Umræðan hefur um margt verið á þá lund í vikunni að verulega halli á evruna. Þannig sagði Herman Van Rompuy, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, á mánudag að evrulöndin yrðu að vera samstíga ætti evrusvæðið að lifa af. Á Írlandi hefur umræðan svo verið á þá lund að evran kunni jafnvel að vera að líða undir lok.

Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, telur þó vandséð að evran sé í miklum vandræðum þótt einstök lönd lendi í vandræðum með bankakerfi sín. Bankavandamálin séu erfið viðureignar en evran virki fremur sem vörn fyrir hagkerfi þeirra við þessar aðstæður en sjálfstætt vandamál. „Ef hún veikist þá er það gott fyrir allar evruþjóðirnar," segir hann og bendir á að veikari evra komi til með að efla útflutningsgreinar í skuldsettum evrulöndum og hjálpa til við efnahagsbata þar.

> Ef Írar væru með sjálfstæðan gjaldmiðil væru þeir komnir okkar leið. Þeir hefðu ekki getað bjargað sínu myntkerfi.
>
> **GYLFI ZOËGA**
> HAGFRÆÐIPRÓFESSOR

Áhugavert verður, að mati Gylfa, að bera saman hvernig Íslandi og Írlandi reiðir af þegar fram í sækir. Staða Íra sé þó betri að því leyti að skuldir þeirra séu ekki verðtryggðar eins og hér og aukist því ekki við veikingu gjaldmiðilsins. Um leið sé Írland útflutningsland sem myndi græða mikið á veikingu evrunnar. „En við erum náttúruauðlindaland sem lítið tekur við sér utan að ferðamönnum fjölgar kannski aðeins."

Bankavandamál Íra og raunar Spánverja segir Gylfi eiga uppruna sinn í sprunginni fasteignabólu, en vandkvæði Grikklands séu af allt öðrum toga. „Grikkland er með ríkisgeira sem ekki er í lagi," segir hann og telur að velta megi því fyrir sér hvort þessi vandræði komi gjaldmiðlinum yfirhöfuð við. „Ef Írar væru með sjálfstæðan gjaldmiðil væru þeir komnir okkar leið. Þeir hefðu ekki getað bjargað sínu myntkerfi," segir Gylfi og bendir á að umræðan á vettvangi Evrópusambandsins nú sýni að Írar hafi bakhjarl í sínum efnahagsvandræðum. „Og það er gott, en svo leiðir reynslan bara í ljós hver verður betur staddur, við eða þeir."

Eiríkur Bergmann, dósent og forstöðumaður Evrópufræðaseturs, segir vanda evrusvæðisins hafa legið fyrir frá upphafi. „Hann felst einkum og sér í lagi í því að þarna er skilið á milli fjármálastjórnunar ríkja og peningamálastjórnunar. Menn vissu að þetta myndi leiða til vandræða," segir hann en kveður aðildarríki myntbandalagsins ekki hafa verið tilbúin að framselja yfirstjórnunarvald í ríkisfjármálum til sameiginlegrar yfirstjórnar þegar til þess var stofnað. Efnahagsþrengingar þær sem gengið hafa yfir heiminn hafi leitt þessar brotalamir enn fremur í ljós, segir Eiríkur. Hástemmdar yfirlýsingar ráðamanna Evrópusambandsins um vanda skuldsettra evruríkja séu tilraun til að beita þau agavaldi sem ekki fékkst með evrunni á sínum tíma.

„Menn vita að til að halda úti gjaldmiðli innan sextán ólíkra ríkja þá þarf meiri samstillingu í ríkisfjármálum en farið var af stað með," segir hann og vísar til hugmynda Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, um að taka upp heimild til að beita ríki sektum sem missi tök á ríkisfjármálum sínum. „Inn í þessa kröfu eru menn nú að tala. Þetta þýðir ekki í alvöru að menn séu að tala um að taka á ný upp gömlu ríkisgjaldmiðlana," segir Eiríkur, en útilokar ekki að þróunin gæti leitt til þess að ríkjum sem ekki séu tilbúin að gangast undir aukið boðvald sambandsins í ríkisfjármálum verði hent út úr evrusvæðinu. „En ansi margt þarf að ganga á til að það gæti gerst."

olikr@frettabladid.is

Í DYFLINNI Fáni Evrópusambandsins (ESB) speglast í rúðu í Dyflinni á Írlandi. Fjármálaráðherrar evruríkja ræddu í vikunni leiðir til að koma í veg fyrir að skuldavandi Íra hefði margfeldisáhrif á önnur skuldsett evrulönd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

GYLFI ZOËGA

Í kvöld frá 18-22

10-40% afsláttur!

©Disney/Pixar

Disney Jólagleði

ÁSKRIFENDUR OG VINIR

Fyrir alla áskrifendur og vini Eddu, Disney og Eymundsson

Munið árlegu jólagleði Disney í kvöld frá 18-22.
Komdu og vertu með okkur í jólaskapi í kvöld!
Náðu þér í Jólasyrpuna 2010 á undan öllum öðrum og gerðu frábær kaup í leiðinni. Fjölmörg skemmtileg tilboð á Disney-bókum, Disney-borðspilum, Disney-DVD og Disney-gjafavörum.

Komdu í kakó og piparkökur og taktu jólaskapið með þér á jólagleði Disney í kvöld!

Í kvöld frá 18-22.
Eymundsson Hallarmúla
Eymundsson Akureyri

JÓLA SYRPAN 2010

Vertu vinur Eddu á Facebook

edda Eymundsson

JÓLAMÖRGÆS Hægt og bítandi nálgast jólin og þá dettur sumum í hug að klæða mörgæsir í jólabúninga, eins og gert var í þessum dýragarði í Jongin í Suður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

Engin af rökum sakborninganna í Exeter-málinu fyrir frávísun halda vatni að mati dómara:

Frávísunarkröfu Exeter-manna hafnað

DÓMSMÁL Arngrímur Ísberg héraðsdómari hafnaði í gær frávísunarkröfu sakborninganna í svokölluðu Exeter-máli sérstaks saksóknara.

Sakborningarnir eru Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs, Ragnar Z. Guðjónsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri, og Styrmir Þór Bragason, fyrrverandi forstjóri MP banka. Þeir kröfðust frávísunar af þremur ólíkum ástæðum.

Sú fyrsta sneri að því að málið hefði ekki verið fullrannsakað. Ekki hefði verið kannað hversu vel Byr stóð þegar meint brot voru framin. Í niðurstöðu Arngríms segir: „Sérstakur saksóknari hefur metið gögn málsins svo að þau dygðu til útgáfu ákæru og byggir hann hana á þeim. Þetta mat hans girðir hins vegar ekki fyrir að fleiri gagna verði aflað og þau lögð fyrir dóminn.“ Ekkert hafi komið fram sem sýni fram á að rannsókn málsins sé áfátt.

Önnur ástæðan er sú að málið hafi ekki heyrt undir sérstakan saksóknara, enda hafi á þeim tíma gilt um hann lög sem kváðu á um að hann hafi aðeins mátt rannsaka mál sem voru í beinum tengslum við setningu neyðarlaganna. Það hafi þetta mál ekki verið. Þessu hafnar Arngrímur og telur að valdsvið sérstaks saksóknara hafi verið mun víðara.

Í þriðja lagi nefna sakborningar afskipti Evu Joly, sem hafi spillt fyrir málinu með ummælum sínum og fyrirmælum um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir. Arngrímur hafnar því að gjörðir Evu hafi spillt fyrir málinu. - sh

EXETER-MENN Á myndinni má sjá Styrmi Þór Bragason og Jón Þorstein Jónsson ásamt einum lögmannanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þrír mánuðir á skilorði:

Fjárdráttur úr sjóðum starfsmannafélags

DÓMSMÁL Tæplega fertug kona hefur verið dæmd í héraðsdómi í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að draga sér tæplega eina milljón króna úr sjóði starfsmannafélags Íbúðalánasjóðs. Konan gegndi starfi formanns starfsmannafélagins þegar þetta gerðist.

Í dóminum kemur fram að konan lét millifæra í 32 skipti peninga af reikningi félagsins inn á bankareikninga sína og ráðstafaði peningunum í eigin þágu. Hún játaði brot sitt.

Konan hefur ekki gerst sek um refsiverða háttsemi áður svo kunnugt sé. Henni var gert að endurgreiða starfsmannafélaginu.

- jss

Stjórnarandstaðan vill ekki niðurskurð hjá lögreglu:

Ráðherra segir nei

ALÞINGI Stjórnarandstæðingar á Alþingi gagnrýndu í gær harðlega áform um að skera niður framlög til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á fjárlögum næsta árs. Ríkisstjórnin var hvött til að endurskoða þau áform.

„Nei, það er ekki stefnubreytingar að vænta,“ sagði Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra. „Staðreyndin er sú að á Íslandi hefur orðið efnahagshrun. Við þessar aðstæður þurfum við að draga saman, einnig hjá lögreglunni.“

Ráðherrann og flestir þingmanna sem tóku til máls við umræðuna gerðu að umtalsefni það mikla traust sem lögreglan nyti í samfélaginu og það hve vel hún hefði tekist á við aukið álag í kjölfar efnahagshrunsins. Ögmundur vísaði á bug fréttum um að til stæði að færa starfsemi sérsveitar og fjarskiptamiðstöðvar Ríkislögreglustjóra undir embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, „enda munum við ekki ráðast í skipulagsbreytingar hjá lögreglunni án samráðs við lögregluna sjálfa og Landssamband lögreglumanna.“ -pg

Niðurskurður

Fjárframlög til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafa verið skorin niður árlega frá árinu 2007. Skornar voru niður 22 milljónir árið 2008, 155 milljónir króna árið 2009 og 205 milljónir á þessu ári. Samtals eru þetta 380 milljónir síðustu þrjú ár.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2011 er ætlunin að skera niður 170 milljónir til viðbótar hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu eða 5,4% miðað við framlög þessa árs.

VINDORKA Vindorkuver undan vesturströnd Jótlands í Danmörku, nærri Esbjerg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

PÁLL ÓSKAR OG EUROVISION-STJÖRNUR ÍSLANDS Í KÖBEN 5. MAÍ 2011

EINSTÖK TÓNLISTARUPPLIFUN FYRIR HÓPA OG KLÚBBA.

VERÐ Á MANN FRÁ:
87.900* KR. Í TVÍBÝLI
98.900* KR. Í EINBÝLI

GESTASÖNGVARAR:
Icy-hópurinn
(Pálmi Gunnarsson, Eiríkur Hauksson, Helga Möller)
Stebbi & Eyfi
Björgvin Halldórsson
Sigga Beinteins
Hera Björk
Jóhanna Guðrún
Selma Björns
Friðrik Ómar
Regína Ósk
Sigrún Eva

Eurovision-stórtónleikar í Cirkus í Kaupmannahöfn þar sem Páll Óskar skemmtir ásamt fjölda söngvara sem hafa allir tekið þátt í söngvakeppninni á árum áður.
Tónleikarnir fara fram undir borðhaldi þar sem snæddur verður glæsilegur þriggja rétta kvöldverður meðan listamennirnir skemmta gestum. Síðan verður dansleikur og stanslaust stuð til kl. 02.00 þar sem Páll Óskar sér um tónlistina og heldur uppi fjörinu eins og honum er einum lagið.

Nánari upplýsingar á www.icelandair.is

HOTELBOKANIR.IS

ICELANDAIR WWW.ICELANDAIR.IS

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði í eina nótt, aðgöngumiði á tónleika Páls Óskars og EUROVISION-stjarna ásamt þriggja rétta kvöldverði, aðgöngumiða á dansleik.

Best að virkja á Suðurlandi

Niðurstöður rannsóknarhóps Landsvirkjunar eru að Suðurlandsundirlendið henti líklega best til vindvirkjana hér á landi. Áhersla lögð á Ísland í samnorrænu rannsóknarverkefni um vindorku.

ORKUMÁL Suðurlandsundirlendið virðist vera það landsvæði sem hentar hvað best fyrir vindrafstöð hér á landi. Eru þetta niðurstöður rannsóknarhóps sem Landsvirkjun setti nýverið af stað til þess að kanna hvernig undirbúa mætti uppsetningu og rekstur vindrafstöðva á Íslandi.

Starf hópsins er hluti af Icewind, samnorrænu rannsóknarverkefni sem rannsakar mögulegar endurbætur í nýtingu vindorku á Norðurlöndunum. Sérstakri athygli er beint að Íslandi í verkefninu og mögulegri nýtingu vindorku hér á landi. Norræna ráðherranefndin veitti Icewind styrk fyrr á þessu ári að upphæð 12,3 milljóna norskra króna, eða rúmar 230 milljónir íslenskra króna. Veðurstofa Íslands er einnig meðal þeirra sem að verkefninu koma.

Úlfar Linnet, sérfræðingur í orkuathugunum hjá Landsvirkjun, segir að verið sé að skoða möguleikana á vindvirkjun hér á landi mjög alvarlega. Þátttaka og vægi hópsins í Icewind sýni meðal annars fram á það.

„Tilgangurinn er að Ísland verði samstíga hinum Norðurlöndunum,“ segir hann. „Við höfum vinnuna okkar á núllpunkti vegna þess að það hefur aldrei verið reist vindmylla hér á landi. En okkur miðar mjög vel.“

Í skýrslu iðnaðarráðuneytisins frá því í fyrra kemur meðal annars fram að kostir vindorku séu fyrst og fremst þeir að auðlindin sé ókeypis og vindrafstöðvar séu nær lausar við mengun. Á móti eru nefnd sjónarmið um að orkuframleiðsla vindorkuvera sé óstöðug, turnarnir skemmi útsýni og að þetta sé dýr leið til orkuframleiðslu.

Vindmyllur framleiða á bilinu 1 til 7 megavött af orku. Úlfar segir Ísland hafa forskot á hin Norðurlandaríkin hvað það varðar, en orka frá einni vindmyllu hér á landi sé að jafnaði um helmingi meiri en víðast erlendis.

„Hugsanlega væri hægt að byrja á því að reisa myllu sem væri 2 megavött,“ segir hann. „En það góða við Ísland er að ein mylla getur framleitt mun meiri orku heldur en á flestum stöðum erlendis. Mylla hér á landi getur framleitt af fullum krafti um 40 prósent tímans. Það er töluvert hærra hlutfall heldur en víða erlendis, þar sem það er oftast í kringum 30 prósent á sjó og um 20 prósent á landi.“

sunna@frettabladid.is

Eitthvað fyrir alla

Við bjóðum til bókajóla...

9.950,-

Alheimurinn
Fullt verð 12.990,-

3.950,-

Ein báran stök
Fullt verð 5.680,-

3.950,-

Allt fínt en þú?
Fullt verð 5.690,-

3.950,-

Morgunengill
Verð áður 5.690,-



3.950,-

Handritið að kvikmynd...
Fullt verð 5.690,-

3.450,-

Dagur kvennanna
Fullt verð 4.980,-

3.450,-

Stelpur
Fullt verð 4.990,-

1.850,- stk.

Fjörugur dagur og farartæki
Með hljóði. Fullt verð 2.690,-stk.



2.750,-

Þokan
Fullt verð 3.990,-

2.050,-

Loðmar
Fullt verð 2.990,-

4.150,-

Gleðileikurinn guðdómlegi
Fullt verð 5.990,-

4.150,-

Eitt þúsund tungumál
Fullt verð 5.990,-

Athugið að kynningarverð gilda aðeins til 22. nóvember 2010

Eymundsson.is

Eymundsson

Bóksali frá 1872

FRÉTTASKÝRING: Verður mögulegt að halda kosningar á Haítí?

Kosningabarátta í kólerufaraldri

Þingkosningar verða haldnar á Haítí í lok mánaðarins, níu mánuðum seinna en upphaflega stóð til. Þeim var frestað eftir jarðskjálftann mikla í janúar. Uppbyggingin eftir jarðskjálftann hefur gengið hægt og nú setur kólerufaraldur strik í reikninginn.

Jarðskjálftinn á Haíti í janúar kostaði um 300 þúsund manns lífið. Uppbygging hefur gengið mjög hægt, þrátt fyrir loforð helstu ríkja heims um öfluga aðstoð, og nú bætist kólerufaraldur ofan á allt saman.

Vandinn vanmetinn

Samkvæmt opinberum tölum hefur kólerubakterían nú lagt meira en þúsund manns að velli og sent um 16 þúsund manns á sjúkrahús. Hjálparstofnanir telja sumar að vandinn sé vanmetinn.

Eins og jafnan á hamfarasvæðum óttuðust margir að smitsjúkdómar myndu breiðast út í kjölfar jarðskjálftans. Engra slíkra sjúkdóma varð þó vart fyrr en um miðjan október, en síðan þá hefur kóleran breiðst hratt út um landið.

Ástæða kólerufaraldursins er skortur á hreinu vatni og góðri hreinlætisaðstöðu almennt, auk þess sem erfitt er að koma læknishjálp til fólks bæði í sveitum landsins og í borgunum, þar sem fólk hefst víða við í bráðabirgðahúsnæði og þéttbyggðum fátækrahverfum.

Kólera smitast með vatni og mat og veldur bæði háum hita og svæsnum niðurgangi. Þótt lítil smithætta sé af venjulegri snertingu fólks hafa margir áhyggjur af því að smithættan verði meiri þar sem margir eru saman komnir og hreinlætisaðstaða léleg.

Kosningar nálgast

Kólerufaraldurinn hefur þegar sett mark sitt á kosningabaráttuna. Í vikunni efndi Michel Martely, vinsæll söngvari sem jafnframt er í framboði, til kosningafundar og hópgöngu í bænum Crois-des-Bouquettes þar sem fólk gekk í kosningaham niður eina götuna, syngjandi, berjandi á trumbur og veifandi kosningaspjöldum.

FORSETAHÖLLIN Miklar skemmdir urðu á forsetahöllinni í Port-au-Prince í jarðskjálftanum í janúar. NORDICPHOTOS/AFP

Þúsundir manna biðu í almenningsgarði þar sem frambjóðandinn ætlaði að flytja ræðu sína.

Þegar gangan nálgaðist garðinn var hins vegar komið annað hljóð í strokkinn. Fólkið var farið að syngja: „Kólera! Kólera“ og inn á milli var skotið hrópum um óánægjuna sem grafið hefur um sig í samfélaginu.

Brosið stirðnaði á frambjóðandanum, sem var þó ekki lengi að átta sig á stöðunni og tók sjálfur að syngja hástöfum með fólkinu um kólerufaraldurinn.

„Við stundum kosningabaráttuna rétt eins og hér væri engin kólera,“ sagði Martely við blaðamenn stuttu seinna. „Svo við föðmum alla að okkur, erum hjá fólki og göngum með því – og vonum rétt eins og fólkið að við sleppum við smit.“

Óvissa

Kosningabaráttan hafði þó gengið nógu brösuglega áður. Lengi framan af var óljóst hve margir yrðu í framboði, og nú þegar aðeins ellefu dagar eru til kosninga hafa skoðanakannanir reynst bæði óáreiðanlegar og misvísandi.

Núverandi forseti, Rene Preval, hefur sætt mikilli gagnrýni fyrir að hafa ekki tekið uppbyggingarstarfið eftir jarðskjálftann nógu föstum tökum. Flokkur hans, Lespwa, á fyrir vikið erfitt uppdráttar.

Meðal forsetaframbjóðenda eru tveir fyrrverandi forsætisráðherrar, sem báðum hefur verið steypt af stóli. Einnig er eiginkona eins fyrrverandi forseta í framboði og einn verksmiðjueigandi vonast til að ná kjöri.

Jude Celestin, forstjóri byggingafyrirtækis í ríkiseigu, er með forskotið í að minnsta kosti einum skilningi: Dýr kosningaspjöld og auglýsingamiða frá honum er að finna víðar en auglýsingar nokkurs annars frambjóðanda. Söngvarinn Martely virðist einnig eiga góðu fylgi að fagna, enda þekktur fyrir söng sinn undanfarna áratugi og kann að höfða til fjöldans.

Meira en þúsund látnir

Kólerufaraldur hefur kostað á annað þúsund manns lífið á Haítí. Faraldurinn hefur breiðst út um næstum allt landið (rauðlituð héruð), en hans varð fyrst vart í Artibone-dal (bleiklitað svæði).

Heimild: Ministere de la Sante Publique et de la Population (MSPP) © GRAPHIC NEWS

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

ATHAFNAVIKA: Alþjóðleg keppni sprotafyrirtækja felur í sér tækifæri

Landsvirkjun, Innovit og Háskólinn í Reykjavík halda fund um nýsköpun í orkugeiranum:

Nýjar leiðir með aukningu vatnsrennslis

Háskólinn í Reykjavík (HR), Innovit og Landsvirkjun halda hádegisfund í húsnæði HR í dag um nýsköpun í orkugeiranum. Fundurinn er haldinn í tilefni Alþjóðlegu athafnavikunnar.

Frá árinu 2002 hefur Landsvirkjun tekið þátt í hinum ýmsu samnorrænu rannsóknarverkefnum á breytingum vatnsrennslis vegna loftslagsbreytinga.

Óli Grétar Blöndal Sveinsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Landsvirkjunar, heldur stuttan fyrirlestur undir yfirskriftinni: Áhrif loftslagsbreytinga á rennsli og nýtingu virkjana. Á fundinum mun Óli Grétar kynna nánari niðurstöður verkefnisins sem Landsvirkjun hefur staðið að.

„Niðurstöður rannsókna gefa vísbendingu um að hærra hitastig auki rennsli mikið í jökulám. Vatnsforði Landsvirkjunar er að mestu leyti bundinn í jöklum og munu þeir bráðna hraðar en áður var gert ráð fyrir," segir Óli. „Vitneskja um aukið rennsli er því mikilvæg vegna reksturs stöðva Landsvirkjunar."

Margt bendir til þess að miðað við núverandi spár um áframhaldandi hækkun hitastigs á landinu muni afrennsli frá jöklum aukast mikið umfram það sem nú þegar hefur gerst.

Óli segir að með því að taka mið af loftslagsbreytingum hafi verið hægt að spá fyrir um mikla aukningu í vatnsrennsli.

„Ef þessar rennslisspár rætast munu stöðvar Landsvirkjunar einungis geta nýtt hluta aukningar í rennslinu þar sem þær búa ekki yfir nægilegu afli," segir Óli. „Landsvirkjun vinnur nú að því að kanna með hvaða móti unnt er að bregðast við þessum breytingum í framleiðslu sinni."

Dagskrá fundarins í heild má finna á heimasíðu athafnaviku: www.athafnavika.is - sv

JÖKULSÁ Á BREIÐAMERKURSANDI
Landsvirkjun vinnur nú að því að finna út hvernig bregðast megi við auknu rennsli í jökulám landins með hækkandi hitastigi. MYND/VEGAGERÐIN

Stærri viðburðir hinn 18. nóvember

Athugið að listinn er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Athafnaviku: www.athafnavika.is

09.00 - 16.00
Opið hús hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands Akureyri
00.00 - 00.00
Hleðslutenglar vígðir í Toppstöðinni
10.00 - 14.00
Stuðningur við frumkvöðla á Íslandi
11.30 - 13.30
Athafnahádegi Actavis
12.00 - 13.00
Nýsköpun í orkugeiranum, Landsvirkjun, HR og Innovit
13.00 - 19.00
Fab Lab smiðja, opið hús
17.00 - 18.00
Snilldarlausnir Marel – verðlaunaafhending
18.00 - 22.00
Nýsköpun - Travelling salesman frá Finnlandi

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Ópólitísk stjórnsýsla aðskilin frá pólitísku valdi

Stjórnlagaþings frambjóðandi
Björn Einarsson
læknir og heimspekinemi
Nr. 6340
Heimasíða með myndskeiði
www.bjorneinarsson.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS KJARNABRAUÐ
159 KR 500g

BÓNUS NÝBKAÐIR KORNKUBBAR
198 KR 4 STK

BÓNUS GULRÓTARKAKA
898 KR 760g

BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
10% & 18% 185ml

Robin klementínur 2,3 KG
Toppurinn í klementínunum

FILIPPO BERIO
ÓLÍFUOLÍA 500ml
+50% MEIRA MAGN
TAKMARKAÐ FRAMBOÐ
2000 FLÖSKUR Í BOÐI
498 KR.

HOLLENSK NÝ PAPRIKKA:
GUL-GRÆN-RAUÐ 380g.

OS JÓLASMJÖR
215 KR. 500g

AKURSEL: GLÍFRÆNT RÆKTAÐAR
GULRÆTUR 500g

engifer
Engifer heilsudrykkur með
minntu & lime. *100% ferskt hráefni*
298 kr. 1/2 ltr.

Rafræna Bónus
gjafakortið er
vinsælasta jólagjöfin
í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið,
kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus**
og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16
alla virka daga.

KNORR HRÍSGRJÓNARÉTTIR 280-320g

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETUR

DUNI STERIN KERTI
10 STK. RAUÐ / HVÍT

ALI BAYONNESKINKA
1.FLOKKUR ÚR GRÍSALÆRI
998 KR/KG.

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

KJARNAFÆÐI
FERSKT
KJÖTFARS 620g

Jóla serviettur
DUNI 33 SM 20 STK.
298 KR.

EUROSHOPPER FROSNAR
KJÚKLINGABRINGURI

NAUTAVEISLA: FJÓRIR 80g
NAUTABORGARAR MEÐ BRAUÐI

MACKINTOSH ***2 KG DÓS***
QUALITY STREET

PRÓFAÐU AÐ MATBÚA ÓSVIKIÐ ÍTALSKT
SPAGHETTI BOLOGNESE www.bonus.is/uppskriftir

NV FERSKT NAUTAHAKK

ES SPAGHETTI 1 KG.

GK SUÐUSÚKKULAÐI 300g

CADBURY COCOA KAKÓ 250

MH SMJÖRLÍKI 500g

TRÓPI 3x250ml **EPLA/APPELSÍNU**

4 FLÖSKUR 2 LTR. PEPSI & PESI MAX

BÓNUS APPELSÍN

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

ELDA MAT FYRIR FÁTÆKA Um tvö þúsund konur í Suður-Kóreu komu saman í Seúl í vikunni að elda mat handa fátækum, sem borgarstjórnin dreifði í vetrarbyrjun. NORDICPHOTOS/AFP

Meintur brotamaður á Amager í Kaupmannahöfn gæti verið raðnauðgari:

Er grunaður um fleiri ódæði

KAUPMANNAHÖFN Hálffimmtugur maður er nú í gæsluvarðhaldi í Danmörku, grunaður um að minnsta kosti tvær nauðganir og eitt morð á tuttugu ára tímabili. Hann gæti tengst enn fleiri málum en síðustu daga hafa fjölmargar konur stigið fram og tilkynnt nauðganir á síðustu árum sem aldrei komu til kasta lögreglu.

Upp komst um manninn í kjölfar nauðgunar á 17 ára stúlku í síðasta mánuði, en lífsýni úr smokki sem fannst nálgægt vettvangi tengdi árásirnar þrjár saman. Málin sem um ræðir er annars vegar morð á fertugri konu árið 1990 og nauðgun frá árinu 2005.

Eftir að lýst var eftir vitnum þrengdist hringurinn um þann grunaða, sem var handtekinn um helgina, og virðast lífsýni úr honum passa við þau sem fundust á vettvangi glæpsins. Í gær birtist svo í BT ítarlegt viðtal við föður stúlkunnar sem varð fyrir síðustu árásinni, og segir hann að dóttir sín hafi borið kennsl á manninn af ljósmyndum. Ove Dahl, yfirmaður morðdeildar lögreglunnar í Kaupmannahöfn, sagði í samtali við fjölmiðla að þeir væru nú að skoða fjölmörg óleyst morð og nauðgunarmál frá lokum níunda áratugarins og bera saman við þetta mál. - þj

FRÁ KAUPMANNAHÖFN Fjöldi kvenna hefur komið fram í kjölfar handtöku Amager-nauðgarans.

Efla samstarf bæjar og kirkju:

Presturinn hitti eldri borgarana

SVEITARSTJÓRNARMÁL Auka á samstarf á milli kirkju og eldri borgara í Stykkishólmi. Samkvæmt tillögu þjónustuhóps aldraðra á íþrótta- og tómstundafulltrúi bæjarins að koma á þessu aukna samstarfi sem sagt er geta verið af margvíslegum toga.

„Í kirkjunni væri til dæmis hægt að hafa stundu með prestinum og bjóða svo upp á súpu í safnaðarheimilinu. Þarna gæti ef til vill komist á samstarf við skólana," segir í tillögunni sem bæjarráð samþykkti. - gar

Nýtt hjartalyf prófað vestra:

Virðist boða breytta tíma

BANDARÍKIN, AP **Bandarískir læknar eru himinlifandi yfir óvenju góðum árangri af nýju lyfi, sem dregur úr slæmu kólesteróli í blóði.**

Lyfið er enn á tilraunastigi en læknarnir segja það vekja vonir um nýjar leiðir til að koma í veg fyrir hjartaáfall og heilablóðfall.

Niðurstöður fyrstu tilrauna með lyfið voru kynntar á ráðstefnu bandarískra hjartalækna í Chicago.

„Gögnin virðast stórkostleg, betri en nokkur hefði búist við," segir Robert Eckel, hjartasérfræðingur við Colorado-háskóla, sem fylgdist með kynningunni.

Frekari rannsóknir á lyfinu, sem nefnist anacetrapib, skila þó ekki niðurstöðum fyrir eftir nokkur ár. - gb

Rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst:

Sala á raftækjum eykst verulega

VERSLUN Sala á raftækjum í október hefur aukist um 19 prósent samanborið við október í fyrra. Verð á raftækjum hefur að sama skapi lækkað um 5,7 prósent á milli ára.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar á smásöluvísitölu Rannsóknarseturs verslunarinnar hjá Háskólanum á Bifröst.

Raunvelta raftækjaverslana hefur komist á skrið á síðustu mánuðum, en síðan í apríl hefur hún aukist um tæp 65 prósent. Flokkur raftækja er eini vöruflokkurinn þar sem verð hefur lækkað á milli ára, samkvæmt verðmælingu Hagstofunnar.

Sala áfengis dróst saman um rúm átta prósent í október miðað við sama mánuð í fyrra. Verð á áfengi hefur hækkað um rúm fimm prósent á milli ára.

Íslendingar kaupa mun minna af skóm í ár en í fyrra, en velta skóverslunar hefur minnkað um níu prósent á milli ára. Verð á skóm hefur einnig hækkað um níu prósent. Einnig hefur verð á húsgögnum hækkað um tæp sjö prósent og hefur velta húsgagnaverslana dregist saman um sex prósent. Þá hefur velta sérverslana með rúm minnkað um tæp átján prósent frá því í fyrra.

Niðurstöður könnunarinnar benda einnig til þess að neytendur kaupi frekar föt á útsölum nú en undanfarin ár vegna sveiflna í sölutölum í útsölumánuðum. - sv



HEILSUVERND Í heilbrigðisráðuneytinu er vilji til að sameinað Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð verði til húsa í gömlu Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ráðuneytið vill dýrara húsnæði

Framkvæmdasýsla ríkisins leggur til að ný ríkisstofnun verði í húsnæði þar sem ársleigan er 29 milljónir. Heilbrigðisráðuneytið vill fá inni í Heilsuverndarstöðinni á Barónsstíg þar sem ársleigan er 41 milljón.

ALÞINGI Heilbrigðisráðuneytið vill að ný sameinuð stofnun Lýðheilsustöðvar og Landlæknisembættisins verði til húsa í gömlu Heilsuverndarstöðinni á Barónsstíg.

Þar er húsaleiga milljón krónum hærri á mánuði en af húsnæði sem Framkvæmdasýsla ríkisins leggur til að stofnunin leigi.

Þetta kemur fram í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarp heilbrigðisráðherra um sameiningu Lýðheilsustöðvar og Landlæknisembættisins.

Framkvæmdasýslunni var fyrr á árinu falið að auglýsa eftir húsnæði fyrir nýju stofnunina. Ellefu tilboð bárust og var lagt til að samið yrði um leigu að Laugavegi 178. Um er að ræða 1.620 fermetra húsnæði og er leiguverðið 1.500 krónur á fermetra. Nemur ársleiga því 29 milljónum króna.

„Heilbrigðisráðuneytið óskaði hins vegar eftir því að ganga til samninga um hluta húsnæðis Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg. Þar er um að ræða 1.850 fermetra húsnæði og er leiguverð 1.850 krónur á fermetra, þ.e. ársleiga upp á 41 milljón króna," segir í umsögn fjárlagaskrifstofunnar. Mismunurinn er tólf milljónir á ári, eða 41 prósent.

17 ár eru eftir af leigusamningi um núverandi húsnæði Landlæknisembættisins á Seltjarnarnesi.

Þá er upplýst að sautján ár séu eftir af leigusamningi um núverandi húsnæði Landlæknisembættisins á Seltjarnarnesi en ársleiga þar er 24 milljónir.

Mögulegt sé að framleigja húsnæðið en vegna aðstæðna á fasteignamarkaði sé ólíklegt að sama verð fáist. Takist ekki að semja um lækkun leigunnar falli mismunurinn á nýja emættið eða heilbrigðisráðuneytið. Þess muni gæta í rekstri stofnunarinnar sem þurfi að forgangsraða enn frekar en ella vegna húsnæðismálanna.

Í greinargerð frumvarpsins segir að meginmarkmið sameiningarinnar sé að starfrækja eitt öflugt embætti á sviði lýðheilsu- og heilbrigðismála.

Við sameiningu skapist tækifæri til að styrkja og efla starfið enn frekar en nú er. Samhliða verði unnt að auka hagkvæmni í rekstri, draga úr yfirbyggingu og samnýta mannafla betur en hingað til. bjorn@frettabladid.is



Jólin í Dorma!

Við erum með fleira en dýnur og gorma...

Happy Christmas
ilmur mánaðarins
á 25% afslætti

YANKEE CANDLE®
a passion for fragrance®

Hver er þinn jólailmur?

Yfir 40 ilmtegundir

MEÐ RÚMFATAGEYMSLU

69.900,-
Frábær svefnsófi

MIKIÐ ÚRVAL

3.890,-
Sængurverasett

20% afsláttur
Serta heilsurúm

20% afsláttur
Stillanlegt heilsurúm

ÞÆGILEGUR

69.900,-
Hægindastóll í tau

ELLEFU LITIR

499,-
Handklæði 50x100 cm

HVÍTUR GÆSADÚNN

14.900,-
Dúnsæng

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 10-17
Sun frá kl. 13-17

DORMA
– býður góða nótt

Ilmstrá
mikið
úrval!

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

FRÉTTASKÝRING: Friðlýst svæði á Íslandi

Dynjandi

Friðlýst: 1986.
Verndun: Stærsti og tilkomumesti foss á Vestfjörðum.
Veikleikar: Engir innviðir, átroðningur.
Ógnir: Lítið eftirlit, öryggismál.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar, fræðsla, landvarsla.

Hveravellir 2

Verndun: Hverasvæði.
Friðlýst: 1975 (1960).
Veikleikar: Lítið svæði, sauðfé, viðkvæmt vistkerfi.
Ógnir: átroðningur mikill, utanvegaakstur hestamanna (trúss) við Kjalveg, stjórnlaus umferð, lúpína.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar, uppbygging göngustíga og palla, stýring umferðar, bætt aðkoma, merkingar, vegvísar, upplýsinga- og viðvörunarskilti. Viðvera landavarða, fræðsla.

Mývatn

Friðlýst: 1974
Verndun: Fjölbreytt dýralíf, sérstakar jarðmyndanir og ólík mikilvæg vistkerfi á heimsvísu.
Veikleikar: Viðkvæm vistkerfi skordýra, fugla, fiska og gróðurs.
Ógnir: Virkjanaáform, röskun á vatnsgæðum, kúluskítur (grænþörungur) á undanhaldi,
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar í vinnslu, tryggja að virkjanaáform hafi ekki áhrif á lífríki.

Sultarbrandsgil 3

Friðlýst: 1975.
Verndun: Steingervingar í setlögum.
Veikleikar: Engir innviðir fyrir ferðamennsku, allur skaði óafturkræfur.
Ógnir: Slæm umgengni, steinataka, villandi gönguleiðir.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar, efla landvörslu, umsjónarsamningur við ábúendur og sveitarfélag, leiðrétta upplýsingar í ferðabókum.

Kringilsárrani

Friðlýst: 2003.
Verndun: Búsvæði gæsa og hreindýra. Minjar um jökulframrásir og jökulhop. Sérstakur gróður.
Veikleikar: Vistkerfi breyst við gerð Hálsalóns.
Ógnir: Sandfok og uppblástur.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar.

Grábrókargígar 2

Friðlýst: 1975 (1962).
Verndun: Sérstakar jarðmyndanir.
Veikleikar: Viðkvæmar jarðmyndanir og gróður.
Ógnir: Ágangur ferðamanna, rusl, hópsamkomur, vantar salerni.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar, skipulag, skilti, tengilið á Bifröst, upplýsingagjöf, Bifröst taki við umsjón svæðisins.

Helgustaðanáma 3

Friðlýst: 1975.
Verndun: Frægasta silfurbergsnáma heims.
Veikleikar: Svæðið hefur enga innviði til að taka á móti ferðamönnum.
Ógnir: Ásókn ferðamanna, steinar teknir í auknum mæli, ekkert eftirlit.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar, meta verndargildi, eftirlit, fræðsluefni, merkingar.

Friðland að Fjallabaki 1

Friðlýst: 1979.
Verndun: Landslag, gróður og dýralíf.
Veikleikar: Svæðið sótt allt árið, viðkvæmur gróður
Ógnir: Ágangur ferðamanna, þolmörk ferðamennsku náð 2003, utanvegaakstur, lúpína.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar, betra viðhald vega og afmörkun gönguleiða, landverðir allt árið, fræðsla/merkingar.

Hraunfossar

Friðlýst: 1987.
Verndun: Sérstök náttúra.
Veikleikar: Viðkvæmur gróður og hraun.
Ógnir: Fjölgun ferðafólks, sauðfé.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar, upplýsingar/merkingar, gönguleiðir.

Teigarhorn 1

Friðlýst: 1975.
Verndun: Þekktasti fundarstaður geislasteina í heiminum.
Veikleikar: Jarðmyndanir viðkvæmar fyrir raski.
Ógnir: Fjöldi ferðamanna, steinataka.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar, varsla/eftirlit, fræðsla/upplýsingagjöf

Gullfoss 1

Friðlýst: 1979.
Veikleikar: Viðkvæmt fyrir ágangi ferðamanna (390.000 árið 2008/2009).
Ógnir: Öryggismál, rusl, gamlir stígar, mannvirki þreytt, gróðurþekja rofin, Sigríðarstofu mjög ábótavant.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar og heildarstefnu á svæðinu, gerð útsýnispalls við klettabrún, stórbætt viðhald.

Dyrhólaey 3

Friðlýst: 1978.
Verndun: Fuglavernd, landslagsvernd.
Veikleikar: Viðkvæmt náttúra, vantar innviði vegna ferðamanna,
Ógnir: Umferð ferðamanna, deiliskipulag ekki framkvæmt, Ósætti um stjórnun, fuglalíf á undanhaldi.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar, landvarsla yfir, úrbætur í öryggismálum og uppl. gjöf.

Reykjanesfólkvangur 2

Friðlýst: 1975.
Verndun: Jarðfræði á heimsvísu/eldstöðvar og hraun. Mannlífsminjar. Víðerni nálægt þéttbýli.
Veikleikar: Viðkvæm hverasvæði.
Ógnir: Jarðhitanýting, efnistaka, úrgangur frá fyrirtækjum, sauðfé, utanvegaakstur, vélhjól, lúpína.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar, heilsárslandvarsla, fræðsla, upplýsingagjöf, merkingar, stikun gönguleiða.

Eldborg í Bláfjöllum

Friðlýst: 1974.
Verndun: Sérstakar jarðmyndanir.
Veikleikar: Viðkvæm náttúra.
Ógnir: Rusl, brotajárn, umferð.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar, upplýsingar/merkingar.

Geysir 1

Friðlýst: Ekki friðlýst
Verndun: Svæðið talið sérstakt á heimsvísu.
Veikleikar: Mjög viðkvæmt vistsvæði, svæðið mjög lítið og erfitt að dreifa gestum.
Ógnir: Fjölsótt, landeigendur í deilu við ríkið, jarðvegsrof, slæm aðkoma, slæm umgengni, stígar og skilti í slæmu ástandi, öryggismál.
Tækifæri: Gerð verndaráætlunar, fá landvörð fyrir svæðið, skipulag og framtíðarsýn, friðlýsing.

- **Rauði listinn** Þau svæði sem Umhverfisstofnun telur að séu undir miklu álagi sem bregðast þurfi við strax.
- **Appelsínuguli listinn** Tilgangur appelsínugula listans er að benda á þau svæðið sem umhverfisstofnun telur að séu undir töluverðu álagi og að fylgjast þurfi sérstaklega með og í sumum tilfellum að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir áframhaldandi röskun þeirra.

Forgangsröðun svæða

Að beiðni umhverfisráðuneytis eru framangreind svæði flokkuð í þrjá mismunandi forgangsflokka. Í flokki 1 er að finna svæði sem að mati Umhverfisstofnunar er brýnast að stöðva rýrnun verndargildis viðkomandi svæða. Umhverfisstofnun bendir á að neðangreind flokkun er byggð á skýrslum landvarða og upplýsingum sem stofnunin hefur undir höndum t.a.m. frá sveitarfélögum og náttúruverndarnefndum ásamt öðrum heimildum. Ekki hefur farið fram vísindaleg úttekt á ástandi svæðanna sem byggja má flokkunina á.

1. Flokkur
- Gullfoss og Geysir
- Teigarhorn
- Friðland að Fjallabaki

2. Flokkur
- Reykjanesfólkvangur
- Grábrókargígar
- Hveravellir

3. Flokkur
- Surtarbrandsgil
- Helgustaðanáma
- Dyrhólaey

Náttúruperlur að tapa gildi sínu vegna álags

Margar af helstu náttúruperlum Íslands eiga á hættu að tapa gildi sínu, verði ekki brugðist við sívaxandi umferð ferðamanna. Níu svæði eru undir svo miklu álagi að bregðast þarf við tafarlaust.

Umhverfisstofnun (UST) hefur kortlagt ástand friðlýstra svæða að beiðni Umhverfisráðuneytisins. Sú mynd sem þar er dregin upp er grafalvarleg. Aðkallandi er að bregðast strax við ef fjölmargar náttúruperlur eiga ekki að bera óafturkræfan skaða af sívaxandi álagi, en friðlýst svæði eru eðli sínu samkvæmt vinsælir áfangastaðir ferðamanna.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir málið aðkallandi og tók það upp á ríkisstjórnarfundi nýlega. „Sú alvarlega staðreynd blasir við að ágangurinn á nokkur af okkar verðmætustu svæðum er orðinn slíkur að þau eru að glata verndargildi sínu, og verða ekki sá segull í framtíðinni sem ferðaþjónustan þarf á að halda.“

Umhverfisstofnun segir nauðsynlegt að grípa til tafarlausra aðgerða á níu friðlýstum svæðum. Meðal þeirra eru Gullfoss og Geysir og friðland að Fjallabaki sem nær meðal annars yfir Landmannalaugar og hina vinsælu gönguleið Laugaveginn. Átta önnur svæði eru á válista UST þar sem nauðsynlegt er talið að bregðast við á ýmsan hátt.

> Ef þessi svæði sem hér eru sérstaklega nefnd glata verndargildi sínu frekar en nú er orðið getum við staðið frammi fyrir því að við verðum að takmarka aðgang að þeim.
>
> **SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**
> UMHVERFISRÁÐHERRA

Svandís segir að skapa verði grundvöll, til dæmis tekjustofn, til að sinna friðlýstum svæðum betur en hefur verið gert til þessa dags. „Ef þessi svæði sem hér eru sérstaklega nefnd glata verndargildi sínu frekar en nú er orðið getum við staðið frammi fyrir því að við verðum að takmarka aðgang að þeim. Það er niðurstaða sem enginn vill sjá, hvorki ferðaþjónustan né við sjálf.“

Svandís segir að vandinn sé slíkur að nauðsynlegt hafi verið að draga hann fram með sérstakri úttekt UST. „Ég óskaði eftir því að það yrði listað upp með skýrum hætti hvaða svæðum sé helst ógnað. Það er forsenda þess að ferðaþjónustan nái að byggja sig upp og verða sú öfluga atvinnugrein sem við viljum treysta á að vinni okkur út úr hruninu.“

Gjaldtaka inn á friðlýst svæði hefur verið í umræðunni um nokkurt skeið. Svandís segir þá helst hafa komið til greina að taka upp komugjöld; gjald sem lagt er á ferðamenn sem koma inn í landið. Það hefði þann kost að hægt væri að beina fjármagninu beint til þeirra svæða sem eru undir mestu álagi. Það myndi jafnframt nýtast til að byggja upp á öðrum friðlýstum svæðum og í þjóðgörðunum, að mati Svandísar. „Verndun friðlýstra svæða felst ekki síst í fyrirbyggjandi aðgerðum.“

Það vekur athygli í úttekt UST að engin verndaráætlun er til fyrir þau sautján svæði sem eru í mestri hættu. Hins vegar voru öll svæðin sem talin eru í mestri hættu friðlýst á árunum 1975 til 1979 með þeirri undantekningu að Geysir hefur ekki verið friðlýstur. Þar gilda hins vegar sérstakar umgengnisreglur settar af Geysisnefnd.

Friðlýst svæði á Íslandi eru 102 talsins, en umfang þeirra, eðli og ástand er eins misjafnt og svæðin eru mörg. UST hefur nú umsjón með 62 svæðum ef ekki eru með taldir fólkvangar eða önnur verndarsvæði sem eru í umsjón sveitarfélaga eða lögaðila.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

MEIRA Á **urvalutsyn.is**

VERTU TIL...

... ÞVÍ ALPARNIR KALLA Á ÞIG!

Frábært skíðatilboð!

Vika á skíðum
í Madonna á Ítalíu frá:

131.975 kr.

Verð á mann m.v. 4 fullorðna í viku
í íbúð á Residence Ambiez.
Brottför: 26. feb 2011

Ævintýrin gerast í Ölpunum!

Hvort sem um er að ræða gamlar skíðakempur eða fólk sem er að fara í fyrsta sinn á skíði, finna allir brekkur við sitt hæfi í Ölpunum. Gott veður, nægur snjór, frábærar brekkur, ítölsk martargerð og skemmtilegur félagsskapur í heilnæmu fjallalofti Alpanna er eitthvað sem allir ættu að upplifa.

Skíðaáfangastaðir: Madonna Di Gampiglio (Ítalía), Selva Val Gardena (Ítalía) og Davos (Sviss)

Ath!

Ef þú bókar skíðaferð hjá okkur þá látum við bera undir skíðin þín og brýna kantana frítt hjá Útilíf!*

ÚRVAL·ÚTSÝN

MEIRA Á **urvalutsyn.is**

Lágmúli 4 108 Reykjavík // sími: 585 4000 // info@uu.is

* Framvísa þarf farseðli til að fá kaupaukann frá Útilíf í Glæsibæ.

LAGERSALA

olís

LAGERINN FLYTUR O

Bílavörur

Heimilispappír
og rekstrarvörur

Efnavörur

Hreinlætisefni
og -áhöld

Vinnuvettlingar
og -fatnaður

Ferða-
og grillvörur

Byggingavörur

Útgerðar- og
sjávarútvegsvörur

Verkstæðisvörur

OPIÐ 10-22 FIM. 18 NÓV

FÖS-LAU-SUN
MÁN-ÞRI-MIÐ 10-18

40-80% AFSLÁTTUR

G ALLT Á AÐ SELJAST

Garðvörur

Verkfæri

Veiðivörur

Ýmis gjafavara

HAMMERTIME

Þeir sterkustu komast í pott!

Þeir sem búa yfir nægum slagkrafti
til að láta bjölluna hringja fara í pott
sem dregið verður úr kl. 21.00.
Hinn heppni hlýtur að launum
50.000 kr. inneign á lagersölunni.

UPPBOÐ

Fimmtudaginn 18. nóv.
Siggi Hlö stýrir uppboði sem enginn má missa af.

Kl. 14.00	Verð	Upphafstilboð
Campingaz gasgrill	70.000	19.000
Perception kajak	205.000	80.000
... og margt fleira		
Kl. 17.00		
Campingaz gasgrill	70.000	19.000
Loop tvíhenda 12 fet	82.000	25.000
Telwin Plasama rafskurðarvél	800.000	90.000
... og margt fleira		
Kl. 20.30		
Campingaz gasgrill	70.000	19.000
Telwin Plasama rafskurðarvél	800.000	90.000
... og margt fleira		

VIÐ ERUM HÉR

AÐ KLETTAGÖRÐUM 21

FLATKÖKUR 2000-2010
Fjórar hálfsneiðar í pakka

ÁR	KRÓNUR
2000	65
2005	76
2010	128

Heimild: Hagstofa Íslands.

GÓÐ HÚSRÁÐ KERTALJÓS ER SVARIÐ

Sigmar Guðmundsson, sjónvarpsmaður og ritstjóri Kastljóss.

Sjónvarpsmaðurinn góðkunni Sigmar Guðmundsson segist ekki beint vera þekktur fyrir ofuráherslu á húsverk eða heimilisstörf, og vart þess umkominn að gefa öðrum ráð í þessum efnum.

„Ég er svo innilega ekki maðurinn til að svara þessu, en eina húsráðið sem ég kann og mér finnnst virka, er að ef mikið ryk eða skítur er heima hjá þér er best að slökkva ljósin og kveikja á kertum."

KJÖTBORÐ Verð á kjöti lækkar um tæplega tuttugu prósent í Hagkaupum, en kjötborð eru ekki nema í hluta verslana fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Vöruverð lækkar í Nóatúni og Hagkaupum:

Umtalsverðar lækkanir

NEYTENDUR Verð á vörukörfu ASÍ hefur lækkað umtalsvert í Nóatúni og Hagkaupum frá því að verð var kannað síðasta sumar. Verðið breytist lítið í lágvöruverðsverslunum, samkvæmt nýrri verðmælingu verðlagseftirlits ASÍ.

Verð á vörum í körfu ASÍ lækkaði um 8,2 prósent í verslunum Hagkaupa og 5,1 prósent í verslunum Nóatúns frá því í júní. Nánast allir vöruflokkar höfðu lækkað umtalsvert í þessum verslunum, samkvæmt samantekt ASÍ.

Á sama tíma hefur verðið hækkað um 3,5 prósent í Samkaupum-Úrvali, um 3,1 prósent í Nettó, um 1,4 prósent í Kosti og um 1,1 prósent í Samkaup-Strax.

Verðið stendur því sem næst í stað í lágvöruverðsverslunum Bónus og Krónunni, sem og í klukkubúðunum 10-11 og 11-11.

Í vörukörfu ASÍ eru allar almennar mat- og drykkjarvörur, auk hreinlætis- og snyrtivara. - þj

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI
Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.
VÍSIR.IS

NEYTANDINN: Magnús Skarphéðinsson þjóðsagnasafnari með meiru

Smárit opnaði dyr að heiminum

„Ég keypti einu sinni ósköp flotta rauða eða appelsínugula treyju úr gerviefni sem leit vel út á slá í versluninni Adam, sem var tískuvöruverslun unga fólksins í kringum 1978. Þá var ég á bilinu 22 til 23 ára og hún kostaði mig nærri hálfa sumarhýruna. Þegar ég kom heim reyndist treyjan of lítil, hún var þröng um axlirnar. Ég var í henni í nokkur skipti. Þegar ég svo þvoði hana litaði hún út frá sér og eyðilagði fyrir mér skyrtu og trefil," segir Magnús Skarphéðinsson, formaður Sálarrannsóknafélagsins, forseti Músavinafélagsins og þjóðsagnasafnari. Hann notaði treyjuna ekki upp frá því og viðurkennir að síðan þá hafi hann ætíð verið í vörn í fatakaupum. „Þetta voru örugglega einhver ömurlegustu kaup sem ég hef á ævinni gert."

Bestu kaupin segir Magnús lítið kver sem hann keypti í bókaversluninni Eymundsson sextán ára gamall. „Þetta var smárit upp á kannski þrjátíu blaðsíður eftir Þorstein Guðjónsson um líf á öðrum hnöttum. Það var hugljómun fyrir mig. Alheimurinn varð svo miklu stærri og flóknari en margir héldu. Ritið leiddi mig áfram í geimverufræðin, spírítismann og mótaði stóran hluta lífs míns á endanum," segir Magnús.

Þróun eldsneytis- og hráolíuverðs

Eldsneytisverð (án skattaáhrifa) og hráolíuverð úti í heimi (í krónum) - vísitala 100 stig. desember 2009



Gagnrýna hækkun eldsneytisverðs og vilja rök

Olíufélögin hækka eldsneytisverð á meðan heimsmarkaðsverð á olíu lækkar. Lítrinn kostar nú um 200 krónur hvar sem er á landinu. Neytendasamtökin og FÍB gagnrýna hækkanir og vilja sjá rökin fyrir þeim.

Álagning olíufélaganna á eldsneyti hér á landi hefur hækkað nokkuð þegar útsöluverð er skoðað í samanburði við heimsmarkaðsverð á hráolíu. Þetta kemur fram í Markaðspunktum Arion banka sem komu út í gær. Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) og Neytendasamtökin hafa mótmælt hækkuninni harðlega.

Útsöluverðið á bensíni hækkaði nokkuð hjá öllum olíufélögum í vikunni og er nú á bilinu 199,8 krónur upp í 201,4 krónur þegar litið er til landsins í heild. Ódýrast er það hjá Orkunni, en hæst hjá Shell, en bæði félögin heyra undir sama móðurfyrirtæki, Skeljung hf.

DÝR DROPINN Hækkanir á útsöluverði eldsneytis virðist vera vegna aukinnar álagningar olíufélaganna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í Markaðspunktum er sýnt fram á að heimsmarkaðsverð á hráolíu, umbreyttu í íslenskar krónur, hafi lækkað um 6 prósent frá áramótum á meðan útsöluverð olíufélaganna, án opinberra gjalda, hefur hækkað um 3 prósent.

Þetta er í samræmi við frétt Fréttablaðsins nýverið þar sem vísað var í tölur FÍB til að sýna fram á hækkun álagningar, en þessi nýjasta hækkun hefur mætt hörðum viðbrögðum hjá FÍB, sem og Neytendasamtökunum.

Í grein á heimasíðu samtakanna, www.ns.is, er þess krafist að olíufélögin lækki nú þegar verð á bensíni og olíu. „Ef olíufélögin telja sér ekki fært að verða við því ætlast Neytendasamtökin til að þau rökstyðji hækkanir sínar og hverjar séu ástæður þeirra," segir þar í niðurlagi . - þj

Hlutdeild íslenskra jólatrjáa á markaðnum hefur verið að aukast:

Stafafuran óvenjufalleg í ár

Jólatrjáauppskera íslensku stafafurunnar þykir óvenjufalleg í ár. Þröstur Eysteinsson, sviðsstjóri þjóðskóga hjá Skógrækt ríkisins, bendir á að óski fólk eftir tré þessi jól sem sé barrheldið og þurfi lítið sem ekkert að hugsa um ætti stafafuran að henta vel. Rauðgrenið, fjallaþinur og norðmannsþinur séu einnig barrheldin tré, en hafa beri í huga að norðmannsþinurinn sé í flestum tilfellum fluttur inn frá Danmörku.

Þröstur segir það verða æ algengara að fólk geri sér þann dægramun að fara sjálft og höggva sér jólatré á vegum skógræktarfélaga víðs vegar um landið.

STAFAFURA Trén eru ein þau barrheldnustu sem í boði eru á markaðnum fyrir jólin. MYND/ÚR SAFNI

„Hlutdeild íslenskra jólatrjáa hefur aukist undanfarin ár," segir hann. „Það eru skógræktarfélögin sem hafa þar verið að koma sterk inn, sérstaklega með því að bjóða fólki að koma og höggva sjálft."

Þau stofujólatré sem Skógrækt ríkisins selur koma flest úr Haukadal, Þjórsárdal og Vöglum við Þelamörk. Þröstur segir uppskeruna í ár almennt vera góða og eftirspurn á markaðnum verði sinnt nú eins og undanfarin ár.

Þröstur býst við því að verð á trjám verði svipað í ár og í fyrra, þó gæti hugsast að verðbólgan hafi óveruleg áhrif á verðlagningu trjánna. - sv

Okkar jól eru ykkar jól

the PIER

Konur - ekki missa af kvöldi sem þessu!

jóladömuboð tilboð

Sjóf handa öllum konum sem versla!

Kæra Kona,

Okkur hjá **The Pier** langar að bjóða þig velkomna í **jóladömuboð!**
Boðið verður **fimmtudaginn** 18. Nóvember kl **18:00 til 21:00.**
Þér er velkomið að taka **allar** þínar vinkonur með.
Til okkar koma:
Jassarar með notalega tónlist, koma í **allar** búðir
Léttar **veitingar** í boði
Ostabúðin Bitruhálsi verður með ostakynningu og sölu á Smáratorgi
Gæðafæði kynnir **pate** á Korputorgi
Sýnikennsla á **skreytingum** á Smáratorgi og Glerártorgi
Danssýning á Smáratorgi

Starfsfólk The Pier

Tréskraut
Tilboðsverð frá kr. 203.-

Fondupottur
Verð kr. 1.590.-

Kökukerti
Verð frá kr. 590.-

Kubbakerti
Verð frá kr. 390.-

Jóladömutilboðin eru:

- **30%** afsláttur af allri jólavöru
- **Kerti** 3 fyrir 2
- **Allar** Yes To snyrtivörur á 690 stk
- **20%** afsláttur af öðrum snyrtivörum
- **Öll** húsgögn **30%** afsláttur

Skrautgreinar
Tilboðsverð frá
kr. 413.-

Gleregg, tvö saman
Tilboðsverð 1.043.-

the PIER

The Pier Smáratorgi, 5227860 - Korputorgi, 5227870 - Glerártorgi Akureyri, 5227880

abbey road / design

3% **ER SÚ TALA** sem greiningarfyrirtækið IFS reiknar með að verðbólgan fari í. Verðbólga mælist nú 3,3 prósent. Greining Íslandsbanka spáir því á móti að verðbólga fari niður í 3,1 prósent.

NIÐURSKURÐI MÓTMÆLT Grikkir ganga í gegnum miklar þrengingar og hafa orðið að skera niður í ríkisbúskapnum. Það fer ekki vel í landsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kínverjar líta á Grikkland sem glugga inn í Evrópu:

Setja milljarða inn í gríska hagkerfi

Kínverjar hafa gert stóra fjárfestingarsamninga við Grikki og líta á landið sem glugga inn í Evrópusambandið.

Þetta er þvert á fullyrðingar kínverskra ráðamanna, sem segja landa sína ekki nýta sér efnahagsþrengingar á meginlandi Evrópu, að því er fram kemur í netútgáfu Asia Times í gær.

Þar er tæpt á þeim tækifærum sem Kínverjar sjá í kreppunni, svo sem tvíhliða gjaldmiðlaskiptasamningi seðlabanka Kína og Seðlabanka Íslands upp á 3,5 milljarða júana, jafnvirði 66 milljarða króna.

Blaðið segir það smámuni miðað við nýlega samninga sem Kínverjar hafi gert við fyrirtæki í Grikklandi upp á síðkastið. Frá því að grísk stjórnvöld leituðu eftir neyðarláni hjá Evrópusambandinu í apríl hafa kínversk stjórnvöld opnað budduna og skuldbundið sig til að leggja allt að tíu milljarða evra, jafnvirði rúmra 1.500 milljarða króna, til ýmissa stórra verkefna í Grikklandi. Þar á meðal eru kaup á grískum skuldabréfum og samningar um skipakaup.

Í Asia Times kemur fram að meirihluti Grikkja styðji aðkomu kínverskra fjárfesta þar í landi enda innspýting í hagkerfið í kreppunni. Þeir einu sem andsnúnir séu viðskiptunum séu vinstrimenn, kommúnistar, að sögn Asia Times. - jab

Verðbólgan hjaðnar

Verðbólgan hér á landi var 4,6 prósent í október samkvæmt samræmdri vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) tekur saman og birti í gærmorgun. Minnkar því verðbólgan um 0,5 prósentustig milli mánaða en hún var 5,1 prósent hér á landi í september samkvæmt vísitölunni. Þetta kemur fram í morgunkorni greiningar Íslandsbanka.

Samkvæmt því hefur verðbólgan því hjaðnað umtalsvert síðasta árið en í október í fyrra mældist hún 13,8 prósent.

Meginástæða hjöðnunar verðbólgunnar er að áhrif gengislækkunar krónunnar á verðbólgu sem varð í aðdraganda og samhliða hruni bankakerfisins hér á landi á árinu 2008 eru nú nær horfin og tekin eru við áhrif styrkingar krónunnar frá upphafi árs.

Á sama tíma og verðbólga minnkar hér á landi eykst hún í flestum öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Þannig var verðbólgan að meðaltali 2,3 prósent í ríkjum EES nú í október en hafði verið 2,2 prósent mánuðinn á undan.

Líf færist í erlendan hlutabréfamarkað

Nýskráningar á hlutabréfamarkað hafa aukist verulega um allan heim það sem af er ári. Óvissuástand í Evrópu veldur því að fjárfestar halda að sér höndum. Þrjátíu fyrirtæki hafa skoðað kosti þess að fara á hlutabréfamarkað hér.

Áhugi á nýskráningum hefur almennt aukist á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum eftir dýfu síðastliðin tvö ár. Undir lok þriðja ársfjórðungs voru þær fleiri á heimsvísu en allt árið 2004. Skráningarnar eiga þó langt í land að ná hámarkinu árið 2007 þegar 554 fyrirtæki voru skráð á markað.

Af 293 markaðsskráningum um heim allan það sem af er ári var mesti krafturinn í Asíu. Þar voru 67 fyrirtæki skráð á hlutabréfamarkað á þriðja ársfjórðungi og nam virði í útboðum 37 milljörðum dala, jafnvirði 4.200 milljarða króna. Skráning Landbúnaðarbanka Kína ber hæst á þriðja ársfjórðungi en í útboði seldist hlutafé fyrir jafnvirði nítján milljarða dala. Það er tæpur helmingur af heildarverðmætinu á heimsvísu.

Nýskráningar voru talsvert færri í Evrópu á sama tíma, en þar var hlutafé fyrirtækja við nýskráningu selt fyrir tvo milljarða dala, jafnvirði tæpra 230 milljarða króna, á þriðja ársfjórðungi. Efnahagsþrengingum í Evrópu og óvissuástandi var um að kenna, að því er fram kemur í umfjöllun bandarísk a verðbréfafyrirtækisins Renaissance Capital.

BEÐIÐ EFTIR BÍLUNUM Charles Boeddinghaus, miðlari í New York, bíður við tölvuna. Hann mun sjá um endurkomu bílarisans GM á hlutabréfamarkað í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skráningar / - afskráningar á Norðurlöndunum 2009-2010*

Markaður	Stokkhólmur	Helsinki	Kaupmannahöfn	Reykjavík	Samtals**
2009					
Aðallisti	3 /-12	2/-3	2/-8	-/-5	6/-28
First North-hlíðarm.	5/-4	-/-	-/-3	-/-	5/-7
Samtals:	8/-16	2/-3	2/-11	-/-5	**11/-35**
2010					
Aðallisti	6 /-11	1/-3	3/-8	-/-1	10/-23
First North-hlíðarm.	7/-3	-/-	-/-5	-/-	7/-8
Samtals:	13/-14	1/-3	3/-13	-/-1	**17/-31**

* Aðeins innan OMX Nordic-Kauphallarsamstæðunnar. Kauphöllin í Osló í Noregi er ekki inni í tölunum.
** Miðað við 12. nóvember 2010

Betri tíð á Norðurlöndunum

Áhuga á kauphallarskráningu hefur sömuleiðis glæðst lítillega á Norðurlöndunum eftir fjármálakreppuna. Það sem af er árinu hafa sautján fyrirtæki verið skráð á markað innan Nasdaq OMX-kauphallarsamstæðunnar sem nær til allra Norðurlandanna að Noregi undanskildu. Þetta er sex nýskráningum fleira en í fyrra. Á sama tíma hefur dregið úr afskráningum félaga.

Engin merki eru um áhuga á nýskráningum í Færeyjum. Færeyski markaðurinn varð fyrir áfalli þegar heimskreppan skall á. Þá bætti fall Eik Banka fyrir mánuði ekki úr skák.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Virðisbrævamarknaður Føroya með um tíu færeysk fyrirtæki í sigtinu. Þá mun ekki útilokað að erlendir fjárfestar kaupi Eik Banka, sem lýtur stjórn dönsku bankasýslunnar. Ekki þykir útilokað að þeir sjái leið til að ná inn hagnaði af fjárfestingunni með skráningu bankans á markað í framtíðinni.

Íslenski dvergurinn

Talsverður stærðarmunur er á kauphöllum úti og þeirri íslensku. að stoðtækjafyrirtækinu Össuri meðtöldu, sem tilkynnti um afskráningu á mánudag, eru tólf félög skráð hér en allt frá 129 í Helsinki og upp í 357 í Stokkhólmi.

Nokkur fjöldi félaga er sagður skoða kosti þess að fara á markað á Norðurlöndunum, þar af um þrjátíu félög sem hafa skoðað skráningu hér á næstu árum. Þar af hafa átta hug á skráningu á næsta ári, samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni. Gangi væntingar um skráningu á hlutabréfamarkað hér eftir er þarf að dusta rykið af Kauphallarbjöllunni, sem hefur ekki heyrst í síðan Skipti, móðurfélag Símans, var skráð á markað vorið 2008. jonab@frettabladid.is

Skráningar á hlutabréfamarkaði á heimsvísu
árin 2004 til 2010



** Á fyrstu níu mánuðum ársins*
Heimild: Renaissance Capital.

Hýsing og lén - allt á einum stað fyrir eitt lágt verð.
628 kr./mán.*
*Miðað við 3 ára hýsingarsamning
1984
– stóri bróðir hefur gætur á þér
P.o. Box 126 ::: 121 Reykjavík ::: Sími 546 1984 ::: info@1984.is ::: www.1984.is

Marel er við það að kaupa til baka um tíu prósent af heildarskuldum félagsins:

Vilja aftur einu krónulánin

Eigendur samtals 65,65 prósenta af einum útistandandi skuldabréfaflokki Marel hafa tekið skilyrtu tilboði um endurkaup á bréfunum. Kaupin nema rúmum 1,5 milljörðum króna að nafnverði. Þegar kaupum lýkur standa eftir 790 milljónir króna af skuldabréfaflokknum.

Samningar um endurkaup skuldabréfa voru tilkynnt í gær í kjölfar formlegra viðræðna við alþjóðlega banka um fjármögnun félagsins um miðjan síðasta mánuð.

Heildarskuldbindingar Marels námu í lok september 358 milljónum evra, jafnvirði 55 milljarða króna. Með uppkaupunum nú og hugsanlegum kaupum á skuldabréfaflokknum 09 1 upp á 17,7 milljónir króna, gætu heildarendurkaup numið tæpum 32 milljónum evra, jafnvirði rúmra 4,9 milljarða króna. Það er í kringum níu prósent af heildarlánum Marels. Gangi væntingar eftir lækka heildarskuldir félagsins um fjóra milljarða króna á gengi gærdagsins.

Skuldabréfaflokkarnir báðir eru einu lán félagsins í krónum. Afgangurinn er í evrum og Bandaríkjadölum. Marel þarf ekki að semja um endurkaup á skuldabréfaflokknum Marel 09 1.

Erik Kaman, fjármálastjóri Marels, segir í tilkynningu að endurkaup á skuldabréfunum geri félaginu kleift að draga úr gjaldeyrisáhættu og tryggi fyrirtækinu stöðuga og hagkvæma fjármögnun. - jab

ERIK KAMAN Fjármálastjóri Marels segir endurkaup á skuldabréfum gera fyrirtækinu kleift að draga úr gjaldeyrisáhættu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skuldir Marels

Skuldabréfaflokkur	Upphæð í milljónum evra
Marel 06 1	21,6
Endurkaup	14,1
Samtals útistandandi af skuldabréfaflokki	7,4
Marel 09 1	17,7
Samtals væntanleg endurkaup	**31,8**
Heildarskuldir í lok þriðja fjórðungs	357,8

Andersen & Lauth

Reykjavík

established 1934

Outlet

60-80% aföllu

Íslensk hönnun

Laugavegi 86-94

Sími: 5526067

Opnunartímar:
mánud.-fimmtud. 11-18
föstud. 11-18:30
laugard. 11-17

skoðun

greinar@frettabladid.is

Formaður Framsóknarflokksins tekur enga ábyrgð á hinu pólitíska ástandi.

Boltaleikurinn

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, orðaði það svo í Fréttablaðinu í gær að ekki væri hægt að klára samninga um Icesave-skuldina vegna „pólitíska ástandsins á Íslandi“. Formaðurinn vísaði meðal annars til áhrifa landsdómsmálsins, fjöldamótmæla, átaka um skuldamál heimilanna og deilna um niðurskurð í heilbrigðiskerfinu.

Það er rétt hjá Sigmundi Davíð að pólitíska ástandið á Íslandi er vont. Ríkisstjórnin er sjálfri sér sundurþykk um ýmis mál. Stórar og mikilvægar ákvarðanir sitja á hakanum. Landsdómsmálið hefur sannarlega ekki hjálpað til; niðurstaða þess ól á biturð og tortryggni á milli stjórnmálaflokkanna. En hluti af vandanum er líka að stjórnmálaleiðtogarnir hafa ekki komizt út úr gamalli pólitískri hefð Íslendinga, þar sem stjórn og stjórnarandstaða finna hvor annarri ævinlega allt til foráttu og litið er á pólitíkina eins og boltaleik, þar sem máli skiptir hver vinnur og hver tapar, ekki að menn taki höndum saman um að leysa úr vanda lands og þjóðar. Pólitíkusarnir halda líklega að þeir séu að spila fyrir kjósendur, en almenningi líður stundum fremur eins og hann sé boltinn sem sparkað er í en áhorfandi í stúkusæti.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Formaður Framsóknarflokksins setur sig nú í fræðilegar stellingar og talar um „pólitíska ástandið“ eins og hann sé alls ekki hluti af leiknum sjálfur og hafi ekkert lagt af mörkum til að skapa það ófremdarástand sem ríkir í pólitíkinni. Sem er því miður líka eitt af sjúkdómseinkennum hinnar gömlu og úreltu pólitíkur.

Sigmundur Davíð talar brattur um að það sé alls ekki hægt að kynna fólki samning um að ganga frá kröfu upp á „hundrað milljarða, ef við núvirðum þetta ekki, á sama tíma og staða skuldamála heimilanna er eins og hún er og hér til umræðu fjárlög með verulegum niðurskurði í heilbrigðiskerfinu“. Þetta segir – án þess að blikna – formaður flokks, sem lengst hefur haldið til streitu óskynsamlegum og ábyrgðarlausum tillögum um að senda skattgreiðendum og lífeyrisþegum 200 milljarða króna reikning fyrir flata skuldaniðurfellingu, sem gagnast minnihluta þeirra sem nú glíma við alvarlegan skuldavanda.

Lárus Blöndal, sem tilnefndur var af stjórnarandstöðunni í Icesave-samninganefndina, segir í Fréttablaðinu í gær að ágætar líkur séu á að hægt sé að ná samningum við Breta og Hollendinga um Icesave. Hins vegar þurfi pólitískan vilja og samstöðu til að ljúka samningum.

Sú samstaða næst ekki nema bæði stjórn og stjórnarandstaða hætti hinum pólitíska boltaleik og fari að vinna saman af ábyrgð að hag lands og þjóðar. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson reynir að skora með því að halda fram að bezt sé að bíða og semja ekkert um Icesave. Það er blekking. Icesave-deilan er ein ástæða þess að Ísland hefur ekkert lánstraust og erlendir fjárfestar vilja ekki leggja okkur lið. Öll töf á málinu kostar þjóðina mikið fé, þótt ekki sé hægt að „núvirða það“.

Samningar um Icesave eru ósköp einfaldlega ein forsenda þess að endurreisa efnahag og orðspor Íslands. En auðvitað þarf pólitískan kjark til að horfast í augu við þá stöðu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Mjúkar og fallegar hendur og fætur...
...með Miracle of Aloe kremin sem virka



Mest selda fótakrem í Bandaríkjunum

Einstakir eiginleikar Ultra Aloe Vera mýkir, nærir og gefur húðinni þann raka sem hún þarf.

Miracle of Aloe

Fæst í HAGKAUP - Skeifunni, Kringlunni, Smáralind, Garðabæ, Akureyri

Heildsöludreifing: Vörusel ehf. – vorusel@gmail.com

FRÁ DEGI TIL DAGS

Maður nýrra tíma

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var álitinn maður nýrra tíma þegar hann varð formaður Framsóknarflokksins. Hann ætlaði að hefja stjórnmálin upp úr gömlu hjólförunum og skotgröfunum og hefur talað manna mest og hæst um það að nú sé þörf á samstöðu og samvinnu allra flokka við að leysa úr brýnum viðfangsefnum. Í nýlegri greinaröð í Fréttablaðinu hrósar Sigmundur sjálfum sér í hástert fyrir samstarfsviljann og nýju vinnubrögðin.

Kostulegt

Og þá er að sýna þetta í verki. Það gerði Sigmundur þegar hann brást við nýjustu vendingum í Icesave-málinu. „[Fjármálaráðherra] hefur meðal annars fengið Samtök atvinnulífsins til að hringja í þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Það er kostulegt að kommarnir séu að fá kapítalistana til að aðstoða sig við að koma þessu í gegn,“ segir mannasættirinn Sigmundur.

Bréf

Össur Skarphéðinsson er ánægður með Árna Mathiesen. Hann skrifaði bréf svo Árni fengi vinnu í Róm. Hólið lekur af bréfinu. Árni er mjög hæfur til starfans hjá Matvælastofnun SÞ þar sem hann var einu sinni sjávarútvegsráðherra, auk þess sem hann hefur, sem dýralæknir, mikla reynslu af fiskisjúkdómum. Þá er hann mikilhæfur stjórnandi og leiðtogi og þar fram eftir götunum. Síðan bréfið var skrifað hefur Árni verið fundinn sekur um vanrækslu af rannsóknarnefnd Alþingis og dæmdur til að greiða manni fimm milljóna bætur fyrir að vega að æru hans í starfi sínu sem ráðherra. Ekki er vitað til þess að Sameinuðu þjóðirnar hafi fengið bréf vegna þess.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

Sértækur vandi

Skuldir heimilanna

Kristinn H. Gunnarsson
fyrrv. alþingismaður

Skýrsla sérfræðingahóps um skuldavanda heimilanna staðfestir að fyrst og fremst er um sértækan vanda að ræða fólks á höfuðborgarsvæðinu, sem keypti á árunum 2005-2008, er yngra en fertugt og er líklega ekki að kaupa sína fyrstu íbúð. Á vef Ríkisskattstjóra má sjá að samkvæmt upplýsingum úr síðustu skattframtölum eru aðeins um 60% af skuldum heimilanna vegna íbúðarkaupa. Vandinn er, þegar að er gáð, takmarkaður. Hann er staðbundinn og aldursbundinn við þá sem spiluðu í fasteignabólunni, þar sem hún var. Þeir sem græddu telja sig eiga hagnaðinn, hví skyldi tapið verða þjóðnýtt?

Meginreglan er sú að þeir beri ábyrgð á viðskiptum sem að þeim standa. Þannig hefur það verið í verðfalli fasteigna víða um land á undanförnum tveimur áratugum. Íbúðareigandinn tapaði stundum sínum eignarhlut og bankinn tapaði stundum sínu láni. Það þarf sterk rök til þess að annað eigi að gilda nú. Staðan er sú að aðeins um 8% heimila eru í greiðsluvanda. Til samanburðar voru tvöfalt fleiri í vanskilum á árunum 1993-1997. Viðskiptabankarnir lánuðu gríðarlegar fjárhæðir á árunum 2004-2008 með veði í íbúðarhúsnæði til annarra hluta en íbúðarkaupa. Þeir lánuðu til kaupa á hlutabréfum, sumarbústöðum, bílum, einkaneyslu svo nokkuð sé nefnt. Enginn veit hversu mikið, en fjárhæðin skiptir tugum ef ekki hundruðum milljarða króna. Skuldir heimilanna til annars en íbúðakaupa eru líðlega 500 milljarðar króna.

Það er líka upplýst í skýrslunni að almenn niðurfærsla skulda er langdýrust en gagnast samt aðeins 1 af hverjum 5 sem eru í greiðsluvanda og að vandi þess hóps eru lágar tekjur. Samt eru háværu stu kröfurnar einmitt um þessa leið, sem sendir reikninginn af einkaneyslu, hlutabréfakaupum og öðru slíku til skattgreiðenda. Þetta er það sem Framsóknarflokkurinn, Hreyfingin, Hagsmunasamtök heimila á höfuðborgarsvæðinu og talsmaður neytenda, Gísli Tryggvason, krefjast. Þau líta svo á að ósanngjarnt sé að sá sem naut verðmætanna endurgreiði lánið. Þau líta svo að sanngjarnt sé að aðrir borgi, sem engan hlut áttu að málum, svo sem lífeyrisþegar, gamalmenni á hjúkrunarheimilum á landsbyggðinni og að sjálfsögðu útlendingar. En hvers vegna er það sanngjarnt?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Um mikilvægi nýrrar þjóðarsáttar á vinnumarkaði

Vinnumarkaður

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
dósent í viðskiptafræðideild HÍ

Stefán Ólafsson
prófessor í félagsfræði við HÍ

Framundan eru erfiðir og jafnframt mjög mikilvægir kjarasamningar. Það er ekki auðvelt að gera kjarasamninga eftir jafn víðtækt efnahagshrun eins og hér varð. Um 20.000 starfsígildi hafa tapast og um 88% þeirra sem hafa misst vinnuna eru karlar á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 24-55 ára. Í september sl. voru 11.500 án atvinnu. Atvinnuþátttaka hefur farið úr 80% í 75% og vinnutími hefur minnkað að meðaltali um 2 klst. á viku. Kaupmáttur hefur rýrnað mjög mikið og skuldastaða heimilanna hefur versnað til mikilla muna. Framundan er niðurskurður hjá hinu opinbera. Við þessar erfiðu aðstæður þurfa aðilar vinnumarkaðarins að gera nýja kjarasamninga.

Við Íslendingar höfum jákvæða reynslu af gerð þjóðarsáttarsamninganna 1986 og 1990. Fyrir þann tíma voru kjarasamningar gerðir til skamms tíma og verkföll voru tíð. Með samstilltu átaki aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins tókst að brjóta verðbólguna á bak aftur og tryggja stöðugleika og bæta kaupmátt. Með þjóðarsáttarsamningunum hófst nýtt skeið í samskiptum milli aðila vinnumarkaðarins sem byggðist á trausti og gagnkvæmum skilningi á kröfum hvors annars. Aðilar sammæltust um að tryggja sameiginlega hagsmuni launþega, atvinnurekenda og þjóðarbúsins. Þróunin á síðustu árum fyrir hrun fór illa afvega og því er nú mikilvægt að leggja grunn að nýrri þjóðarsátt.

Í kjölfarið á þjóðarsáttinni voru kjarasamningar gerðir til lengri tíma en áður þekktist, eða allt upp í fjögur ár. Þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir í skugga óðaverðbólgu og gífurlega hárra vaxta. Á árunum 1976-1985 voru gerðir sjö kjarasamningar og meðalgildistími þeirra var 13,4 mánuðir, en á árunum 2000-2006 voru gerðir þrír kjarasamningar sem giltu að jafnaði í 45,9 mánuði. Meðalfjöldi vinnustöðvunardaga landverkafólks á árunum 1970-1989 voru 50.332 en árin 1990-2009 var meðaltalið 2.244. Frá árinu 1977-2009 töpuðust 2.284.638 dagar vegna verkfalla á íslenskum vinnumarkaði, þar af töpuðust 932.102 eða 40,8% vegna verkfalla opinberra starfsmanna. Árin 1977, 1984, 1989, 1992, 1995, 2000, 2004 og 2008 er meirihluti tapaðra vinnudaga vegna verkfalla hjá opinberum starfsmönnum. Samkvæmt þessu skýrir rúmlega fimmtungur af vinnuaflinu tæplega 41% verkfalla á þessum tíma. Um 622.979 vinnudagar töpuðust vegna landverkafólks, eða 27,3%, og 729.557 dagar vegna fiskimanna og farmanna, eða 31,9%. Það er því afar mikilvægt að öll samtök launafólks komi með fullgilda aðild að nýrri þjóðarsátt.

Í september 1986 varð til samkomulag á samningafundi aðila vinnumarkaðarins þess efnis að koma á fót sérstakri efnahagsnefnd. Í nefndinni áttu sæti sérfræðingar og samningamenn sem áttu að meta efnahagslegar forsendur komandi kjarasamninga, með því að huga að gengismálum, vaxtastigi, sköttum, verðlagsþróun og kaupmætti. Kjarasamningurinn sem gerður var í kjölfarið og oft hefur verið nefndur „þjóðarsáttarsamningurinn fyrri“ byggðist á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um að taka höndum saman um að sporna gegn óðaverðbólgu og tryggja kaupmátt launþega. Hinn eiginlegi þjóðarsáttarsamningur var gerður 1. febrúar 1990 eftir mikla vinnu sérfræðinga og langar og erfiðar samningalotur. Megin samningsmarkmiðið var áfram að komast út úr vítahring verðbólgunnar, sem iðulega rýrði kaupmátt launa og hækkaði skuldir heimila. Á árunum 1980-1990 hækkuðu laun um 1.450% og kaupmáttur launa lækkaði um 14%. Á árunum 1990-2000 hækkuðu laun hins vegar um 67% en kaupmáttur launa hækkaði um 27%.

> Reynslan hefur sýnt okkur að kjarasamningar sem gerðir eru til skamms tíma og byggja á háum prósentuhækkunum eru ekki vænlegir til árangurs.

Samningsmarkmið þjóðarsáttarsamninganna var að koma böndum á verðbólguna, semja um sérstakar launahækkanir til hinna lægst launuðu, tryggja kaupmáttaraukningu og almennan stöðugleika í efnahagslífi landsins.

Í þeirri kjarasamningalotu sem er framundan mun ríkisvaldið gegna lykilhlutverki við gerð nýrra kjarasamninga, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. Móta þarf skýra atvinnustefnu. Allir aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. ríkisvaldið, almenni vinnumarkaðurinn og opinberi vinnumarkaðurinn, þurfa að koma sameiginlega að gerð nýrrar þjóðarsáttar og geta þessir aðilar horft til fyrri reynslu við gerð þjóðarsáttarsamninganna 1986 og 1990. Gagnlegt væri að fá til dæmis Ásmund Stefánsson eða Þröst Ólafsson, sem báðir hafa verðmæta reynslu af fyrri þjóðarsáttarsamningum, til að fara fyrir sérfræðinganefnd sem skipuð væri fjórum öðrum, einum fulltrúa ríkis- og sveitarfélaga, einum fulltrúa vinnuveitenda á almennum vinnumarkaði, einum fulltrúa launþega á almennum vinnumarkaði og einum fulltrúa launþega á opinberum vinnumarkaði. Samningsmarkmið þessa hóps yrði að skapa stöðugleika sem hjálpar til við að reisa efnahagslífið úr öskustónni. Önnur samningsmarkmið yrðu að gera kjarasamning til þriggja ára, halda verðbólgunni í skefjum, tryggja hóflega kauphækkun, auka kaupmátt, bæta kjör hinna lægst launuðu sérstaklega og síðast en ekki síst minnka atvinnuleysi.

Markmið slíkrar nýrrar þjóðarsáttar væru að mörgu leyti þau sömu og fyrir 20 árum. Reynslan hefur sýnt okkur að kjarasamningar sem gerðir eru til skamms tíma og byggja á háum prósentuhækkunum eru ekki vænlegir til árangurs. Reynslan sýnir líka að kjarasamningar sem byggjast á víðtæku samráði allra aðila leggja grunn að almennri hagsæld launþega.

„Predator (alien)“

Borgarmál

Sighvatur Björgvinsson
forstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands

Fyrir nokkrum dögum síðan sagðist borgarstjóranum í Reykjavík svo frá í sjónvarpinu, að hann væri „predator“ (ísl. rándýr) og „geimvera“ (e. alien). Þar sem undirritaður er ekki jafn vel heima um geimverur og Magnús Skarphéðinsson, formaður „Hins íslenska geimverufélags“ var tekið það ráð, að leita á náðir Wikipediu, alfræðiritsins á netinu, sem er handhægur nauðleitandi margra. Þar var leitað upplýsinga um hvað vitað væri um „predator (alien)“ Hvernig er sú vera? Og ekki stóð á svarinu.

Samkvæmt Wikipediu er vera sú afkvæmi tveggja bræðra (Johns og Jims). Verunni er þannig lýst, að hún sé stórvaxin, hugsandi tilfinningavera í mannsmynd sem ræður yfir háþróaðri tækni svo sem virku felugervi og orkuvopnabúnaði og getur ferðast milli stjarna. Í frekari umfjöllun er verunni m.a. þannig lýst, að hún skilji sig frá mannfólkinu með hærri vexti, efra skolti eins og á skordýri og löngum, hárlíkum lufsum (ekki minnst á háralit) úr höfði sem festar eru beint við sjálfa höfuðskelina. Þó svo veran hafi lifað af langdvalir á pólsvæðum (væntanlega í leit að hvítabjörnum fyrir fjölskyldugarða) þá uni hún sér þó til muna betur í heitari loftslagi. Blóð verunnar er sagt sjálflýsandi og grænt og sjón hennar byggist á innrauðri lýsingu og næmni fyrir hitageislun. Þá er sagt frá næringarvenjum verunnar og næringarháttum hennar svo lýst að reglulega annan hvern dag þurfi hún að heimsækja sláturhús til þess að geta nærst á sláturafurðum (blóðmör og lifrarpylsu?).

Nú er það svo, að undirritaðan rak í rogastans því ekki kannast ég neitt við borgarstjórann okkar af þessari lýsingu – kannast í rauninni ekki við neinn, sem þessi lýsing á við enda hef ég aldrei umgengist geimverur. Svo heppilega vildi hins vegar til að ég rakst í leit minni hjá Wikipediu á tengil yfir á annan af fjölskyldunni Wiki – þ.e. upplýsingavefinn Wiktionary. Þar kom við fyrstu skoðun upp þessi setning: „1. (simile) to be completely at a loss“ (ísl. „að vera algerlega ruglaður“). Og Wiktionary gefur á þessu eftirfarandi útskýringu: „vera eins og álfur út úr hól (Icelandic)“

> Nú kannast ég við minn mann. Hann er hvorki geimvera né rándýr heldur alíslenskur.

Nú er heima. Nú kannast ég við minn mann. Hann er hvorki geimvera né rándýr heldur alíslenskur. Að vísu ekki nákvæmlega eins og flestir hinir Íslendingarnir sem ber fyrir augu daglega – en íslenskur samt. Svona getur gerst ef leitað er að lýsingu á sjálfum sér og farið villur vegar í Wiki-fjölskyldunni.

Sýklalyfjaofnæmi - Svartir svanir

Sýklalyfjaónæmi

Vilhjálmur Ari Arason
heilsugæslulæknir

18. nóvember er Evrópudagur til áréttingar um rétta notkun sýklalyfja og áminningar um vaxandi sýklalyfjaónæmi. Mikill skilningur hefur áunnist í þýðingu sýklalyfjaónæmis tengt mikilli sýklalyfjanotkun í þjóðfélaginu, ekki síst hér á landi þar sem ástandið er þó orðið grafalvarlegt. Sýklalyfin hafa verið notuð óspart á Vesturlöndum og nú nálgumst við óðfluga þann tíma sem var fyrir tilkomu lyfjanna. Lyf sem voru talin kraftaverkalyf og bættu a.m.k. 10 árum við meðalaldur manna í hinum vestræna heimi þegar þau komu fyrst á markað fyrir um 70 árum síðan. Lyf sem voru talin öflugasta vopn lækna í baráttunni gegn alvarlegum sýkingum á borð við lungnabólgu þar sem dánartíðnin var upp undir 30%.

Til að byrja með var vandamálið mest bundið við spítalasýkingar og sem dagurinn í ár er einkum tileinkaður að þessu sinni. Á seinni árum er vandamálið þó ekkert síður bundið við notkun sýklalyfja úti í þjóðfélaginu sjálfu. Hvað ef við nú sæjum afleiðingarnar betur úti í sjálfri náttúrunni? Við höfum miklar áhyggjur af yfirgangi lúpínunnar á sumrin þegar allt er í blóma og hvað ef allir svanir á Íslandi væru svartir eins og sá sem heimsótti okkur hér um árið? En því miður er bakteríuflóran í okkur og ekki eins sýnileg með berum augum, en hún er engu að síður til staðar. Tengsl sýklalyfjanotkunar og útbreiðslu sýklalyfjaónæmra stofna meðal barna má meðal annars sjá í rannsóknum sem gerðar hafa verið hér á landi á undanförnum árum.

Á Íslandi endurspeglast ómarkviss sýklalyfjanotkun mest og best tengt algengustu meinum barnanna okkar, efri loftvegasýkingum, sem oftast eru vegna veirusýkinga og vægra fylgisýkinga þeim tengdum en þar eru eyrnabólgurnar algengastar. Upp undir helmingur allra koma barna til lækna er vegna eyrnabólgu og vandamála tengdra þeim. Meirihluti barna með bráða miðeyrnabólgu kemur til lækna á vöktum og fær sýklalyf við þessum vanda þrátt fyrir að alþjóðlegar klínískar leiðbeiningar ráðleggi nú annað og sem gera frekar ráð fyrir verkjastillingu, eftirfylgni og fræðslu í heilsugæslunni, enda læknast flestar eyrnabólgur af sjálfu sér. Afleiðingarnar eru mikið meira sýklalyfjaónæmi algengustu sýkingarvaldanna, pneumókokkanna og jafnvel meiri sýkingartilhneiging hjá börnum en í nágrannalöndunum. Þannig má leiða að því líkum að eyrnabólgubörnin á Íslandi séu að hluta heimatilbúið vandamál og víst er að hvergi í heiminum eru fleiri börn sem fá hljóðhimnurör eða allt að þriðjungur.

Það hefur verið til slæmrar reynslu okkar Íslendinga í þessum efnum, öðrum þjóðum sem víti til varnaðar. Mest eru læknar hræddir um að þeir tímar geti komið að við ráðum ekki við að meðhöndla alvarlegar sýkingar á öruggan hátt. Vegna tíðrar eyrnabólgu hjá börnum og sýklalyfjaónæmis pneumókokka sem jafnframt geta valdið alvarlegum sýkingum er nú m.a. talið brýnt að grípa til bólusetningar gegn helstu (algengustu) stofnunum. Hætt er þó við að aðrir bakteríustofnar komi í stað þeirra sem bólusett er gegn með tímanum nema verulega verði dregið úr sýklalyfjanotkuninni á sama tíma. Við megum ekki fara úr öskunni í eldinn.

Mikið hefur vantað upp á góðan skilning á öllum þessum málum sl. áratugi hér á landi. Náttúrufræðistofnun hefur því miður ekki haft skoðun á málinu enda ekki á hennar könnu að fylgjast með flóru landans og barnanna okkar. Það verkefni heyrir undir heilbrigðisráðuneytið, sem ber ábyrgð á skipulagi heilbrigðisþjónustunnar og sem hefur falið sóttvarnalækni að fylgjast með þróun mála. Tillögur úr grasrótinni sjálfri hafa heldur ekki fengið mikinn hljómgrunn en þó voru samdar klínískar leiðbeiningar Landlæknis um meðferð eyrnabólgu barna á síðasta ári og náið er fylgst með sýklalyfjaónæminu á Sýklafræðideild LSH.

> Sýklalyfin hafa verið notuð óspart á Vesturlöndum og nú nálgumst við óðfluga þann tíma sem var fyrir tilkomu lyfjanna.

Upp undir helmingur af pneumókokkastofnum er með ónæmi fyrir penicillíni og helstu varalyfjum svo að ráðleggja verður oft strax hæstu leyfilegu skammta af penicillíni ef meðhöndla þarf t.d. alvarlega eyrnabólgu hjá barni, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu þar sem ástandið er hvað verst. Töluverður fjöldi barna þarf engu að síður að leggjast inn á spítala til að fá sterkustu lyf sem völ er á í æð eða vöðva þar sem inntaka um munn dugar ekki. Landslagið eða réttara sagt flóran okkar er þannig gjörbreytt frá því fyrir nokkrum áratugum síðan þegar flest sýklalyf virkuðu vel.

Vandamálið varðandi hraða og hættulega þróun ofurbaktería á Íslandi endurspegla úrlausnir á algengasta heilsuvanda íslenskra barna í heilbrigðiskerfinu sem ég og prófessor Jóhann Ágúst Sigurðsson skrifuðum um í sumar í læknablað norrænna heimilislækna (SJPHC). Um rannsóknir okkar og félaganna hefur líka töluvert verið skrifað af erlendum aðilum og vitnað til.

Eitt af heilögustu markmiðum læknisfræðinnar er að gera aldrei meira ógagn en gagn. Spurningar vakna hvort við höfum verið heilbrigðissóðar og hvað við ætlum þá að gera í þeim efnum? Eða er veruleikinn það flókinn og ofvaxinn skilningi okkar að við ráðum ekki við hann? Nei, við skulum horfa fram á veginn og til nærumhverfisins okkar og vona að svanurinn svarti hafi aðeins verið hvítur svanur í álögum.

AF NETINU

Kvótakerfið varðaði veginn

Kvótakerfið varðaði veginn að hruni bankanna. Ábyrgðarlausir útvegsmenn tóku lán í bönkunum með sameignarauðlindina að veði. Samfélag, þar sem mönnum leyfist að veðsetja eigur annarra, þarf að taka sér tak. Samfélag, þar sem 900 fölsuð málverk ganga kaupum og sölum skv. skjalfestum vitnisburði sérfræðinga og yfirvöldin lyfta varla fingri til að fletta ofan af fölsurunum, þarf að taka sér tak. Samfélag, sem þarf að una marklausri sýndarrannsókn á rökstuddum grun fyrrum utanríkisráðherra og núverandi efnahags- og viðskiptaráðherra um, að símar þeirra hafi verið hleraðir, þarf að taka sér tak. Málverkafölsunarmálið og símahlerunarmálið eru ekki gömul mál, nóg er af þeim, heldur ný.

Vísir.is

Þorvaldur Gylfason

Upplýsingakerfi vantar um nám og störf

Skóli og atvinnulíf

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir
dósent í náms- og starfsráðgjöf við HÍ

Á vegferð sinni um skólakerfið koma nemendur, ungir sem aldnir, að margs konar vegamótum sem kalla á að ákvörðun sé tekin af þeirra hálfu. Þetta getur verið ákvörðun um skólaskipti, námsbrautir eða ákvörðun um að finna sér viðfangsefni í atvinnulífinu. Við mat á mögulegum leiðum skiptir höfuðmáli að nemendur eigi greiðan aðgang að upplýsingum um nám og störf. Það má því segja að upplýsingar um nám og störf séu sá grunnur sem allt náms- og starfsval landsmanna hvílir á. En hvernig skyldum við Íslendingar svo standa okkur í því að veita upplýsingar til fólks sem stendur frammi fyrir náms- og starfsvali? Því er fljótsvarað. Í samanburði við aðrar Vesturlandaþjóðir erum við mjög aftarlega á merinni. Upplýsingar um nám og störf er ekki hægt að nálgast á einum vef og því eru þær ekki aðgengilegar. Ekki hefur verið hugað að því að samræma þær rafrænu upplýsingar sem veittar eru og þær er að finna á ólíkum vefjum og eru því ekki heildstæðar.

Í öðrum löndum hafa menn brugðist við þessum aðstæðum sem að ofan er lýst með því að koma sér upp aðgengilegum og heildstæðum rafrænum upplýsingakerfum um nám og störf. Daninn sem vantar upplýsingar um nám eða störf loggar sig inn á http://www.ug.dk/ og Ný-Sjálendingurinn inn á http://www.careers.govt.nz/ Á þessum vefjum er t.d. hægt að kanna eigin áhuga á námi og störfum, kanna þekkingu sína á náms- og starfsumhverfinu, fá upplýsingar um námsstyrki, eða vinnumarkað og fræðast um hvernig ráðlegt er að skipuleggja starfsferil sinn. Þá er einnig að finna upplýsingar til foreldra um hvernig unnt er að aðstoða ungviðið í þessu stóra verkefni sem náms- og starfsval er. Þeir sem vilja frekari aðstoð geta hringt í náms- og starfsráðgjafa, skrifað tölvupóst eða nálgast persónulegri aðstoð á vefnum. Ég hvet lesendur til að kanna fyrrgreindar vefslóðir, sjón er sögu ríkari.

> Allt sem vantar er skýr vilji stjórnvalda og tiltölulega lítið fjármagn sem skilar sér þúsundfalt til baka.

Fólk sem stendur frammi fyrir því að velja sér nám eða starf velur úr þeim upplýsingum sem eru tiltækar um nám, störf og eigin hæfni. Þannig má segja að upplýsingarnar séu aflgjafi þess að ryðja brautir í atvinnulífinu. Fátt er jafn mikilvægt fyrir bæði einkahag sem þjóðarhag og farsæld í námi og störfum, samt látum við Íslendingar hjá líða að framreiða upplýsingar um nám og störf á heildstæðan og aðgengilegan hátt. Ef við viljum bæta framleiðsluferlin í íslensku atvinnulífi er augljóst að öflugt upplýsingakerfi um nám og störf er grundvallar atriði.

Allar forsendur eru til þess að hrinda þessu þjóðþrifamáli í framkvæmd: fyrirmyndir að utan, sérfræðiþekking í náms- og starfsráðgjöf og upplýsingamiðlun hér á landi. Allt sem vantar er skýr vilji stjórnvalda og tiltölulega lítið fjármagn sem skilar sér þúsundfalt til baka. Það er samfélaginu lífsnauðsynlegt nú þegar atvinnuumhverfi hefur breyst með auknu atvinnuleysi og meiri kröfur um vandvirkni og sérfræðikunnáttu á öllum sviðum að einstaklingar eigi sem greiðastan aðgang að þeim upplýsingum sem þeir þurfa til að taka farsæla ákvörðun um nám og starf. Svo ánægjulega vill til að Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf hefur nú fengið styrk úr Starfsmenntasjóði til að gera þarfagreiningu og áætlun um hvernig væri unnt að koma slíku upplýsingakerfi á. Þar þurfa að koma að borðinu fulltrúar allra þeirra aðila sem framleiða náms- og starfsupplýsingar. Með samstilltu átaki og samstarfi við aðstandendur erlendra upplýsingabanka ettum við að geta komið okkur upp aðgengilegu upplýsingakerfi um nám og störf.

Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.
Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Hvar finna háskólamenntaðir starf við hæfi í framtíðinni?

Sköpum háskólamenntuðum tækifæri
til að starfa, búa og lifa á Íslandi.

EDUCATED BY ICELAND

www.educatedbyiceland.is

Rúsínu 500g
257,kr.
verð áður 342,-

Kókósmjöl fínt 500g
308,kr.
verð áður 410,-

Kókósmjöl gróft 500g
223,kr.
verð áður 297,-

Heslihnetur hakkaðar
247,kr.
verð áður 329,-

Möndlur m/hýði
179,kr.
verð áður 238,-

Döðlur 500g
253,kr.
verð áður 337,-

Súkkulaðidropar
299,kr.
verð áður 398,-

Rjómasúkkulaðidropar
286,kr.
verð áður 381,-

Fjarðarkaup
25% verðlækkun á bökunarvörum
18. - 20. nóvember

Núggat/súkkulaði spænir
142,kr.
verð áður 189,-

Dökkir spænir
149,kr.
verð áður 198,-

Cadburys kakó 250g
374,kr.
verð áður 498,-

Lakkrískurl
253,kr.
verð áður 337,-

Konsum dropar
200,kr.
verð áður 266,-

Síríus Konsum 200g
224,kr.
verð áður 298,-

DDS Strásykur 1kg
187,kr.
verð áður 249,-

DDS púðursykur 1/2kg
164,kr.
verð áður 219,-

DDS fórsykur 1/2kg
164,kr.
verð áður 219,-

Konsum Orange
96,kr.
verð áður 128,-

Konsum 70%
149,kr.
verð áður 198,-

Konsum 56%
149,kr.
verð áður 198,-

VISA

www.FJARDARKAUP.is

Westmark dósaopnari
839,kr.
verð áður 1.118,-

Westmark eggjaskiljari
780,kr.
verð áður 1040,-

ISI rjómasprauta
4.998,kr.
verð áður 6.728,-

ISI gas í rjómasprautu
651,kr.
verð áður 868,-

Salter eldhúsvog
3.600,kr.
verð áður 4.924,-

Rosti skál 3L
2.846,kr.
verð áður 3.794,-

Rosti skál 150ml
662,kr.
verð áður 883,-

Fisko braggaform
998,kr.
verð áður 1.353,-

Funktion desilítramál stál
698,kr.
verð áður 933,-

Westmark þeytikanna
1.085,kr.
verð áður 1.447,-

Pillsbury hveiti 2,26kg
299,kr.
verð áður 399,-

Ljóma smjörlíki 500g
149,kr.
verð áður 199,-

Smjör 500g
187,kr.
verð áður 249,-

Meðalstór egg 10stk.
276,kr.
verð áður 368,-

ein-stök verslun

Ljóst eða hvítt súkkulaði overtræk
215,kr./pk.
verð áður 286,-/pk.

Dökt súkkulaði overtræk
170,kr.
verð áður 227,-

Odense Bage Marsipan
993,kr.
verð áður 1.244,-

Odense kransakökumassi
718,kr.
verð áður 957,-

Bara Pecanhnetur 150g
430,kr.
verð áður 573,-

Tilboð gilda til laugardagsins 20. nóvember

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

FK FJARÐARKAUP

Ósvífni FÉKKST

Kirkja og skóli

Ragnar Þór Pétursson
kennari í Reykjavík

Stjórn FÉKKST (sem er félag trúarbragða- og siðfræðikennara) hefur sent frá sér ályktun þar sem því er haldið fram að tillögur þær sem eru til umfjöllunar í mannréttindanefnd Reykjavíkurborgar, um skarpari skil milli kennslu og boðunar, vegi að faglegum heiðri kennara.

Nú er ég kennari í Reykjavík og vil sem slíkur gera athugasemd við þann málflutning. Ég tel að stjórn FÉKKST hafi með þessu skipað sér í lið með hópi fólks, ásamt m.a. biskupi Íslands, sem vísvitandi skrumskælir tillögur mannréttindanefndar. Tilgangurinn er að gera þær tortryggilegri en þær eru í raun. Slík vinnubrögð geta með engu móti kallast fagleg og fela í sér alvarlegt trúnaðarbrot gagnvart kennarastéttinni.

> Sá kennari sem vill láta nemendur syngja sálma í trúarlegum tilgangi ... gengur of langt.

Í tillögunum felst eftirfarandi: 1) að fermingarfræðsla fari fram utan skólatíma, 2) að kynning trúfélaga á sjálfum sér fari ekki fram í skólum, 3) að trúfélög hafi ekki aðgang að skólum í því skyni að afhenda trúarleg rit, 4) að húsnæði skóla sé ekki samnýtt með trúarlegu starfi á skólatíma, 5) að nemendur fari ekki í kirkjur, taki þátt í sálmasöng eða stundi listsköpun í trúarlegum tilgangi, 6) að trúfélög eigi ekki þátttakendur í áfallateymum skóla.

Loks er hnýtt aftan við að ekki sé verið að banna hefðbundið hátíðarstarf skólanna.

Það er alvarlegt mál ef stjórn FÉKKST telur að trúarbragðakennurum sé illa unnt að starfa innan þess ramma sem þessi tilmæli kveða á um. Vissulega má færa rök fyrir því að það megi teljast róttækt að banna heimsóknir fulltrúa trúfélaga í skóla, sérstaklega þar sem slíkar heimsóknir gætu hæglega talist liður í faglegri kennslu – alveg eins og heimsóknir fjölmargra annarra fulltrúa samfélagshópa. Slíkt bann mætti að ósekju endurskoða en þá aðeins að þjóðkirkjan (sem vissulega er það trúfélag sem langmest hefur heimsótt skólana) nýti þær heimsóknir til kynningar á sjálfri sér, en ekki til boðunar eða eigin kennslu. Mikil brögð hafa nefnilega verið að því.

Það alvarlega við ályktun stjórnar FÉKKST er að samtökin sjálf virðast ekki gera þann eðlilega og sjálfsagða greinarmun á boðun og fræðslu sem faglegar kröfur leggja á herðar þeim. Stjórnin kvartar sérstaklega yfir því að mega ekki lengur hnýta saman listsköpun og trúarbragðafræðslu. Stjórnin telur sum sé fimmta liðinn hér að ofan sérlega skæðan.

Þó er tekið skýrt fram að listsköpun, sálmasöngur og kirkjuheimsóknir skuli ekki fara fram í trúarlegum tilgangi. Og þegar maður gerir eitthvað í trúarlegum tilgangi þá er maður sjálfkrafa farinn að ástunda viðkomandi trúarbrögð.

Nýlega fór fram í skólanum mínum kennsla um manndómsvígslur víða um heim. Nemendur horfðu á myndbönd, hlustuðu á fræðslu og settu meira að segja á svið einfalda manndómsvígslu. Sú sviðsetning var að sjálfsögðu ekki gerð í þeim tilgangi að gera nemendurna að fullorðnu fólki. Sviðsetningin var eingöngu hluti af fjölbreyttum kennsluháttum sem nýttu sköpunarkraft og starfsgleði nemendanna til hins ítrasta. Og þótt nemendum þættu manndómsvígslurnar sumpart framandi og jafnvel kjánalegar þá tókst með faglegri og góðri kennslu að fræðast um þetta allt á nærgætinn og virðingarverðan hátt.

Sá kennari sem vill láta nemendur syngja sálma í trúarlegum tilgangi, þ.e. af fullri alvöru og sem þátt í iðkun trúarbragðanna – sá kennari gengur of langt. Hann fer á svig við mannréttindi barnanna og foreldra þeirra, alveg óháð því hvort slíkt væri gert í þökk meirihluta foreldranna. Trúariðkun á einfaldlega annan vettvang í trúfrjálsu samfélagi. Skólinn er ekki lengur hirðir safnaðarins. Skyldur foreldra eru ríkari og traust til þeirra aukið.

Það er ekki lengur svo að skóli helli lýsi ofan í börn, setji þau í sólbað eða láti þau fara með bænir.

Eftir sem áður hafa kennarar á valdi sínu allar þær kennsluaðferðir sem faglegar geta talist. Þeir geta frætt börnin um bænir og sálma og kennt þeim hvorttveggja, þeir geta sýnt börnunum trúarlega list og látið þau stæla hana. Og þeir geta beint sjónum að öllu litrófi mannlífsins og margvíslegum trúarbrögðum.

Það sem þeir geta hinsvegar ekki gert er að leiða börnin í trúarlegu starfi. Þeir geta ekki stundað átrúnað í skólanum. Og sá sem heldur því fram að bann við slíku stangist á við fagmennsku kennara, hann gerir kennurum öllum skömm til.

Áskorun til Björgólfs Thors Björgólfssonar

Landsbanki Íslands

Ólafur Kristinsson
hdl. og fyrrverandi hluthafi í Landsbanka og Straumi Burðarási.

Nýlega skrifaði ég grein í Viðskiptablaðið um eignarhald og lánveitingar Björgólfs Thors Björgólfssonar í Landsbanka Íslands (LÍ). Ég var hluthafi í LÍ og tapaði fjármunum á falli hans líkt og hinir 27.000 hluthafar bankans. Í grein minni rakti ég þau sjónarmið mín að ég teldi ýmislegt benda til þess að Björgólfur Thor hafi beitt hluthafa bankans blekkingum, í því skyni að komast hjá því að vera skilgreindur venslaður aðili í bankanum. Þannig hafi lánveitingar til hans og tengdra aðila í raun verið langt umfram lögbundnar heimildir. Á annað hundrað manns hafa lýst yfir áhuga sínum á því að hefja undirbúning á skaðabótamáli á hendur Björgólfi Thor.

Ég skora á Björgólf Thor að stíga fram og svara því hvort hann telji að lánveitingar hans, sem nema líklega um 50% af CAD eigin fé bankans, hafi verið lögmætar og hvort hann telji eðlilegt að eignarhald starfsmanna Björgólfs í LÍ var raunverulega háttað, þ.m.t. hverjir þessir samstarfsmenn voru og hver fjármagnaði bréfin. Áskorun mín til Björgólfs er einnig sú að hann hafi frumkvæði að því að bæta skaða hluthafa bankans með því að leggja fram eign sína í Actavis. Þannig væri hugsanlega hægt að ná sátt í málinu og forðast aðkomu dómstóla.

Við mat á því hvort skaðabótamál sé hugsanlegt á hendur Björgólfi Thor er það lykilatriði að meta hvort eignarhald nánustu samstarfsmanna hans hefði ekki átt að skilgreinast undir hans stjórn og hvort lánveitingar til hans hafi verið umfram lögbundnar heimildir. Líkt og ég rakti í grein minni í Viðskiptablaðinu tel ég svo vera. Umrædd ályktun byggir m.a. á því að þessir ónefndu starfsmenn þáðu hjá honum laun í gegnum Samson eignarhaldsfélag og Novator og telja má útilokað að þeir hefðu í einhverjum tilvikum beitt atkvæðisrétti sínum gegn vilja Björgólfs Thors.

Við skilgreiningu Björgólfs sem venslaðs aðila líkt og eðlilegt hefði verið væru allar lánveitingar hans og tengdra aðila opinberar í ársreikningum bankans og hagsmunaaðilar þannig meðvitaðir um þessa útlánaáhættu. Það var hinsvegar ekki gert. Hvergi var getið um þessi lán og líkt og ég hef áður bent á eru lán til venslaðra aðila í reikningum LÍ fyrir árið 2007 aðeins um 10 milljarðar króna. Í þessu samhengi má nefna að lán til Björgólfs Thors og tengdra aðila voru á bilinu 50-150 milljarðar króna ef marka má Rannsóknarskýrslu Alþingis. Sé horft á umræddar lánveitingar Björgólfs í samhengi við efnahag bankans má sjá hversu miklu máli það skipti fyrir matsfyrirtæki, hluthafa, greiningadeildir og skuldabréfaeigendur að hafa rétta stöðu um útlánaáhættu til eigenda sinna.

> Hvergi var getið um þessi lán og líkt og ég hef áður bent á eru lán til venslaðra aðila í reikningum LÍ fyrir árið 2007 aðeins um 10 milljarðar króna.

Bætur sóttar til Björgólfs Thors

Ef vilji hluthafa og kröfuhafa stendur til þess að höfða skaðabótamál á hendur Björgólfi vegna ólögmætra lánveitinga til hans og ranglega skilgreindum eignarhlut lýsi ég hér með yfir vilja mínum til að koma að undirbúningi slíks máls. Nýlegt skuldauppgjör Björgólfs opinberar framtíðarmöguleika hans á verðmætum sem tengjast væntanlegri sölu á lyfjafyrirtækinu Actavis. Fram hefur komið í fjölmiðlum að gangi áætlanir félagsins eftir geti um 140 þúsund milljónir króna runnið í vasa Björgólfs. Eftir því sem best má skilja rennur ekkert af þeim fjármunum til greiðslu skulda eða persónulegra ábyrgða hans. Hluthafar og aðrir kröfuhafar hljóta því að horfa til þeirra verðmæta þegar mat er lagt á grundvöll skaðabótamáls.

Þögn og aðgerðaleysi Slitastjórnar

Lítið hefur farið fyrir Slitastjórn LÍ í kjölfar bankahrunsins. Einstaka sinnum stíga stjórnarmenn þó fram og segjast vera að rannsaka ýmis mál. Aðgerðir virðast þó víðs fjarri. Skaði hluthafa Landsbanka Íslands af vafasamri útlánastefnu stjórnenda hans er mikill og um það verður ekki deilt. Um 27.000 hluthafar töpuðu allri eign sinni við fall bankans. Nú hljótum við hluthafar að krefjast skýringa frá Björgólfi Thor sjálfum, FME og Slitastjórn LÍ. Líkt og í fyrri skrifum mínum ítreka ég að markmið mitt er ekki að kveða endanlega upp úr um sekt eða sakleysi Björgólfs Thors. Það er hlutverk dómstóla. Ég vil hinsvegar stuðla að umræðu um þetta mál, fá frekari skýringar og reyna ná sátt við Björgólf Thor til að forðast atbeina dómstóla.

Skoðanir úr skólum?

Skóli og kirkja

Örn Bárður Jónsson
sóknarprestur í Neskirkju

Í grein sinni Trúboð úr skólum, reynir Vantrúarmaðurinn Reynir Harðarson ítrekað að gera samstarf kirkju og skóla í borginni tortryggilegt með því að hagræða sannleikanum. Þessi ákafi trúmaður virðist vilja koma allri umræðu um trú og lífsskoðanir út úr skólum borgarinnar og væntanlega landsins alls. Máli sínu til stuðnings segir hann m.a.: „En Örn Bárður sér ekkert að því að Gídeon-menn mæti í tíma hjá 10 ára börnum, gefi þeim Nýjatestamentið og leiði þau í bæn.“ Hér gerir hann mér upp skoðanir. Ég hef hvergi talað um að Gídeonmenn fari með bænir í skólum en ég hef hins vegar talað fyrir því að þeir gefi börnum NT. Þá snuprar hann mig fyrir það að mér finnist í lagi að börn sem ekki séu kristin geri eitthvað annað á meðan hin eru frædd um kristna trú, sið og menningu. Reynir kallar þau „óhreinu börnin“ en það eru hans orð en ekki mín. Reynir segir: „Ef börn eru leidd til messu á vegum skólans er skólinn að fara út fyrir hlutverk sitt og grípa inn í trúarlegt uppeldi foreldranna.“

Í áliti Dóru Guðmundsdóttur, Cand. Jur, LL.M frá 13. október 2010 sem unnið var fyrir menntaog menningarmálaráðuneytið um trúarbragðafræðslu í leik- og grunnskólum í ljósi 2. gr. 1. samningsviðauka Mannréttindasáttmála Evrópu kemur fram að slíkt sé sjálfsagt. Í álitinu segir m.a.: „Einnig að heimilt [sé] að fjalla um og kynna nemendum þá trú sem er þjóðtrú í viðkomandi ríki; jafnvel þannig að meiri fræðsla fari fram í þeim trúarbrögðum en öðrum, og á það jafnt við um kynningu á sögu, kenningum og helgihaldi. Þá er ekkert sem bannar að nemendur fari í heimsókn á staði þar sem trúariðkun fer fram ...“

Í ljósi málflutnings trúmanna í Vantrú og Siðmennt sem eiga börn í skólum, spyr ég, hvort yfirvöld þurfi ekki að sjá til þess að slíkt fólk haldi börnum sínum ekki í skoðanagettói og meini þeim að kynnast viðhorfum annarra? Í þessu sambandi vísa ég til nöturlegrar reynslu ungrar konu sem var Vottur Jehóva og sagði sögu sína á prenti í Fréttatímanum 5. nóv. sl. Eru það ekki mannréttindi barna sem ekki játa kristna trú að fá að kynnast þeirri trú á sama hátt og það teljast mannréttindi og reyndar líka skylda kristinna manna að kynnast öðrum viðhorfum, trú og siðum? Ég tel að börn sem ekki tilheyra kristninni hafi ekkert slæmt af því að eiga NT og mín barnabörn mega gjarnan eignast Kóraninn eða önnur trúarrit. Ef kynna á börnum helgihald kristinna manna þá á að fara með þau í venjulega messu þar sem þau heyra það sem kristnir menn trúa. Það er svo foreldranna að vinna úr því sem fyrir augu og eyru bar. Drómaduld, lokunarlosti og haftahugnun Reynis og hans skoðanabræðra er mér ekki að skapi. Ég vil opið þjóðfélag þar sem fólk kynnist ólíkum siðum og menningu og ræðir þær af sanngirni og virðingu. Þannig verður þjóðfélagið heilbrigt.

> Heilbrigð kirkja lifir ekki í ótta.

Að ríkið haldi úti einu trúfélagi, eins og Reynir heldur fram, og kosti til þess gríðarlegum fjármunum, er gömul lyga- og áróðurstugga. Kirkjan er ekki á framfæri ríkisins. Hún á fyrir öllum þessum kostnaði en svo vill til að ríkið hefur nær allar eigur hennar í sínum höndum. Þetta sagði ég Reyni þegar fundum okkar bar saman nýlega. Hann þekkir því sannleikann í þessu máli. Að hamra á lyginni gerir hana ekki að sannleika.

Varðandi skráningu barna í trúfélag móður þá senda prestar mánaðarlega skýrslur um skírð börn í sínu prestakalli til Þjóðskrár. Ef foreldrar velja barni sínu aðild að kirkjunni þá eru börnin þar svo lengi sem þau segja sig ekki úr henni en það geta þau auðvitað gert þegar þau verða sjálfráða.

Svo skilur Reynir ekkert í „kirkjunnar mönnum“ að þeir haldi málstað kristninnar á lofti „einmitt þegar trúverðugleiki þeirra er eflaust í sögulegu lágmarki“. Hann blandar inn í umræðuna réttindum samkynhneigðra sem íslenska þjóðkirkjan heldur í heiðri og er þar í fremstu röð kirkna í heiminum enda þótt hún hafi tekið sér góðan tíma til að ná þeirri niðurstöðu. Heilbrigð kirkja lifir ekki í ótta. „Kirkja vor Guðs er gamalt hús, Guðs mun þó bygging ei hrynja“ segir í sálmi einum. Kirkjan mun ávallt leitast við að standa á sannleikanum og hún mun alltaf lifa því hann sem er „vegurinn, sannleikurinn og lífið“ er með henni í verki. Hann er sigurvegarinn og mun að lokum sigra vélráð og vonsku heimsins, vonleysi og vantrú.

ALLT Í BAKSTURINN OG ELDAMENNSKUNA

KENWOOD

Kenwood HB150
180w TÖFRASPROTI með stálhnífum, gúmmí gripi, plastskál ofl.

TILBOÐ **1.995**
FULLT VERÐ 2.495

Kenwood HB716
700w TÖFRASPROTI með Triblade stálhnífum, Turbo, plastskál, breiður Bigfoot haus fyrir pottablöndun. ofl.

VERÐ **6.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Kenwood KM001
1000w Titanium Chef HRÆRIVÉL með 4,6l stálskál, þeytara, hnoðara, hrærara, gler blandara, K-járni, sjálfvirkum stafrænum hraðastilli með púls ofl. Silfurlit.

TILBOÐ **69.995**
FULLT VERÐ 89.995

Kenwood HM220
120w HANDÞEYTARI með 3 hröðum.

VERÐ **3.495**
FRÁBÆRT VERÐ

Kenwood SB056
300w Smoothie BLANDARI með 0,5l hertri plastskál, 2 hröðum og púls. Gúmmífætur. Hnífa má losa og hreinsa.

VERÐ **4.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Fjöldi aukahluta fáanlegur

Kenwood KM336
Vönduð 800w Kenwood Chef Classic HRÆRIVÉL með 4,6 lítra skál úr ryðfríu stáli, K-járni, hnoðara, þeytara og hraðastilli. Heldur alltaf jöfnum styrk.

TILBOÐ **59.995**
FULLT VERÐ 69.995

Kenwood SK620
Vandaður og glæsilegur 2200w og 1,7 lítra ketill með gamla laginu. Sýnir vatnsmagn. Ljós í on/off rofa og kapalgeymsla.

VERÐ **6.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Kenwood KM260
Hljóðlát 600w HRÆRIVÉL með 4,3 lítra stál skál, þeytara, hnoðara og hrærara. Geisladiskur með 90 uppskriftum fylgir.

TILBOÐ **24.995**
FULLT VERÐ 34.995

Kenwood FP180
450w MATVINNSLUVÉL með 1,0l blandara, Dual Drive System, 1 hraða og púls, 0,8L skál, stálhníf ofl.

TILBOÐ **9.995**
FULLT VERÐ 12.995

Kenwood FP250
750w MATVINNSLUVÉL með Dual Drive System,2 hröðum, púls, 2,1l skál, 1,2l blandara, stál hníf ofl.

TILBOÐ **19.995**
FULLT VERÐ 24.995

KENWOOD

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Leysum kirkju úr viðjum

Þjóðkirkjan

Séra Hjörtur Magni Jóhannsson
forstöðumaður Fríkirkjunnar í Reykjavík

Fátt ef nokkuð opinberar betur eðli þjóðkirkjustofnunarinnar en afstaða hennar til Fríkirkjunnar. Samkvæmt 62. gr. stjórnarskrárinnar ætti Fríkirkjan í Reykjavík að njóta stuðnings og verndar ríkisvaldsins. Þjóðkirkjan hefur komið í veg fyrir það. Fríkirkjan hefur verið evangelískt lúterskt trúfélag allt frá stofnun, skömmu eftir að við fengum trúfrelsi árið 1874. Fríkirkjan hefur frá upphafi verið íslensk grasrótarsamtök. Á meðan ríkiskirkjan var í grunninn arfleifð dansks stjórnsýslukerfis og embættismanna-apparats sem lengst af þjónaði dönskum hagsmunum, þá var Fríkirkjan virkur þátttakandi í sjálfstæðisbaráttunni. Á fyrrihluta síðustu aldar tilheyrði um helmingur Reykvíkinga Fríkirkjunni. Þjóðkirkjustofnunin leit á það sem ógnun og greip til sinna ráða. Á milli biskupsstofu og ráðuneytis var búin til lítil en gífurlega áhrifamikil reglugerð sem með nokkuð sjálfvirkum hætti tók fólk af skrá Fríkirkjunnar og setti í Þjóðkirkjuna. Fæstir tóku eftir þessu en þúsundir íslendinga færðust þannig yfir, án vitundar eða samþykkis. Trúfélagsgjöld viðkomandi streymdu nú í tug milljóna vís óhindrað í ríkiskirkjuna. Tölur um trúfélagsaðild landsmanna eru enn mótaðar af þessu.

Undanfarin 13 ár hefur fjölgað mjög í Fríkirkjunni við Tjörnina og meðlimir hennar teljast nú nokkuð á tíunda þúsundið. Ef hér á landi væri raunveruleg öflug lútersk kirkja þá myndi hún fagna slíkum vexti og styðja við starfsemina. En Fríkirkjunni er refsað fyrir að hafa tekið það skref sem þjóðkirkjustofnunin hefur hvorki haft trú né djörfung til að taka.

Er hvatinn vantrú?

Biskupsstofu og kirkjuþingi er fullkunnugt um þá hróplegu mismunun sem Fríkirkjan býr við. En þar kjósa menn að heyra ekki, sjá ekki og tala ekki. Það er áleitin hugsun að í raun sé það vantrú sem er drifkraftur þjóðkirkjustofnunarinnar. Að þar á bæ hafi menn alls ekki trú á því að frjáls kristin kirkja geti þrifist hér á landi. Að eftir mörg hundruð ára stofnunarkristindóm sé jarðvegurinn orðin svo ófrjór að ekkert geti vaxið upp. Á það verðum við samt að láta reyna.

Nýja Ísland – Ný umgjörð

Nýja Ísland kallar á nýja trúverðuga og lýðræðislega umgjörð lífsskoðana og trúmála. Þörfin hefur sjaldan verið brýnni en einmitt nú, þegar kreppir að og vonir okkar og væntingar hafa meira vægi en nokkurn tíma áður.

Heiðarleiki, jafnræði, lýðræði og trúverðugleiki eru þau gildi sem þjóðin vill hafa að leiðarljósi. Allt eru þetta í raun kristin lútersk gildi.

62. gr. stjórnarskrárinnar

Í umræðum um endurnýjun stjórnarskrárinnar er eðlilega nokkuð fjallað um 62. greinina þar sem getið er um sérstöðu hinnar evangelísku lútersku kirkju. Sumir vilja fella þá grein niður í þeim tilgangi að skapa lýðræðislega jafnræðisumgjörð lífsskoðana og trúmála hér á landi.

> Á fyrrihluta síðustu aldar tilheyrði um helmingur Reykvíkinga Fríkirkjunni. Þjóðkirkjustofnunin leit á það sem ógnun og greip til sinna ráða.

Ef valdhafar vilja trausta og örugga umgjörð um okkar kristna sið og menningu þá eru til margfalt betri leiðir en sú sem nú er farin. Ómyndug ríkisrekin trúmálastofnun sem leitar sér samsvörunar ýmist í kaþólskri kirkjustofnun miðalda eða skaðlegri bókstafshyggju samtímans er þjóð okkar ekki samboðin.

Við höfum ekki efni á því að kristnar innistæður meðal þjóðarinnar gjaldfalli enn frekar og rýrni með auknum hraða.

Það sem hæst kallar á niðurfellingu 62. gr. stjórnarskrárinnar er einmitt sú framganga þjóðkirkjustofnunarinnar sem hér hefur verið lýst! En í raun ætti það ekki að vera nauðsynlegt að fella greinina niður. Miklu nær væri að endurskoða ef ekki fella alveg úr gildi siðlausan samning ríkis og þjóðkirkjustofnunarinnar sem gerður var fyrir rúmum áratug. Það er fyrst og fremst sá samningur sem kemur í veg fyrir fullt trúfélagafrelsi hér á landi. Með endurskoðun þess samnings mætti losa hina almennu kirkju úr viðjum. Í raun felst engin mótsögn í því að kenna sig við þá Krist og Lúter annars vegar og hins vegar að beita sér fyrir því að koma á fullu trúfélaga- og lífsskoðanafrelsi.

Með mótmælum sínum og siðbreytingu tengdi Martin Lúter einmitt trúna aftur við samfélagslegt réttlæti, frelsi, lýðræði og jafnrétti rétt eins og Jesús Kristur. Báðir voru þeir andvígir trúarstofnunum. Við varðveitum best okkar kristnu sögu og trúararf með lýðræðislegum jafnræðisleiðum og það er leið Krists og Lúters.

Hin nýja lagalega umgjörð verður einnig að höfða til húmanista og trúleysingja því þeir eiga einnig sínar vonir og væntingar um betra líf og þeir e.t.v. frekar en margir aðrir hafa fundið þungann af mistökum trúarstofnunarinnar í aldanna rás.

Að vinna að slíkri umgjörð um trú og lífsskoðanafélög er heillandi viðfangsefni. Það er í anda nýsköpunar og sprotastarfsemi og einmitt þar er Guð að finna. Sú víða og djarfa sýn er sú eina sem hæfir nútíma lýðræðissamfélagi.

Sagan af lífeyrinum dýra

Lífeyrismál

Guðlaug Kristjánsdóttir,
formaður BHM

Páll Halldórsson
varaformaður BHM

Stefán Aðalsteinsson
framkvæmdastjóri BHM

Lífeyriskjör opinberra starfsmanna hafa sætt mikilli gagnrýni að undanförnu. Talsmenn almenns markaðar hafa þar verið áberandi, en ekki síður þingmenn.

Gagnrýnt hefur verið að lífeyrir opinberra starfsmanna njóti ríkisábyrgðar sem þurfi að fjármagna með skattgreiðslum alls vinnumarkaðar.

En hver eru þá þessi ofurkjör?

Lífeyriskerfi opinberra starfsmanna ganga í megindráttum út á það að lífeyrir sé tryggður sem tiltekið hlutfall af lokalaunum. Verði tvísýnt um að innistæða verði í sjóðum til að greiða út lífeyri, skuli auka inngreiðslur frá vinnuveitanda.

Lífeyriskjör opinberra starfsmanna hafa löngum haft þá tilhneigingu að halda niðri launum þeirra, enda lífeyrisloforð talin þeim til tekna. Heildarkostnaður launagreiðandans sé með öðrum orðum svo ærinn vegna lífeyrishlutans, að þess verði að sjást merki í launaumslaginu. Ekki skal hér fullyrt að sá 20-30% launamunur sem aðskilur almennan og opinberan vinnumarkað með viðvarandi hætti, eigi allur að skrifast á reikning lífeyrissparnaðar, en ef svo væri má sjá hvaða verði opinber launþegi greiðir lífeyriskjör sín á starfsævinni.

Lífeyriskerfi á Íslandi byggir á þremur stoðum; lífeyrissparnaði, almennum sparnaði og almannatryggingum. Ríkið ábyrgist sína starfsmenn sem vinnuveitandi og vissulega njóta sjóðfélagar í B-deild LSR ríkisábyrgðar á sínum lífeyrisgreiðslum.

Almannatryggingakerfið tryggir fyrst og fremst þá sem hafa lítil réttindi í lífeyrissjóðum. Áhugavert er að skoða samspil stoðanna – almannatrygginga (sem eru fjármagnaðar með skattgreiðslum) og lífeyrissjóða (sem eru fjármagnaðir með lífeyrissparnaði).

Þegar samspil stoðanna er greint kemur í ljós eftirfarandi mynd: Almannatryggingar gera ráð fyrir því að allir yfir 67 ára aldri fái í sinn hlut tiltekna lágmarksgreiðslu sem er fyrir einstaklinga 180.000 krónur og fólk í sambúð 153.500.

Lífeyrissparnaður dregst frá framlagi almannatrygginga, með tilteknu skerðingarhlutfalli.

Kostnaður ríkisins við að tryggja öldruðum framfærslu er því í beinu sambandi við lífeyriskjörin í landinu. Ef fleiri hefðu lítinn lífeyri, yrði kostnaður ríkissjóðs meiri, þannig að í raun virka lífeyrisgreiðslur sem niðurgreiðsla inn í almannatryggingakerfið.

> Lífeyriskjör opinberra starfsmanna hafa löngum haft þá tilhneigingu að halda niðri launum þeirra

Yrði fólk yfir 67 ára aldri að lifa á tryggingabótum einum en fengi ekki lífeyri eða aðrar tekjur, væri kostnaður ríkissjóðs af því 65 milljarðar króna á ári. Þessi kostnaður var árið 2009 25 milljarðar, þannig að hlutur lífeyris til niðurgreiðslu almannatrygginga er allt að 40 milljarðar.

Hið sama á við um kostnað vegna dvalar á elli- og hjúkrunarheimilum, lífeyrisgreiðslur ganga þar upp í kostnað sem annars er greiddur af almannatryggingum.

Ef tekið er tillit til allra jaðaráhrifa skatta og það skoðað hver nettóávinningur lífeyrisgreiðslna er (umfram 180 þúsund krónurnar sem einstaklingur fengi ef hann ætti engan lífeyrisrétt) kemur eftirfarandi í ljós: Sá sem fær í sinn hlut 260 þúsund krónur úr lífeyrissjóði (sem samsvarar lokalaunum u.þ.b. 400 þúsund eftir meðallanga starfsævi) hefur nettó 20 þúsund umfram 180 þúsundin sem hann annars fengi frá almannatryggingum. 260 þúsund krónur í lífeyri er vel ofan meðallags. Nettó ávinningur af lífeyrisgreiðslum frá 0 krónum upp í 500 þúsund er frá því að vera enginn og upp í að vera 150 þúsund krónur.

Það eru heldur rýr kjör að fá til sín 20 þúsund krónur á mánuði eftir áratuga lífeyrissparnað og því mætti spyrja hvort lífeyrissparnaður gefi launamönnum nokkuð í aðra hönd. Á það ber hins vegar að líta að ef enginn væri lífeyririnn, væri heldur engin 180 þúsund króna lágmarkstrygging af almannafé – það væri einfaldlega ekki fótur fyrir slíku.

Forysta launafólks sér ennfremur hag í því að launamenn haldi sjálfir utan um sína sjóði og réttindi í þeim, því eins og ljóst er orðið í tilfelli fæðingarorlofssjóðs, eiga slíkir sjóðir mjög undir högg að sækja innan ríkisreikningsins og hætt við því að áunnin réttindi séu skert þegar ríkissjóður stendur illa.

Þegar nettóávinningur af sæmilegum lífeyri er settur í samband við framlagið til almannatrygginga, hlýtur að vera morgunljóst að rökin fyrir því að laun ríkisstarfsmanna þurfi að vera lægri en á almennum markaði vegna betri lífeyriskjara halda ekki vatni. Eða hvers vegna ætti að refsa launafólki í opinbera geiranum fyrir það að rífleg framlög í lífeyrissjóði auðveldi hinu opinbera að tryggja 180 þúsund króna lágmarksframfærslu þeirra sem lakari hafa lífeyriskjörin?

LAUGAVEGUR
dúnúlpa
Verð: 28.500 kr.
Stærðir: S-L
90% dúnn
*

Hlý og lipur dúnúlpa úr vatnsfráhrindandi næloni með 90/10 dúnfyllingu. Hægt að snúa við og nota á röngunni. * Mismunandi litaúrval í verslunum.
66 NORÐURSKAUT

LAUGAVEGUR
dúnkápa
Verð: 33.000 kr.
Stærðir: S-2XL
90% dúnn
*

Létt og klæðileg dúnkápa úr vatnsfráhrindandi næloni. Kápan er með 90/10 dúnfyllingu og er mjög lipur og þægileg. * Mismunandi litaúrval í verslunum.
66 NORÐURSKAUT

HEIMILISTÆKI
Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.

SEVERIN

Vöfflujárn WA2103
- Vöfflujárn
- Þolir mikinn hita
- Ryðfrítt stál
- 1200w
- Non-stick klæðning
- Ljós fyrir bökunartíma

4.990kr
~~5.990~~

exido STEEL SERIES

Eldhúsvog 246030
- Mælir frá 10g að 5.000g
- Stór skjár
- Slekkur sjálfvirkt á sér
- Lætur vita þegar lítið er eftir af rafhlöðu
- Tekur 2xCR2032 rafhlöður (fylgja)
- Snertitakkar

3.990kr
GOTT VERÐ

Melissa

Hakkari 646094
- 140w mótor
- Tilvalinn til að hakka smáskammta af t.d lauk
- Ryðfrír stál hnífur
- Öryggisrofi

2.990kr
~~3.990~~

Melissa

Kaffikvörn
645141
- 150w
- Tekur 50g
- Margar stillingar

4.490kr
GOTT VERÐ

SEVERIN

Handþeytari með skál
HM3814
- 250w mótor
- 5 hraðastillingar + Turbo
- Standur og 3L skál fylgja
- 2 aukahlutir fylgja

6.990kr
GOTT VERÐ

SEVERIN

Handþeytari
HM3827
- 200w handþeytari
- 5 hraðastillingar
- Hnoðarar fylgja

2.990kr
GOTT VERÐ

KENWOOD

Matvinnsluvél FP180
- Mjög handhæg matvinnsluvél og blandari
- 16 notkunarmöguleikar
- Öflugur 450w mótor með Dual Drive System
- 1 hraðastilling og púls möguleiki
- 0,8 lítra skál
- 1,0 lítra blandari
- Stál hnífur

9.990kr
GOTT VERÐ

KENWOOD

Blandari 600w BL450
- Öflugur 600w mótor
- 1,6l skál úr hertu plasti
- Vandaðir hnífar sem geta mulið ís
- Hægt að taka hnífa frá til að hreinsa
- 2 hraðastillingar ásamt púls
- Gúmmífætur fyrir betri stöðuleika
- Mulningskvörn fylgir

6.990kr
GOTT VERÐ

PHILIPS

Töfrasproti 600w HR1364
- Kröftugur mótor með Turbó möguleika
- Twist and Spice hnífar sem vinna bæði lárétt og lóðrétt
- Auðvelt að þrífa
- Þeytari fylgir

7.990kr
GOTT VERÐ

Gildir til 24. nóvember á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

tímamót

timamot@frettabladid.is

SVAVAR GUÐNASON listmálari fæddist þennan dag árið 1909
„Listin sprettur af lífinu sjálfu en ekki neinni fagurfræði.“

Merkisatburðir

1709 Biskupsstofan á Hólum í Hjaltadal brennur til kaldra kola. Barn brennur inni og margir dýrgripir tapast.

1897 Blaðamannafélag Íslands er stofnað. Það er stéttarfélag blaðamanna og fréttamanna.

1902 Morris Michton, leikfangasmiður í Brooklyn, nefnir bangsa Teddy í höfuðið á Teddy Roosevelt Bandaríkjaforseta.

1920 Séra Matthías Jochumsson skáld deyr, 85 ára að aldri. Eftir hann liggja meðal annars þjóðsöngurinn (Lofsöngur) og leikritið Skugga-Sveinn.

1963 Bell símafélagið kynnir fyrsta takkasímann.

1981 Áttunda hrina Kröfluelda hefst. Mestur krafturer í gosinu fyrstu tvo tímana en því lýkur á fimm dögum.

1997 Málverk Willems de Kooning, Tvær standandi konur, selst á 4.182.500 dali.

Klassísk veisla hjá Sinfóníunni

Í kvöld efnir Sinfóníuhljómsveit Íslands til klassískrar veislu þar sem flutt verða vinsæl verk eftir meistarana Haydn, Mozart og Beethoven. Flytjendur eru margverðlaunaðir fyrir túlkun sína á einmitt þessum snillingum: ítalski hljómsveitarstjórinn Giovanni Antonini og bandarískí píanóleikarinn Robert Levin.

Giovanni Antonini stýrir ítalska tónlistarhópnum Il Giardino Armonico og hefur stjórnað flutningi á metsöludiskum Ceciliu Bartoli, meðal annars diski með aríum Vivaldis sem hlaut Grammyverðlaun árið 2000. Þá hafa hljómdiskar hans með sinfóníum Beethovens hjá Sony Classical hlotið mikið lof gagnrýnenda upp á síðkastið.

Robert Levin er prófessor í tónlist við Harvard og sérhæfir sig í flutningi verka eftir Mozart og Beethoven. Hann er einn örfárra núlifandi píanista sem hafa það fyrir sið að leika kadensur einleikskonserta af fingrum fram eins og tíðkaðist á tímum tónskáldanna sjálfra.

MOZART Píanókonsert Mozarts í d-moll sem er í uppáhaldi hjá mörgum er á dagskrá Sinfóníunnar í kvöld.

Miðaverð: 3.900 / 3.400

Miðasala á www.sinfonia.is, í síma 545 2500 og í miðasölu SÍ í Háskólabíói.

ÞETTA GERÐIST: 18. NÓVEMBER 1932

Tveir fá Óskar sem besti leikarinn

18. nóvember 1932 varð sá sögulegi atburður að tveir leikarar hlutu Óskarsverðlaun fyrir bestan leik í aðalhlutverki. Þetta voru þeir Fredric March og Wallace Beery, en aðeins eitt atkvæði skildi þá að eftir atkvæðagreiðslu akademíunnar og var ákveðið að báðir skyldu hljóta verðlaunin. March hlaut verðlaunin fyrir hlutverk sitt í Dr. Jekyll and Mr. Hyde en Beery fyrir hlutverk sitt í The Champ. Fleira áttu þeir félagar March og Beery sameiginlegt þetta verðlaunaár því báðir höfðu ættleitt barn á árinu, eins og March benti á í þakkarræðu sinni.

Þetta var fimmta Óskarsverðlaunahátíðin og meðal þeirra sem einnig fengu verðlaun var Walt Disney, sem hlaut tvenn. Önnur voru heiðursverðlaun fyrir að hafa skapað Mikka mús og hin fyrir teiknimyndina Flowers and Trees. Handritshöfundur The Champ, Frances Marion, hlaut verðlaun og Helen Hayes var valin besta leikkona í aðalhlutverki í myndinni The Sin of Madelon Claudet.

LEIKSTJÓRINN Þykir óskaplega vænt um viðtökurnar sem DVD-diskurinn Sigla himinfley hefur fengið, segir Þráinn Bertelsson, leikstjóri þáttanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIGLA HIMINFLEY: Í EFSTA SÆTI SÖLULISTA 16 ÁRUM EFTIR FRUMSÝNINGU

Svolítið varanleg stemning

„Jú, það kemur mér svo sannarlega á óvart,“ segir Þráinn Bertelsson leikstjóri spurður hvort hann sé ekkert hissa á að DVD-diskurinn Sigla himinfley skuli vera á toppi sölulista Eymundsson.

„Mér þykir auðvitað óskaplega vænt um það, sérstaklega vegna þess að það er nú þannig með flesta hluti í nútímanum að þeir eiga sér ákveðinn líftíma sem er heldur skammur. Sjónvarpsmynd sem lifir einhver ár er orðið svolítið furðuverk. Það er búið að sýna Himinfleyin nokkrum sinnum í sjónvarpinu, en nú hefur orðið hlé á því og þá var drifið í þessari DVD-útgáfu hjá Sögum útgáfu og mér finnst voða gaman að þetta skuli vera svona endingargott,“ segir Þráinn.

Sigla Himinfley, ein vinsælasta íslenska sjónvarpsþáttaröð allra tíma, í nýrri DVD-útgáfu frá Sögum gerði sér lítið fyrir og skaust í efsta sæti á sölulista Eymundsson nú í vikunni.

Þættirnir, sem voru að mestu myndaðir í Vestmannaeyjum, voru sýndir í Ríkissjónvarpinu árið 1994. Þeir voru gerðir eftir handriti Þráins Bertelssonar, sem einnig leikstýrði, og á meðal leikara eru margir ástsælustu leikarar þjóðarinnar; Gísli Halldórsson, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Rúrik Haraldsson, Gunnar Eyjólfsson og margir fleiri. Þættirnir vöktu gífurlega athygli á sínum tíma og frumsýning þáttanna hlaut 68% áhorf á RÚV árið 1994.

Verð **kr. 1.890 þús.**

Diesel 1.4

Toyota Auris Terra Diesel MT

6/2008 Beinskiptur. Ekinn 54 þ.km. Eyðsla 4-6 l/100
Glæsilegur vetrarkaupauki að verðmæti 170.000.
- fylgir með.

Verð **kr. 2.470 þús.**

Diesel 1.9

Skoda Octavia Ambiente 4x4 TDI

4X4 6/2008 Beinsk 6gíra. Ekinn 63 þ.km. Eyðsla 6-8 l/100
Glæsilegur vetrarkaupauki að verðmæti 180.000.
- fylgir með.

Verð **kr. 2.750 þús.**

Við elskum að selja bíla

vörður tryggingar hf. · SÓLNING · ORKAN · LÖÐUR

GRAFIKER

DIESEL.is

Kletthálsi 15
Sími 578 5252
diesel@diesel.is

500-999 þús.

Range Rover ,98 2.5D Skodadur 2010. Uppl. 896 6758 Verd 640.000- stgr.

Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

Kaupi bilaða bíla
Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar, svona ca. 20-200 þús. sími 896 6744.

ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374 .

Jeppar

390.þ stgr.
Til sölu Nissan Primera árg 07/2000 beinskiptur ek. 178.þ smurbók tímakeðja ný skoðaður ,11 í topp standi sumar og vetrardekk ásett verð 490.þ fæst á 390.þ stgr. Uppl 858.0300.

Sendibílar

Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

Mótorhjól

Motor sport

Rafmagnshjólin komin!
Sama verð og síðasta sending. Verð 139.900kr. Pantanir óskast sóttar.

City Runner ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum

Tilboð! Yamaha Yz 450F ,08 motocross-hjól nýr stimpill, kúpling, fmf púst o.m.f. V. 550.000. Uppl. í s. 693 6668.

Reiðhjól

Kría Hjól
Eina sérhæfða hjóla-smíðastofa landsins!
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.659 159 eða 664 6440 kriacycles.com

Vélsleðar

Ski doo Renegade 4stroke 1200 árgerð 2010 ekinn 575km 15x137x1,75 Tilboðsverð 2.650.000.- Uppl. í Ellingsen 580 8500 www.ellingsen.is

Vinnuvélar

Til leigu skotbómu lyftur/lyftarar 15.5 og 22m ,12m. Góð verð s: 660 1704.

Bátar

Strandveiðibátar til sölu - skiptatilboð - til sölu hraðfiskibátar - vantar grá-sleppuleyfi - hafðu samband - SAFIR skipasala - www.safir.is

Bílaþjónusta

PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-Lausnir ehf. 561-8373 www.dslausnir.is

Öll almenn bílaþjónusta
Umfelgun og dekkjasala 1250kr. per dekk, get umfelgað á kvöldin og um helgar ekkert aukagjald. Er einnig með almenna viðgerðarþjónustu, járnsmíði og bílavörur til sölu. Uppl. s. 853 3340.

Hjólbarðar

Dekk og felgur í ýmsa bíla. Upplýsingar í síma 896 8568.

Varahlutir

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir, dekk og felgur í ýmsa bíla. S. 896 8568.

partabílar.is 770-6400
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is sími 420-1200

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

KEYPT & SELT

Til sölu

Ljósakrossar á leiði til sölu 12v-24v-32v og Rafhlöðukrossar. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206.

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18.

Ísskápar, þvottavélar, þurkarar, frystiskápur, eldavélar, uppþvottavél, borðtölva, sjónvörp, stólar, video, rúm, örbylgjuofn, spennubreytar, bílavarahlutir, dekk. S : 896 8568.

Flott hlaupabretti til sölu, ÁRG. ,07, notað 40klst nordic treck EX 3600 m.TV verð 250þ S. 777 6322.

Til sölu Ariston ísskapur, rosalega góður. Frystihólfið er sér. S. 691 5221.

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Hljóðfæri

Vel með farið píanó til sölu. Verð 198.000.- Uppl. í síma 820 0782. Er í Rvík.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Vélar og verkfæri

Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSK~~Sími: 5520110 www.pon.is~~

Til bygginga

Verslun

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM!!
FRÁBÆR VERÐ,str: 36-56.
Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Whole bode massage 841 8529.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Þjónusta

Reykstopp með árangri s:694 5494
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Dýrahald

Silky Terrier
10 vikna tík til sölu. Bólusett. Upplýsingar í síma 691 7959.

Labradorhvolpar
Hrfí. draumheimaræktun ótrúlega fallegir og blíðir, tilbúnir til afhendingar. Sími 695 9597/482 4010.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Útilegubúnaður

Vatnsheldar töskur og pokar, þýsk gæði, 5 ára ábyrgð varahlutaþjónusta. Hirzlan Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564-5040 www.hirzlan.com

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

STAY APARTMENTS

STAY APARTMENTS - VIKULEIGA
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM
Dags, viku og mánaðarleiga. GISTIHÚSIÐ EGILSBORG sími 896 4661

Til leigu falleg 3ja herb. nýuppgerð íbúð á Rauðarárstíg. Leiga 120.000þús á mánuði og trygging 240.000kr. Langtímaleiga, aðeins traust og reglusamt fólk kemur til greina.

896 2964 - Laus strax.

Rúmgott Herbergi. Sér inngangur, baðherbergi. Innif. hiti/rafm/net s. 894 2145 30þ.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 3 herbergja rúmgóð íbúð með frábæru útsýni og mikilli lofthæð við sjávarsíðuna hjá Korpúlfsstöðum á 130 þús á mánuði. Upplýsingar í síma: 824 1258.

Húsnæði óskast

Labrador hvolpar til sölu. Hvolparnir eru gullfallegir með frábært geðslag. Þeir eru hreinræktaðir með ættbók frá HRFÍ. Tilbúnir að fara til nýrra eiganda. Þeir verða seldir á 130 þúsund. Uppl. í s. 899 7167.

Par með hund óskar eftir ódýrri íbúð á höfuðborgarsvæðinu. S:650-3228 Kristjana

Húsnæði til sölu

Til sölu tvö samliggjandi endabil í geymsluhúsnæði að Móhellu 4 í Hafnarfirði, 26,3 m2 hvort. VSK kvöð. Afgirt og vaktað svæði. Verð kr. 7.800.000 - Ekkert áhvílandi. Sími 588 7050.

Sumarbústaðir

Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!
Heitur pottur og sauna. Gistiaðstaða fyrir allt að 10 manns. Helgarleiga á 75þ. Laust næstu helgar og um jól og áramót. Uppl. í s. 898 1598.

100 fm sumarbústaður til leigu í Grímsnesi. Uppl. í s. 868 6593.

Sumarhús til leigu í Húsafelli - Helgarleiga. Laus. Uppl. í S. 895 2490.

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Gisting

Gisting Akureyri - Gista.is. Íbúðir í göngufæri við miðbæ. Lín og þráðlaust net. S. 694-4314.

ATVINNA

Atvinna í boði

Italiano Pizzeria

Italiano er að leita að duglegum, snyrtilegum starfsmanni í hlutastarf og fullt starf. Góð íslenskukunnátta og mikil hæfni í mannlegum samskiptum áskilin. Sæktu um á staðnum eða sendu okkur mail á italiano@italiano.is

Vinnumann vantar á Hestabúgarð í Þýskalandi. Vinnan felst í fóðrun, hirðingu og almennum sveitastörfum. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 0049-8124-909522 eda email v.einarsson@flengur.de

LR vantar fólk til kynningarstarfa á norðurlandi. Uppl. í s. 894 0339.

Er að leita að sölufólki á frábærum þýskum vörum. Góð laun. Upplýsingar í síma 867 0677.

Einkamál

Spjalldömur 908 1818
Hæ strákar hringið í okkur. Opið þegar ykkur langar.

Ný upptaka! Falleg kona og mjög örvuð, nýsnyrt og nýkomin úr baði, leikur sér af mikilli nautn. Hámarkið er magnað. Þú heyrir þessa nýjustu upptöku og ríflega 500 aðrar hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8862.

Konur í ævintýraleit! Rauða Torgið Stefnumót kemur þér í samband við rétta karlmanninn. Þú auglýsir frítt í s. 555-4321 og auglýsingin birtist samstundis.

Kona um fimmtugt vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8780.

Karlmaður um sextugt í fullu fjöri vill kynnast karlmanni. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8117.

Flottasta myndin - samkeppni Ljósmyndasamkeppni hefur hafist á kanínunni og eru verðlaun á bilinu kr. 50.000 - 200.000 í boði fyrir stigahæstu ljósmyndina í hverjum flokk. Þátttaka í keppninni er ókeypis en skoðun mynda í keppnisalbúmum + einkunnagjöf er bundin áskrift. PurpleRabbit.eu.

Ókeypis einkaspjall Einkaspjallið er frítt hjá öllum notendum kanínunnar. Textaspjall + „full screen" videóspjall m/hljóði (hugbúnaður frá Flashcoms.com). Samskiptin eru heit á PurpleRabbit.eu.

Spennandi vídeó íslenskra kvenna óskast
Samskiptavefurinn PurpleRabbit.eu vill kaupa spennandi myndskeið hugguleg ra íslenzkra kvenna til birtingar á vef sínum. Allar nánari upplýsingar á PurpleRabbit.eu.

Ungur maður sem kemur reglulega til Reykjavíkur vill kynnast konu með trúnaðarsambandi í huga. Beggja hagur, algjör trúnaður. Tilboð sendist blaðinu merkt „Bráðum koma jól".

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Styrkir

Reykjavíkurborg Velferðarsvið

Styrkir til verkefna sem hvetja til virkni fólks

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um verkefni sem hvetja til virkni fólks sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Velferðarsviði.

Við úthlutun styrkjanna verður tekið mið af því að verkefnin nýtist sem flestum, þau séu fjölbreytt og leiði til aukinnar virkni og velferðar þeirra sem fá fjárhagsaðstoð.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2010.

Nánari upplýsingar eru á vef Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/virkniverkefni

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.

Fasteignir

FASTEIGNA MIÐLUN

Ármúla 19 – Sími 575-8500 Pálmi Almarsson, lögg.fasteignasali

MJÖG MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR Á SKRÁ

Vegna mikillar sölu vantar okkur eignir á skrá. Höfum á skrá áhugasama kaupendur sem bíða eftir réttu eigninni. Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu þá sambandi við sölumenn okkar í síma 575-8500 Fasteignamiðlun í 30 ára, fasteignamidlun.is.

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is
www.berg.is
Fax: 588 5540

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
Petur@berg.is

OPIÐ HÚS

Opið hús. í dag kl. 17-18

Gullsmári 9, íbúð á 7. hæð bjalla 702. Vönduð 75,6 fm. íbúð á 7. hæð auk 28,8 fm. bílskúrs í Gullsmára 9 í Kópavogi. Tvö góð svefnherbergi, rúmgóð stofa og eldhús. Útgengt á svalir með hertu gleri. Flott útsýni. Íbúðin er laus fljótlega. **Daniel tekur á móti áhugasömum frá kl. 17-18 í dag.**

Uppboð

Sýslumaðurinn á Húsavík
Útgarði 1, 641 Húsavík, s: 464 1300

UPPBOÐ

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Bakkavegur 2, fnr. 216-7717, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Mosalind ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Langanesbyggð, Tollstjórinn og Vörður tryggingar hf, þriðjudaginn 23. nóvember 2010, kl. 14:00.

Birkihraun 12, fnr. 216-3354, 660 Mývatni, þingl. eig. Hermann Kristjánsson, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, miðvikudaginn 24. nóvember 2010 kl. 13:00.

Lykilhótel, Skútustaðaskóli, fnr. 216-3343, 660 Mývatni, þingl. eig. Lykilhótel ehf, gerðarbeiðandi Byggðastofnun, miðvikudaginn 24. nóvember 2010 kl. 14:00.

Lyngholt 34-40, fnr. 231-7436, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Bjarnahús ehf, gerðarbeiðandi Norðurþing, fimmtudaginn 25. nóvember 2010 kl. 11:00.

Brúnagerði 3, fnr. 230-1766, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Héðinn Helgason, gerðarbeiðendur Sýslumaðurinn á Blönduósi og Sýslumaðurinn á Húsavík, fimmtudaginn 25. nóvember 2010 kl. 11:30.

Grundargarður 13, íbúð 04-0204, fnr. 215-2791, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Íris Irma Garðarsdóttir, gerðarbeiðandi Íslandsbanki hf, fimmtudaginn 25. nóvember 2010 kl. 13:00.

Garðarsbraut 7, fnr. 223-0540, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Þórarinn Ólafsson, gerðarbeiðendur Sýslumaðurinn á Hvolsvelli og Tryggingamiðstöðin hf, fimmtudaginn 25. nóvember 2010 kl. 13:30.

Garðarsbraut 75, fnr. 215-2695 , 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Þórarinn Ólafsson, gerðarbeiðandi Tryggingamiðstöðin hf, fimmtudaginn 25. nóvember 2010 kl. 14:00.

Sólbrekka 5, fnr. 215-3252, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Þórarinn Ólafsson, gerðarbeiðandi Tryggingamiðstöðin hf, fimmtudaginn 25. nóvember 2010 kl. 14:30.

Garðarsbraut 33, fnr. 215-2596, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Arnar Birgisson, gerðarbeiðandi Íslandsbanki hf, fimmtudaginn 25. nóvember 2010 kl. 15:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
17. nóvember 2010

AFMÆLI

Chloë Sevigny leikkona er 36 ára.

Owen Wilson leikari er 42 ára.

Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðasviðs Reykjavíkurborgar, er 45 ára.

Þórir Guðmundsson, kynningar- og markaðsstjóri Rauða krossins, er 50 ára.

Um hönnun íslenska skálans

Páll Hjaltason arkitekt, aðalhönnuður og listrænn stjórnandi íslenska skálans á Expó í Kína, fjallar um ferli, áskoranir og árangur Expóskálans í fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvar, Listasafns Reykjavíkur og Listaháskóla Íslands í kvöld klukkan 20 í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur.

Útlit íslenska skálans á heimssýningunni 2010 í Sjanghaí var teningur úr striga með áprentuðum grafískum jökulís sem var baklýstur að kvöldlagi. Inni í skálanum sýndu átta myndvörpur 15 mínútna stuttmynd um Ísland í hárri upplausn. Varpað var á alla veggi og loft skálans og þannig skapað umlykjandi rými myndar og hljóðs. Leitast var við að skapa andrúmsloft í skálanum sem líkast því og fyrirfinnst á Íslandi.

Landkynningarátak á sýningunni gekk út á að kynna mikilvægi náttúrulegra orkuauðlinda á Íslandi annars vegar og menningar, bæjar- og borgarsamfélaga hins vegar. „Hrein orka – Heilbrigt líferni“ var yfirskrift íslenska skálans og fléttað ist það saman við aðalþema sýningarinnar – Betri borg, betra líf.

ARKITEKT Páll Hjaltason fjallar um hönnun íslenska skálans á Expó í Kína í Hafnarhúsi í kvöld.

Laugardagur með Lennon

Borgarbókasafn tekur á móti minningarhylki um John Lennon í tilefni af sjötíu ára fæðingarafmæli listamannsins.

Um helgina verður í aðalsafni Borgarbókasafns dagskrá tileinkuð John Lennon og friðarboðskap hans.

Dagskráin er liður í Imagine Reykjavik hátíðarhöldunum og er hún haldin í tilefni af móttöku tón- og mynddeildar Borgarbókasafns á einu af þremur minningarhylkjum um John Lennon sem BoxofVision LLC, Rock and Roll Hall of Fame and Museum og Yoko Ono létu gera á sjötíu ára fæðingarafmæli Lennons.

Í hylkjunum er meðal annars að finna allar plötur Lennons, nýleg skrif um hann, nýfundin plötulistaverk eftir hann og árnaðaróskir og myndefni frá aðdáendum. Auk þess eru þar tæki og tól svo örugglega verði hægt að spila ofangreint efni að 30 árum liðnum en hylkin hafa nú verið innsigluð og verða ekki opnuð fyrr en 9. október 2040 á hundrað ára fæðingarafmæli Lennons.

JOHN LENNON Lög Lennons eru varðveitt í minningarhylkjum sem Borgarbókasafnið mun varðveita.

Á dagskránni koma meðal annars fram Illugi Jökulsson og hljómsveitin Robert the Roomate.

Dagskráin hefst klukkan 15 á laugardag og verður haldin sem fyrr segir í aðalsafni Borgarbókasafns í Tryggvagötu 15. Dagskráin er opin öllum og kostar ekkert inn.

Leiðir kynntar til nýsköpunar

Svokölluð Nýsköpunarmessa Háskóla Íslands fer fram á morgun á Háskólatorgi en messan er hugsuð til kynningar á þeim ýmsu leiðum sem hægt er að fara að nýsköpun og athafnasemi.

Nýsköpunarmessan er unnin í samvinnu við Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands og Innovit og er hluti af alþjóðlegri athafnaviku sem Innovit stendur fyrir hér á landi. Meðal þeirra aðila sem kynna starfsemi sína og hugmyndir á morgun eru ung sprotafyrirtæki sem og eldri og gamalgrónari fyrirtæki. Má þar nefna Meniga, Einkaleyfastofu og Global Call.

NÝSKÖPUNARMESSA Messan sem fram fer á Háskólatorgi á morgun er hluti af alþjóðlegri athafnaviku.

Hljómsveitin For a Minor Reflection spilar nýsköpunarrokk og þá verða Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands veitt síðdegis. Kynningarnar hefjast klukkan 11 og þeim lýkur klukkan 17. - jma

SÍKVIK NÁTTÚRA Bláfjallakvísl á Álftaversafrétti.

Vilja vernda stórbrotna náttúru

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi eru grasrótarsamtök áhugafólks á landsvísu. Þau vilja stuðla að verndun hinnar stórbrotnu og síkviku náttúru á því víðlenda svæði sem tilheyrir sveitarfélaginu Skaftárhreppi. Stofnfundur var haldinn hinn 28. júní 2010 af áhugafólki búsettu í Skaftárhreppi. Nýlega var svo haldinn framhaldsstofnfundur samtakanna á Hótel Klaustri.

Að sögn Ólafíu Jakobsdóttur, talsmanns samtakanna, eru markmið þeirra að vera málsvari umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða, fyrst og fremst. Þeim markmiðum hyggjast þau ná með því að efla vitund almennings, einkum íbúa Skaftárhrepps um gildi náttúrunnar, umhverfismál og náttúruvernd og að veita stjórnvöldum og framkvæmdaaðilum gagnrýnið aðhald.

Stofnfélagar eru þeir sem undirrita stefnuyfirlýsingu Eldvatna fyrir árslok 2010. Félagið er opið öllum lögráða einstaklingum er leggja vilja umhverfis- og náttúruvernd lið, í samræmi við markmið samtakanna og lög þeirra.

Undanfarna áratugi hefur á margan hátt verið staðið vel að umhverfis- og náttúruverndarmálum í Skaftárhreppi en síðustu misserin hafa verið uppi háværar raddir um að nýta landið á ágengan hátt á kostnað náttúrunnar. Á það ekki síst við um hugmyndir sem lúta að virkjunum á jökulvötnum svæðisins. Samtökin leggjast eindregið gegn slíkum hugmyndum, að sögn Ólafíu.

Skaftárhreppur er um sjö prósent af Íslandi, þar er stórbrotin náttúra í sífelldri mótun; lítt raskað verðmætt víðerni. Undirstaða atvinnulífs í sveitarfélaginu er landbúnaður og ferðaþjónusta og vaxandi áhersla er á rannsóknir og fræðslutengda starfsemi. „Samtökin Eldvötn vilja að við alla ákvarðanatöku á svæðinu verði sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi og þannig horft til náttúru, efnahags og félagslegra þátta,“ segir Ólafía. Hægt er að fá nánari upplýsingar og skrá sig í samtökin með því að senda póst á netfangið eldvotn@gmail.com.

---

†

Elsku móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Unnur Ragna Benediktsdóttir

áður til heimilis að Sigtúni 45, Reykjavík,

sem lést 5. nóvember, verður jarðsungin frá Áskirkju á morgun föstudaginn 19. nóvember kl. 13.00.

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir
Ragnheiður Hulda Karlsdóttir
Unnur Ragna Benediktsdóttir
Valgerður Gunnarsdóttir
Birgir Gunnarsson
Gunnar Birgir Gunnarsson
Benný Hulda Benediktsdóttir
Ragna Gunnarsdóttir
Guðmundur Valgeir Gunnarsson
og langömmubörn

---

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Jóns Óskars Gunnarssonar

Borgarholtsbraut 47, Kópavogi.

Sigríður Stefánsdóttir
Svanhvít Jónsdóttir
Stefanía Lóa Jónsdóttir
Guðrún Erla Jónsdóttir
Hafdís Jónsdóttir
Sigríður Ósk Jónsdóttir
Ólafur Garðar Þórðarson
Óttar Birgir Ellingsen
Ingólfur R. Björnsson
Guðmundur Stefánsson
Júlíus Skúlason
afabörn og langafabörn

---

†

Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Ragnar Björnsson

matsveinn

sem andaðist á Hrafnistu, Hafnarfirði, þriðjudaginn 9. nóvember, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 19. nóvember klukkan 13.00.

Jóna Ásgeirsdóttir
Gunnar Ingi Ragnarsson
Ragnheiður Ragnarsdóttir
Anna Birna Ragnarsdóttir
Ásgrímur Ragnarsson
Einar Ragnarsson
Ingibjörg Ragnarsdóttir
Valdís Bjarnadóttir
Egill Þórðarson
Snorri Sigurjónsson
Unni Larsen
Hafdís Erla Baldvinsdóttir
Lúther Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, fósturfaðir, afi og bróðir,

Páll Sigurgeir Jónsson

Højemarksvej 31,
Óðinsvéum Danmörku,

lést mánudaginn 15. nóvember. Bálför verður í Óðinsvéum föstudaginn 19. nóvember.

Bettina Jónsson
Jón Kristinn Pálsson
Páll Máni Pálsson
Camilla Jónsson
Jóhanna Ríkey Kristjánsdóttir
Helga Þorgeirsdóttir
systkini og afasynir
Ronny Trøjborg
Dýri Jónsson

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Jónsson

píanóleikari
Vatnsnesvegi 29, Keflavík,

sem lést fimmtudaginn 11. nóvember, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju í dag fimmtudaginn 18. nóvember klukkan 13.00.

Ingibjörg Þorbergs
Auður Eir Guðmundsdóttir
Guðmundur K. Guðmundsson
Helga K. Guðmundsdóttir
Þórdís Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn
Helgi Gestsson
Vigdís Sigtryggsdóttir
Stefán Sigurðsson
Sigurður V. Guðmundsson

coop

MEXÍKÓVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI ÝMSAR TEGUNDIR

25% afsláttur

markhonnun.is

LÍTTU VIÐ
FRÁBÆR TILBOÐ VIKULEGA!

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

37% AFSLÁTTUR

498kr/kg
Áður 790 kr/kg

KJÚKLINGAHAKK

549kr/kg

LAMBASALTKJÖT
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ

31% AFSLÁTTUR

898kr/kg
Áður 1.298 kr/kg

UNGNAUTAHAKK
NETTÓ

CHICO KLEMENTÍNUR
KOMNAR Í VERSLANIR

30% AFSLÁTTUR

69kr/stk.
Áður 99 kr/stk.

EMERGE
ORKUDRYKKUR 200ML

31% AFSLÁTTUR

898kr/kg
Áður 1.298 kr/kg

HAMBORGARHRYGGUR

LÍFRÆNAR MJÓLKURVÖRUR
HOLLAR OG GÓÐAR

25% AFSLÁTTUR

599kr/pk.
Áður 798 kr/pk.

LAXABITAR
EMBORG 4X100G

30% AFSLÁTTUR

1.259kr/pk.
Áður 1.798 kr/pk.

INNBAKAÐUR LAX
RAHBEK 750G

109kr/stk.

MARS, BOUNTY, TWIX

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!

Verið velkomin í Nettó

GILDIR 18. - 21. NÓV.
Gildir meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

MJÓDD · SALAVEGUR · HVERAFOLD · REYKJANESBÆR · GRINDAVÍK · AKUREYRI · HÖFN

krossgáta



LÁRÉTT
2. vindhviða, **6.** spil, **8.** vefnaðarvara, **9.** yfirbreiðsla, **11.** gjaldmiðill, **12.** raup, **14.** aurasál, **16.** kveðja, **17.** struns, **18.** tunna, **20.** bókstafur, **21.** titra.

LÓÐRÉTT
1. líkamshluti, **3.** pot, **4.** skerðing, **5.** drulla, **7.** sök, **10.** knæpa, **13.** líða vel, **15.** tafl, **16.** langur, **19.** til.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** þota, **6.** ás, **8.** tau, **9.** lak, **11.** kr, **12.** skrum, **14.** náðs, **16.** hæ, **17.** ark, **18.** ámа, **20.** ká, **21.** riða.
LÓÐRÉTT: **1.** háls, **3.** ot, **4.** takmörk, **5.** aur, **7.** sakmæmi, **10.** krá, **13.** una, **15.** skák, **16.** hár, **19.** að.

Nú bara verðum við!

BAKÞANKAR
Ragnheiður Tryggvadóttir

Ég hitti góða vinkonu á kaffihúsi um daginn sem ég hafði ekki séð mánuðum saman. Þrátt fyrir að við búum báðar hér í borg höfðu samskipti okkar undanfarna mánuði einskorðast við stutt skilaboð á Fésbókinni, yfirleitt á þá leið að þetta gengi nú ekki lengur, nú bara yrðum við að fara að hittast. Næsta sunnudag, eitthvert kvöldið í vikunni, eftir vinnu á föstudaginn!

ANNASAMUR hversdagurinn hafði hins vegar tekið yfir og við gáfum okkur aldrei tíma. Verkefnin sem ljúka þurfti í hverri viku voru mörg, undu upp á sig og tóku yfir helgarnar, þá næstu og þá næstu. Þessi verkefni sem við létum tefja okkur voru ekki endilega einu sinni skemmtileg verkefni eða spennandi, í það minnsta ekki hjá mér. Húsverk, þvottur og eitthvað þaðan af meira hversdagslegt.

ÞEGAR loksins varð af því að við hittumst dugði klukkutíminn á kaffihúsinu auðvitað engan veginn til. Eftir að kaffihúsið lokaði sátum við því úti í bíl eins og unglingar til miðnættis og létum dæluna ganga enda hafði margt drifið á daga okkar beggja síðan í vor.

TÍMINN líður talsvert hraðar nú þegar á fertugsaldurinn er komið en hann gerði þegar ég var barn. Þó hef ég heyrt því fleygt að það hægist aftur á honum eftir að ákveðnum árafjölda er náð. Það þýðir þó ekki að bíða til elliáranna með að rækta vini sína og við vinkona mín kvöddumst því með þeim orðum að þetta gengi nú ekki lengur, nú yrði að vera styttra þar til við hittumst næst!

ÞEIR eru fleiri vinirnir sem ég hef ekki hitt mánuðum saman. Börn hafa jafnvel komið undir og fæðst milli þess sem ég hef hitt viðkomandi. Fólk hefur flutt, farið í skóla, skipt um vinnu, misst vinnu, átt afmæli og gengið í gegnum ýmislegt í lífi sínu sem ég fylgist einungis lauslega með á Fésbókinni.

ÉG er auðvitað ekki ánægð með þetta. Sá þetta ekki fyrir og sofnaði á verðinum, en það er ekkert langt síðan ég uppgötvaði hversu langt er síðan ég hitti sumt af þessu fólki. Ég veit að það er varasamt að lofa upp í ermina á sér og fólk er sjálfsagt löngu hætt að taka mark á þessum orðum. En nú gengur þetta ekki lengur, við bara verðum hreinlega að fara að hittast.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

NÓVEMBER TILBOÐ

ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

LACIE

500GB
Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari, innb.USB snúra, silfur, blár eða rauður
14.900

JÓLAKORTIN Í ÁR

Í Tölvutek færðu allt sem til þarf til að prenta jólakortin í ár, pappír og blek í úrvali

ÚRVAL
AF PAPPÍR OG BLEKI

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

GUNNAR MAREL HLAUT SÚLUNA Gunnar Marel Eggertsson hlaut Súluna, menningarverðlaun Reykjanesbæjar, á þriðjudag fyrir smíðina á víkingaskipinu Íslendingi, siglinguna til Ameríku og þátttöku við uppbyggingu Víkingaheima. Þá fékk veitingastaðurinn Paddy's fyrirtækjasúluna fyrir eflingu tónlistarlífs í bænum.

Raggi Bjarna í Salnum

Ragnar Bjarnason verður gestur Jóns Ólafssonar í Salnum í Kópavogi í kvöld í sviðsspjallþættinum Af fingrum fram.

Ragnar situr fyrir svörum Jóns og áhorfenda auk þess að fara í gegnum sín vinsælustu lög og verða skemmtisögurnar ekki skornar við nögl.

Ragnar er flytjandi vinsælasta lags landsins í dag, Allir eru að fá sér, ásamt BlazRoca og XXXRottweiler. Rappararnir heiðra Ragnar með nærveru sinni í kvöld og flytja smellinn með honum. Auk þess munu Ragnar og Jón leika og syngja öll þekktustu lög söngvarans.

Dagskráin hefst klukkan 20.30.

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

10.11.10 - 16.11.10

1 **Furðustrandir** Arnaldur Indriðason



2 **Stelpur!** - Þóra Tómasdóttir og Kristín Tómasdóttir



3 **Spegill þjóðar** Njörður P. Njarðvík

4 **Danskennarinn snýr aftur, kilja** - Henning Mankell



5 **Gunnar Thoroddsen** Guðni Th. Jóhannesson

6 **Hreinsun** Sofi Oksanen

7 **Ég sé ekkert svona gler-augnalaus** - Óskar Magnússon

8 **Dömusiðir** Tobba Marinós

9 **Einfalt með kokkalandsliðinu**

10 **Fleiri prjónaperlur** Ýmsir höfundar

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

AUÐUR ÖSP OG EMBLA Þriggja daga skólaverkefni varð að barnabókinni um Loðmar sem kom út í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Börn eru miklir snillingar

Verkefni sem Embla Vigfúsdóttir og Auður Ösp Guðmundsdóttir unnu saman í Listaháskóla Íslands varð að þeirra fyrstu barnabók, bókinni Loðmar sem út kom á degi íslenskrar tungu.

„Við fengum það verkefni að vekja athygli á einhverju sem okkur þótti mega betur fara í samfélaginu. Þar langaði okkur að vekja athygli á málfarinu og benda á að íslenska er rík af góðum og gildum orðum sem eru ekki notkun," segir Embla þegar blaðamaður slær á þráðinn til hennar.

Söguhetja bókarinnar, Loðmar, býr á fyrstu opnu í bókinni og hefur aldrei þorað lengra fyrr en hann heldur í ferðalag með lesandanum. Á vegi hans verða fjölmargir karakterar sem bera skrautleg nöfn á borð við Gnótt, Lúpu og Knuðljón. Embla segir þær Auði Ösp hafa fyrst hugsað upp nöfnin og svo spunnið upp sögu sem persónur með þessi nöfn væru líkleg til að lenda í.

„Við unnum svo áfram með hugmyndina og í sumar fengum við styrk frá Rannís til að klára verkið. Þá endurskoðuðum við söguþráðinn þó að inntakið hafi ekki breyst. Við teiknuðum líka myndirnar aftur og aftur. Bókin er algjört samvinnuverkefni og við unnum að öllu saman, líka teikningunum," segir Embla.

Í bókinni um Loðmar er notað mikið af orðum, orðum sem eru kannski ekki í daglegum orðaforða barna. „Börn eru svo miklir snillingar, þau skilja söguþráðinn hæglega af samhenginu. En svo erum við með orðalista aftast fyrir lesendur, hann getur líka gagnast fullorðnum lesendum ef þeir þurfa aðstoð við að útskýringar," segir Embla, sem sjálf er unnandi barnabóka. „Ég les mikið af barnabókum og eru þeir Þórarinn Eldjárn og Roald Dahl í sérstöku uppáhaldi."

Bókin kom út á degi íslenskrar tungu og hittu þá Embla og Auður Ösp fyrir níu ára krakka úr Háteigsskóla og lásu fyrir þá úr bókinni. „Við fengum mjög góð viðbrögð frá þeim og margar skemmtilegar spurningar," segir Embla. Dagskráin fram undan verður þétt, með dagskrá upplestra hjá þeim stallsystrum. „Við verðum í bókabúðum, jólatréssölum og bara úti um allt, mjög spennandi."

sigridur@frettabladid.is

Mögnuð japönsk tónlist

Bækur★★★

Japanskir meistarar

Caput-hópurinn flutti verk eftir Hosokawa og Takemitsu í Norræna húsinu.

„Japanskir meistarar" var yfirskrift tónleika Caput-hópsins í 15:15 röðinni svokölluðu. Það er tónleikaröð sem byrjaði upphaflega í Borgarleikhúsinu en var flutt yfir í Norræna húsið. Tónleikarnir eiga það sameiginlegt að hefjast klukkan korter yfir þrjú á sunnudögum. Kannski er það líka einkennandi fyrir þessa tónleika að þeir eru fremur óvenjulegir. Ýmist er hljóðfæraskipunin sérstök (á næstu tónleikum kemur til dæmis fram saxófónkvartett), eða að tónlistin sjálf er óaðgengileg og krefst talsverðrar einbeitingar.

Það var fámennur hópur sem var samankominn til að hlusta á sunnudaginn var. Japönsku meistararnir sem þarna áttu verkin voru þeir Toru Takemitsu og Toshio Hosokawa – kannski ekki þeir vinsælustu. Tónlist þeirra beggja er þó oft áhugaverð, en dálítið misjöfn. Takemitsu er lýrískari og hugljúfari. Tónlistin hans er stundum eilítið gamaldags, jafnvel í ætt við frönsku impressjónistana. Hosokawa er dularfyllri, músíkin hans er myrk, ef ekki magísk.

KOLBEINN BJARNASON Flutti hið andstutta Atem-Lied glæsilega, segir í dómi Jónasar Sen.

Flutt voru fimm verk á tónleikunum. Haustsöngur eftir Hosokawa var að mínu mati skemmtilegasta tónsmíðin. Hún hófst á skuggalegum tónahendingum, ringulreið sem smátt og smátt þéttist og tók á sig mynd. Mikið var um endurtekningar, en aldrei þannig að það væri leiðigjarnt. Tónahendingarnar voru of margbreytilegar til þess. Þær kölluðu fram einstök hughrif. Fjórir strengjaleikarar Caput-hópsins ásamt Guðna Franzsyni klarinettuleikara spiluðu verkið af innlifun og samheldni. Þetta var frábært!

Ýmislegt annað var áhugavert á dagskránni. Rocking Mirror Daybreak eftir Takemitsu, fyrir tvær fiðlur, kom einkar vel út. Þetta eru hrífandi náttúrustemningar, litríkar og fallegar. Ef til vill örlar á nostalgíu. Þau Zbigniew Dubik og Hildigunnur Halldórsdóttir fluttu verkið af alúð og tilfinningahita, en einnig af aðdáunarverðri nákvæmni.

Entre-Temps eftir Takemitsu virkaði líka ágætlega. Strengjakvartettinn spilaði, og Eydís Franzdóttir lék á óbó. Mjúk, vönduð spilamennskan skapaði notalega upplifun.

Ég var minna hrifinn af hinum tónsmíðunum. Það voru eldri verk eftir Hosokawa. Hið andstutta Atem-Lied var glæsilega flutt af Kolbeini Bjarnasyni, en tónlistin var engu að síður ansi langdregin. Svipaða sögu er að segja um Fragment II fyrir strengjakvartett og altflautu. Þar var rauði þráðurinn að mestu einn gegnumgangandi tónn. Í kringum hann veltust hraðar tónahendingar. Útkoman var hálf einfeldningsleg og varð aldrei að neinu bitastæðu.

Tónleikarnir tóku um klukkutíma og korter. Það er býsna langt fyrir svona tónlist. Vel hefði mátt sleppa einhverju af dagskránni – eða bara hafa hlé!

Jónas Sen

Niðurstaða: Tónleikar Caput-hópsins með verkum eftir Takemitsu og Hosokawa voru vandaðir, en nokkuð langdregnir. Sum verkin voru flott, önnur ekki.

Úrval nýrra ljósa á betra verði

Bell



Apollo

Pagoda Luna Folia



Casanova

Pinto



Harley

Pinto

Mysinge

Picasso

Anastasia

Anastasia

Anastasia

Opið:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10 - 18
Laugardaga frá kl. 11 - 16

www.rafkaup.is

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Myndlist ★★★★

Samtímis

Erla Þórarinsdóttir

Listasafn ASÍ. Til 21. nóvember.

Áningarstaður

Málverk og ljósmyndir eru uppistaða sýningar Erlu Þórarinsdóttur, Samtímis. Erla hefur markað sér sérstöðu í íslenskri myndlist. List hennar vísar til handanveruleika, beinir sjónum að innri hugarheimi og andlegum gildum, sýningar hennar hafa iðulega verið eins konar rjóður í skóginum, áningarstaður í erli dagsins.

Þema Samtímis er stefnumót austurs og vestur, en í Gryfju varpar Erla myndum á vegg, teknum í stórborgum Vesturlanda og Austurlanda. Þessar ljósmyndir draga mann til sín í hægum rytma sínum og stöðugri ummyndun úr einu í annað, Harpan verður markaðshús í Kína, gata á Indlandi verður að Skólavörðustígnum í vetrarsól. Erla lætur áhorfandanum það eftir að draga ályktanir af þessum myndum. Fyrst og fremst eru þær ferðalag um mannheima og heima lita, forma og mynstra. Ef einhver ályktun skyldi dregin væri hún að mínu mati sú að margt sé sameiginlegt með austri og vestri, meira en það sem skilur á milli. Fróðleg grein Ólafs Gíslasonar sem fylgir sýningunni upplýsir áhorfandann hér frekar um viðfangsefni Erlu. Ekki er þó nauðsynlegt að lesa hana til að njóta sýningarinnar.

Í Arinstofu má sjá ljósmyndir af austurlenskum arkitektúr, af mynstri í lofti við inngang Taj Mahal og mynstri í marmara í grafhýsi þess. Á efri hæð eru allnokkur, stór málverk, ljósmynd af indverskum guði og granítskúlptúr í fjórum hlutum sem falla hver inn í annan. Málverkin eru unnin með olíulitum og blaðsilfri, eða einungis með olíulitum. Heildaráhrif þessara verka eru þau að vekja upp hugleiðingar um andleg gildi, listaverk sem færa áhorfandann fyrst og fremst inn á við.

Erla hefur á ferli sínum ekki látið sig tískusveiflur myndlistarheimsins neinu varða, en nú hafa þær lagst á sveif með henni, því ein stærsta spurning hins alþjóðlega listheims í dag virðist vera spurningin um hið andlega. Eftir aldarlanga útskúfun andlegra gilda virðast nú allar gáttir opnar í listheimum og bæði áhorfendur og listamenn tilbúnir að róa á ný mið, vera leitandi og spyrjandi í sköpun sinni og upplifun. Getur listin tekið við af trúnni, geta málverk veitt sömu hugarfró og möntrur eða Maríumyndir? Það er ekki útilokað, enda hefur listin lengst af gegnt trúarlegum tilgangi. Meira að segja abstrakt list 20. aldarinnar á rætur sínar fyrst og fremst að rekja til andlegra gilda þó ekki séu þau beinlíns tengd ákveðnum trúarbrögðum. Það er list Erlu ekki heldur. Hér gildir einu hvort áhorfandinn er trúarlega sinnaður, öll erum við andans verur. Samtímis býður í ferðalag um innri hugarheima og um leið lokar sýningin áreiti hversdagsins úti. Það er ekki svo lítils virði.

Ragna Sigurðardóttir

Niðurstaða: List Erlu minnir á mikilvægi andlegrar leitar í samtímanum. Samtímis er falleg og margræð sýning sem læðist hægt inn í hugarheim áhorfandans. og skilur þar eftir sig innri frið.

MIKILL ÁHUGI Margir voru viðstaddir opnun íslensku sýninganna í Peking á þriðjudag. Ein sýninganna er yfirlitssýning á verkum Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar.

Íslenskur Upptaktur í Kína

Upptaktur er yfirheitið á fimm sýningum íslenskra listamanna og hönnuða, sem voru opnaðar í Peking á þriðjudag. Kristín A. Árnadóttir sendiherra segir mikinn áhuga á íslenskri list og hönnun í Kína.

Upptaktur 2010 eru liður í að fylgja eftir þátttöku Íslands í Heimssýningunni í Sjanghæ og kynna íslenskar listir og hönnun í Kína. Sýningarnar eru haldnar í samstarfi við skipuleggjendur Hönnunarvikunnar í Peking NOTCH10, kínversk-norrænu menningarhátíðarinnar í Peking. Kristín A. Árnadóttir, sendiherra Íslands í Kína, segir mikinn áhuga á Íslandi þar í landi.

„Það sást bersýnilega á opnuninni á þriðjudag þar sem var húsfyllir og krökkt af fjölmiðlafólki."

Spenna hefur verið í samskiptum Kína við Vesturlönd undanfarið; norskum menningarviðburðum í Kína til að mynda aflýst eftir að að andófsmanninum Lio Xiabo voru veitt friðarverðlaun Nóbels á dögunum. Áður hafði Jón Gnarr borgarstjóri vakið hörð viðbrögð kínverskra embættismanna hér á landi fyrir að skora á kínversk yfirvöld að sleppa Xiabo úr fangelsi. „Spennan í samskiptum Kína og Vesturlanda hefur ekki farið fram hjá okkur en það hefur ekki haft nein bein áhrif á sýninguna í Peking," segir Kristín. „Ég hef til dæmis aldrei orðið fyrir því að vera tekin á teppið, eins og hent hefur suma kollega mína."

Fjórar sýninganna eru haldnar í 751, stærsta lista- og hönnunarhverfi borgarinnar. Kristín segir þetta spennandi vettvang.

„Þetta er gamalt niðurnítt verksmiðjuhverfi í miðri Peking, eins hrátt og þetta getur orðið," segir Kristín. „Íslensku sýningarnar eru í þremur húsum við svonefnt orkutorg. Þar stendur gríðarstórt raforkuver, sem þar til nýlega var knúið með kolum og olíu. Aðstaðan er því svolítið tímanna tákn, ekki síst í ljósi orkusamstarfs þjóðanna."

Þótt sýningarnar hafi aðeins verið opnar í tvo daga segir Kristín þær þegar farnar að skila árangri, til dæmis vilji Casa International, eitt stærsta og virtasta tímarit á sviði hönnunar og arkitektúrs í Kína, gera íslensku hönnunarsýninguna að aðalumfjöllunarefni í næsta tölublaði.

bergsteinn@frettabladid.is

ÍSLENSKU SÝNINGARNAR Í PEKING

KRISTÍN A. ÁRNADÓTTIR

Íslensk samtímahönnun: samsýning hugmynda og verka 22 hönnuða og arkitekta frá Íslandi. Sýningin er á vegum Hönnunarmiðstöðvar. Sýningarstjóri er Elísabet V. Ingvarsdóttir.

Steinunn: yfirlitssýning verka Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar.

Ljóðrými – veðurskrift: Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarmaður varpar ljósi á umhverfið og umvefur gesti birtu, skuggum, ljóðum og tónum.

Lón vættanna: jöklamyndir Ragnars Axelssonar ljósmyndara, RAX.

Kynning á samtímalist í sendiráðinu: Erla Haraldsdóttir, Erla Þórarinsdóttir, Guðjón Ketilsson, Guðrún Einarsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir, Hulda Hákon, Inga Svala Þórsdóttir, Jón Óskar, Erró og Sigurður Guðmundsson hafa lánað sendiráðinu verk sín.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 18. nóvember

Gjörningar

20.00 Allir eru velkomnir í Afmæli á Bakkus í kvöld klukkan 20. Kökur og leikir. Frítt inn.

Tónleikar

19.30 Sinfóníuhljómsveit Íslands efnir til klassískrar veislu þar sem flutt verða vinsæl verk eftir Haydn, Mozart og Beethoven. Tónleikarnir hefjast kl. 19.30 í Háskólabíói og er miðaverð 3.900/3.400 krónur.

20.30 Jón Ólafsson fær Ragga Barna til sín á tónlistarkvöldinu Af fingrum fram. Tónleikarnir verða haldnir í Salnum Kópavogi og hefjast kl. 20.30. Aðgangseyrir er 2.900 krónur.



21.00 Myrra Rós, Elín Ey og Júníus Meyvant verða með tónleika á Café Rosenberg í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21. Aðgangseyrir er 1.000 krónur, 500 krónur fyrir námsmenn.

21.00 Þorsteinn Eggertsson textaskáld verður á Draumakaffi ásamt Davíð og Stefáni óperuídívum. Þorsteinn segir kostulegar sögur um tilurð texta sinna og Davíð og Stefán syngja lögin við undirleik Helga Hannessonar. Tónleikarnir hefjast kl. 21. Forsala miða er í Draumakaffi og er miðaverð 2.500 krónur.

21.00 Magnús Einarsson og Tómas Tómasson leika tónlist eftir Bítlana á Ob-La-Di-Ob-La-da, Frakkastíg 8, í kvöld. Tónleikarnir hefjast klukkan 21. Enginn aðgangseyrir.

22.00 Hljómsveitin Sans leikur fönkmúsík á Hvítu perlunni, Austurstræti 12a, frá kl. 22. Aðgangur ókeypis.

Hiphop tónleikar með enskri tungu verða á Faktorý í kvöld. Fram koma Ástþór Óðinn, Limited Copy og Dynamic. Frítt inn.

Uppákomur

17.00 Jón Gnarr veitir verðlaun í Snilldarlausnum Marel í Bíó Paradís í dag kl. 17. Veitt eru verðlaun fyrir Snilldarlausn 2010, Frumlegustu hugmyndina og Flottasta myndbandið. Allir velkomnir en framhaldsskólanemar sérstaklega hvattir til að mæta.

Leiðsögn

17.30 Málfríður Finnbogadóttir sýningarhönnuður sýnir og fjallar um hvernig nýta má afskrifaðar bækur í nýjum verkefnum. Verkefnið er liður í alþjóðlegu athafnavikunni. Leiðsögnin hefst kl. 17.30 í Bókasafni Seltjarnarness.

Fyrirlestrar

17.30 B.R.J.Á.N efnir til fyrirlestrar í Blúskjallaranum í Neskaupstað í kvöld. Fyrirlesarinn Sigurður Páll Árnason, master í Music Production & Technology, mun fjalla um markaðssetningu tónlistar. Fyrirlesturinn hefst kl. 17.30 og er aðgangseyrir 2.500 krónur, 1.000 krónur fyrir 18 ára og yngri.

20.00 Páll Hjaltason arkitekt, aðalhönnuður og listrænn stjórnandi íslenska skálans á Expó í Kína, fjallar um ferli, áskoranir og árangur verkefnisins í fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvar, Listasafns Reykjavíkur og Listaháskóla Íslands kl. 20 í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

Jólabúðin þín

byggtogbúið

Skreytum, bökum, eldum, borðum, pökkum, gefum og njótum jólanna

MAGNAÐ helgartilboð

Frá fimmtudegi til sunnudags

Vertu með okkur á Facebook og þú getur unnið iRobot ryksuguvélmenni, drögum einn heppinn 20. desember.
www.facebook.com/byggt.og.buid.

Öll bökunarform 25%

Öll vöfflujárn 20%

Íslenska Pönnukökupannan 20%

Verð áður 6.997 kr.
Tilboð 5.598 kr.
Þú sparar 1.399 kr.

Kitchen Aid
Hrærivél + áhaldasett

	Áhaldasett	+ Hvít	+ Lituð
Verð áður	.....	99.980	102.980
Tilboðsverð	.....	79.990	82.990
Þú sparar	.....	19.990	19.990

Þráðlaus kjöthitamælir 30%

Verð áður 5.499 kr.
Tilboð 3.849 kr.
Þú sparar 1.650 kr.

Bodum pressukanna
8 bolla **25%**

Verð áður 8.990 kr.
Tilboð 6.743 kr.
Þú sparar 2.248 kr.

Garmin leiðsögutæki nuvi 1440 20%

Verð áður 44.990 kr.
Tilboð 35.992 kr.
Þú sparar 8.998 kr.

Kökudiskur á fæti 33%

Verð áður 5.997 kr.
Tilboð 3.997 kr.
Þú sparar 2.000 kr.

Hnetubrjótur 25%

Verð áður 1.259 kr.
Tilboð 944 kr.

Öll pókersett 20%

Nafnakanna 20%

Verð áður 1.499 kr.
Tilboð 1.199 kr.

Nordica hnökravél 50%

Verð áður 1.999 kr.
Tilboð 1.000 kr.
Þú sparar 999 kr.

TÉKKLISTI

- MIKILVÆGAR JÓLAVÖRUR

- ☐ Aðventuljósaperur
- ☐ Sogskálar
- ☐ Grenilengjur
- ☐ Fjöltengi
- ☐ Kökukefli
- ☐ Piparkökumót
- ☐ Kjöthitamælar
- ☐ Seríufestingar
- ☐ Reykskynjarar
- ☐ Hnetubrjótar
- ☐ Laufabrauðsjárn
- ☐ Límbönd
- ☐ Jólapappír
- ☐ Litaðar ljósaperur
- ☐ Girni
- ☐ Merkimiðar
- ☐ Gaskveikjari
- ☐ Dragbönd
- ☐ Krókar
- ☐ Kjöttvinni

ÁHUGAVERÐAR vörur

Saltkristalslampi

Náttúrulegur steinn úr Himalaya fjöllum sem hreinsar loftið með neikvæðum jónum.

Verð 3.990 kr.

Laufabrauðsjárn

Íslensk völundarsmíð.

Verð 6.499 kr.

Bodum ferðapressukrús

2in1, hellir uppá og heldur heitu. Vinsæl vara.

Verð 2.497 kr.

Stafrænn myndarammi 7”

Verð 13.995 kr.

Babyliss keilujárn

Byltingarkennd nýjung í hönnun krullujárna.

Verð 8.999 kr.

Eva solo karafla

Neoprenklædd til að halda ísköldu.

Verð 7.445 kr.

Clatronic muffinsjárn

Gómsæt nýjung, bakar 7 stykki á 16-18 mín.

Verð 5.995 kr.

byggtogbúið
KRINGLUNNI
Sími 568 9400 | www.byggtogbuid.is
www.facebook.com/byggt.og.buid

AGENT FRESCO

WINGS

> Í SPILARANUM

Agent Fresco - A Long Time Listening
Robyn - Body Talk
Stereolab - Not Music
Björgvin Halldórsson - Duet II
Wings - Band on the Run

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Gagnrýnir Pavement-liða

Billy Corgan, forsprakki Smashing Pumpkins, hefur skotið föstum skotum að hljómsveitinni Pavement.

Corgan hefur haft horn í síðu Pavement-liða eftir að þeir gerðu grín að Pumpkins í laginu Range Life sem kom út 1994, eða fyrir sextán árum. Nýlega kom í ljós að hljómsveitirnar tvær myndu báðar spila á brasilísku tónlistarhátíðinni Planeta Terre Festival á laugardaginn en Pavement kom nýlega aftur saman eftir margra ára hlé. „Þetta verður ein af þessum New Orleans-jarðarförum," skrifaði Corgan á Twitter-síðu sína. „Þetta segi ég vegna þess að þeir eru fulltrúar hins dauða „alternative"-draums og við fylgjum í kjölfarið með staðfestingu á lífinu," skrifaði hann og bætti við: „Það er fyndið að þeir sem gagnrýndu okkur fyrir að selja okkur eru sjálfir að gera hið sama núna. Það vantar alla ást í þá. Við verðum líka með ný lög á okkar efnisskrá vegna þess að við erum svo ástríkir."

FÖST SKOT Billy Corgan (t.v.) skýtur föstum skotum að Stephen Malkmus og félögum í hljómsveitinni Pavement.

> Plata vikunnar

Blaz Roca - Kópacabana

★★★★

„Erpur Eyvindarson sýnir að hann kann enn að taka stórt upp í sig." - TJ

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Ráðgátan um Wintersun

Í dómi um frábæra yfirlitsútgáfu hljómsveitarinnar XIII hér í blaðinu um daginn minntist ég lítillega á fjórðu plötu sveitarinnar, Wintersun, sem aldrei kom út. Í dómnum sagði ég að franska plötufyrirtækið XIIIbis hefði hafnað disknum, en það er ekki allskostar rétt. Hið rétta er að XIIIbis, sem er nokkuð öflug útgáfa og hefur meðal annars gefið út plötur með Marc Almond, Rammstein, Front 242 og Suicidal Tendencies, var sátt við Wintersun og lét framleiða fimm þúsund eintök af disknum í janúar 2005. XIIIbis hafði hinsvegar dreifingarsamning við Sony, sem neitaði að dreifa plötunni þar sem pantanir í forsölu náðu ekki lágmarki fyrirtækisins. Og þannig varð Wintersun ein af þessum plötum sem lenda fullkláraðar á milli þilja í rokksögunni. Sem vekur upp spurninguna um það hvenær aðdáendur sveitarinnar fái að heyra gripinn.

XIII Fjórða plata sveitarinnar kom aldrei út þar eð risinn Sony neitaði að dreifa henni.

Samkvæmt upplýsingum frá Halli Ingólfssyni, aðalsprautu XIII, er ólíklegt að platan verði nokkurn tímann gefin út. Einhver lög af henni voru endurhljóðrituð fyrir nýju plötuna Black Box og þar með hefur hún öðlast framhaldslíf.

Á árunum sem XIII lá í dvala varð hljómsveitin að goðsögn meðal íslenskra rokkáhugamanna. Þegar hún kom saman aftur og fór að spila á tónleikum í fyrra kom öllum á óvart hvað áhuginn var mikill. Yfirlitsútgáfan sem kom út í haust hefur svo aukið hann enn frekar og fest XIII í sessi sem eina af öflugustu rokksveitum Íslands. Og hver veit. Einn daginn verður kannski ekki hjá því komist að hleypa yfirspenntum áhangendum í Wintersun. Þangað til er hægt að blasta Black Box. Þetta gæti auðvitað tekið tíma. Það liðu til dæmis 32 ár áður en Bruce Springsteen hleypti sínum aðdáendum í þau ríflega tuttugu lög sem er að finna á plötunni The Promise sem var að koma út…

UMDEILDUR HROKAGIKKUR

Rapparinn umdeildi Kanye West gefur út sína fimmtu plötu eftir helgi. Gripurinn nefnist My Beautiful Dark Twisted Fantasy og á meðal gesta eru Bon Iver, Jay-Z, Rihanna og John Legend.


UMDEILDUR Rapparinn umdeildi Kanye West gefur út sína fimmtu hljóðversplötu eftir helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

Fimmta hljóðversplata bandaríska rapparans Kanye West, My Beautiful Dark Twisted Fantasy, kemur út eftir helgi. Justin Vernon, forsprakki Bon Iver, er í gestahlutverki í tveimur lögum og á meðal annarra gesta eru Jay-Z og RZA. Auk þess kemur stórskotalið við sögu í laginu All Those Lights, þar á meðal Rihanna, Alicia Keys, Elton John og Fergie. Söngvarinn John Legend er einnig gestur í því lagi og einu til viðbótar.

Kanye West hefur verið duglegur við að vekja á sér athygli og koma sér um leið í vandræði með ummælum sínum og hegðun. Árið 2005 sakaði hann þáverandi Bandaríkjaforseta, George W. Bush, um að þykja ekki vænt um þeldökkt fólk vegna viðbragða hans við fellibylnum Katrinu. Hann baðst afsökunar á ummælunum í spjallþætti fyrir skömmu og Bush fyrirgaf honum en kallaði hann reyndar Conway West. Rapparinn hefur tvisvar ruðst inn á svið á myndbandaverðlaunum MTV-stöðvarinnar. Árið 2006 fór hann upp á svið þegar hljómsveitin Justice var að taka á móti verðlaunum og sagðist sjálfur hafa átt besta myndbandið. Þremur árum síðan ruddist hann aftur upp á svið þegar Taylor Swift tók á móti myndbandaverðlaunum. Rapparinn var ósáttur og taldi að vinkona sín Beyonce Knowles ætti sigurinn skilinn fyrir myndbandið við lagið Single Ladies (Put a Ring on It).

> Ég hef gert mistök og ég hef þurft að gjalda fyrir þau.
>
> **KANYE WEST** RAPPARI

West hefur stundum verið sagður hrokafullur og leiðinlegur og hann gerir sér sjálfur grein fyrir því. „Ég ætla að draga úr viðtölum á næstunni til að reyna að selja plötuna mína. Ég get ekki framkvæmt einhver töfrabrögð sem fá fólk til að líka við mig. Ég hef gert mistök og ég hef þurft að gjalda fyrir þau," skrifaði rapparinn á Twitter-síðu sína. „Engar fleiri Bush-spurningar, Taylor-spurningar eða spurningar um ástarsambönd mín. Það er ekki hægt að draga tónlistina í efa. Ég er skapandi manneskja. Ég er ekki góð stjarna en ég er frábær listamaður. Ég er orðinn þreyttur á að nota frægð mína til að selja listina mína."

Það er rétt hjá hinum 33 ára West, tónlistin talar sínu máli og þar hefur hann náð frábærum árangri. Hann hefur hlotið fjórtán Grammy-verðlaun á ferli sínum, sem hófst 2004 með plötunni The College Dropout. Áður hafði hann vakið athygli sem upptökustjóri á plötu Jay-Z, The Blueprint. Plötur West hafa selst í milljónum eintaka og margar hafa þær hlotið góða dóma gagnrýnenda, þar á meðal nýja platan sem Rolling Stone splæsti á fimm stjörnum og lýsti sem besta verki kappans.

West er með aðra plötu í undirbúningi í samstarfi við Jay-Z sem kemur út á næsta ári. Hún er hluti af verkefninu GOOD Friday, þar sem West gefur út eitt lag á hverjum föstudegi. Verkefnið hófst 20. ágúst síðastliðinn og stendur yfir til jóla.

freyr@frettabladid.is

LAGALISTINN

Vikuna 11. - 17. nóvember 2010

Sæti		Flytjandi	Lag
▶	1	Páll Óskar og Memfismafían	*Það geta ekki allir verið gordjöss*
▲	2	Blaz Roca ásamt Ragga Bjarna	*Allir eru að fá sér*
▲	3	Hjálmar	*Gakktu alla leið*
▼	4	Kings of Leon	*Radioactive*
▼	5	Cee Lo Green	*Forget You (F U)*
▼	6	Bruno Mars	*Just the Way You Are*
▶	7	Hurts	*Wonderful Life*
▲	8	Jón Jónsson	*When You're Around*
✱	9	Dikta	*Goodbye*
▶	10	Rihanna	*Only Girl in the World*

TÓNLISTINN

Vikuna 11. - 17. nóvember 2010

Sæti		Flytjandi	Lag
▲	1	Baggalútur	*Næstu jól*
▼	2	Prófessorinn og Memfismafían	*Diskóeyjan*
▼	3	Hjálmar	*Keflavík Kingston*
✱	4	Blaz Roca	*Velkomin til KópaCabana*
▶	5	Helgi Björnsson og reiðmenn vindanna	*Þú komst í hlaðið*
▼	6	Sálin hans Jóns míns	*Upp og niður stigann*
▲	7	Friðrik Dór	*Allt sem þú átt*
✱	8	Ensími	*Gæludýr*
✱	9	Bubbi	*Sögur af ást, landi og þjóð*
▼	10	GRM	*MS*

Skýringar:
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is

Allar pizzur af matseðli á 1.390 kr.*

*Ef þú sækir.

MEGAVIKA

40% AFSLÁTTUR af meðlæti og gosi.*

Vikuna 15. – 21. nóvember 2010

*Af matseðli, ef þú sækir.

58·12345
dominos.is

Domino's Pizza®

Stefánsson & Stefánsson 9017

> CHARLES STÝRIR COHEN

Larry Charles, maðurinn sem stýrði bæði Borat og Bruno, hefur ákveðið að leikstýra **Sacha Baron Cohen** í þriðja sinn. Myndin fjallar um geitahirði og einræðisherra sem týnast í Bandaríkjunum, eins furðulegt og það kann að hljóma.

bíó

bio@frettabladid

Butler endurreisir harðhausaferilinn

Gerard Butler sló eftirminnilega í gegn sem spartverski konungurinn Leonidas þegar hann barðist ásamt örfáum liðsmönnum sínum við fullmannaðan her Persa í myndinni 300. Eftir það breytti hann um stefnu, talaði inn á teiknimynd og lék í rómantískum gaman/hasarmyndum, meðal annars á móti Jennifer Aniston.

Sem betur fer fyrir aðdáendur Skotans hrjúfa virðist þó einhver hafa talað um fyrir honum, því nú er Butler orðaður við alvöru framtíðartrylli þar sem helmingurinn af jörðinni er í eyði eftir sólgos en hinn undirlagður af stökkbreyttum dýrum og mannskepnum á meðan venjulegir jarðarbúar húka einhvers staðar úti í geimnum og bíða þess að upp renni nýr dagur. Myndin heitir Afterburn en handritið hefur vakið mikla athygli hjá stórframleiðendum Hollywood.

Upphaflega var hlutverkið hugsað fyrir Spider Man leikarann Tobey Maguire þegar hann var heitasta stjarnan í Hollywood. Svo fór að Maguire gat ekki tekið verkið að sér en sem betur fer fyrir Butler situr Antoine Fuqua enn við stjórnvölinn. Butler á að leika foringja sérsveitar sem fer niður á jörðina til að bjarga menningarverðmætum á borð við Monu Lisu og þarf þá að kljást við hungruð villidýr og fjársjóðsleitarmenn.

Í HETJUHLUTVERK Gerard Butler hyggst bjarga menningarverðmætum frá stökkbreyttu mannfólki og fjársjóðsleitarmönnum.

Wolverine verður dökk og raunsæ

Darren Aronofsky hefur fullvissað alla aðdáendur Wolverine um að næsta mynd um þennan skæða stökkbreyti verði ekki gleðilegt framhald af X-Men Origins: Wolverine. Myndin verði dökk yfirlitum sem hefur verið vinsæl nálgun hjá virtum kvikmyndagerðarmönnum eins og Chris Nolan en hann bjargaði Batman frá glötun og Herra Frosta með því að gera söguna um Bruce Wayne eilítið „raunsæislegri“.

Miklar umræður og vangaveltur hafa verið um hvort Úlfamannamynd Aronofsky verði einhvers konar framhald en leikstjórinn segir hana eiga eftir að standa á eigin fótum. „Hún mun heita Wolverine og Hugh Jackman mun leika aðalhlutverkið,“ sagði Aronofsky. Myndin á að fjalla um Wolverine þegar hann fellur fyrir giftri japanskri konu og um örlög þeirra. Jackman sjálfur sagði við New York Magazine að myndin yrði mun dekkri en þeir hefðu átt að venjast. „Þetta er Wolverine, ekki Stjáni blái. Aronofsky á eftir að gera stórkostlega hluti, þetta verður safaríkt og fólk fær eitthvað til að hugsa um þegar það kemur út úr kvikmyndahúsinu. Það er næsta víst.“

RAUNSÆ Næsta Wolverine-mynd verður að sögn Hughs Jackman raunsæisleg og dökk yfirlitum.

VESTURVELDUNUM BJARGAÐ Það verður aðalmálið næstu þrjú árin hjá Hollywood að leyfa fólki að sjá hvernig mannfólkinu gengur að berjast við innrás utan úr geimi.

Geimverur til Hollywood

Geimverur og náin tengsl við annars heims verur hafa alltaf verið Hollywood hugleikin. Það hefur síður en svo dregið úr þeim áhuga því á útgáfuáætlun stóru framleiðslufyrirtækjanna eru hátt í fimmtán myndir um geimverur af öllum stærðum og gerðum.

Um helgina verður frumsýnd kvikmyndin Skyline sem fjallar um innrás geimvera á jörðina. Eins og svona kvikmynda er siður úir og grúir allt af tæknibrellum og mannkynið reynir að lifa af í vonlausri baráttu við ógnarstór geimför og hrikalegan tortímingarmátt þeirra. Skyline, miðað við dómana sem hún hefur fengið í erlendu pressunni, ryður ekki brautina í geimverukvikmyndum en imdb.com gefur henni aðeins fimm af tíu mögulegum.

Vefsíðan Cinemasoldier.com veltir upp þeirri spurningu af hverju geimverur og innrás þeirra séu svona ofarlega í huga Hollywood. Og kemst að þeirri einföldu niðurstöðu að allir vilja græða á góðu gengi kvikmynda á borð við Avatar, Cloverfield og síðast en ekki síst District 9. Greinarhöfundurinn bendir hins vegar á þá staðreynd að þessar þrjár myndir buðu upp á eitthvað nýtt, Avatar í tækni en hinar tvær með sögubræði sínum og nálgun. Og þetta er auðvitað lang þægilegasta og einfaldasta útskýringin; Hollywood hugsi bara um peninga og hvernig megi græða. Og nú séu það geimverurnar.

Á þessu getur hins vegar verið önnur hlið. Eftir seinna stríð hófu bandarísk stjórnvöld miskunnarlausan áróður um hættuna af kommúnismanum og sá áróður skilaði sér rakleiðis út í kvikmyndir, kommarnir urðu geimverur sem vildu eyða hinu frjálsa samfélagi Vesturlanda og þessi ótti lifði lengi og var framlengdur með kjarnorkuvánni og taugaveikluninni við slíka styrjöld. Alltaf voru geimverurnar notaðar til að sýna fram á hið ókunna og skelfilega sem þó Bandaríkjamönnum tókst að sigra með kænsku sinni – og vopnum.

Bandaríkin hafa sennilega aldrei verið jafn hrædd þjóð og um þessar mundir. Múslimi má varla leysa vind án þess að allar hryðjuverkavarnir séu ræstar enda rekur heimsveldið umdeildan stríðsrekstur í Afganistan og Írak og styður við bakið á stjórnvöldum í Ísrael. Og því er engin furða að bandarískir kvikmyndagerðarmenn skuli mótast af þessum hugsunarhætti; þessari eilífu hræðslu við hryðjuverk í stærstu borgum og hugsanlegri útrýmingu bandarískra gilda. Það var engin tilviljun að Independence Day skyldi slá í gegn 1996; á friðartímunum sem þá höfðu ríkt var engin ástæða til að óttast hið ókunna og fólk hafði ekki séð sæmilegan geimverutrylli í dágóðan tíma, meira að segja óvinir Bandaríkjanna tóku þá þátt í að smita geimveruskipin af kvefi Jeffs Goldblum.

Allt stefnir í að 2010 og 2011, jafnvel 2012 verði geimveruár. Og kvikmyndahúsin muni fyllast af alls kyns hetjum sem berjast gegn yfirráðum þeirra og tortímingarmætti þeirra. Nema í kvikmyndinni Paul; þar sýna bresku grínistarnir Simon Pegg og Nick Frost fram á að það er hægt að vingast við þessa verur og jafnvel hafa nokkuð gaman af þeim.

freyrgigja@frettabladid.is



VÆNTANLEGAR GEIMVERUMYNDIR

Skyline (2010)
Monsters (2010)
Megamind (2010)
Paul (2011)
Super 8 (2011)
Area 51 (2011)
The Darkest Hour (2011)
Battle: Los Angeles (2011)
Cowboys and Aliens (2011)
Battleship (2012)
Alien (2012)
Predators 2 (2012)

Heimild: cinemasoldier.com

Þórunn Arna Kristjánsdóttir

leikkona í Þjóðleikhúsinu er föst í barnahlutverkum en dreymir um að leika alvöru konu í framtíðinni.

föstudagur

fylgir Fréttablaðinu á morgun

Mynd Witherspoon klippt upp á nýtt

Aðstandendur kvikmyndarinnar How Do You Know með Reese Witherspoon í aðalhlutverkinu eru í miklum vandræðum eftir að kvikmyndaeftirlit Bandaríkjanna setti þeim skilyrði; annað hvort yrði myndin klippt eða hún yrði bönnuð. Ástæðan fyrir þessum viðbrögðum var sú að eftirlitinu fannst blótsyrðin vera einfaldlega of mörg. Kvikmyndaverið Columbia hafði vonast til að þessi rómantíska kvikmynd með Paul Rudd og Owen Wilson yrði bönnuð yngri en þrettán ára og þannig fengju unglingar að sjá hana yfir hátíðarnar.

Hins vegar fengu framleiðendurnir að vita að þar sem sögupersónurnar blótuðu of mikið yrði myndin bönnuð innan sautján ára. Reyndar verður að taka það fram að orðinu „fuck“ bregður fyrir þrisvar en yfirleitt er því leyft að heyrast einu sinni í unglingamyndum. Columbiu-menn verða því að hafa hraðar hendur því ráðgert hafði verið að How Do You Know yrði frumsýnd 17. desember.

KLIPPT Nýjasta kvikmynd Reese Witherspoon og Owens Wilson verður endurklippt þar sem of mikið er blótað í henni.

25% afsláttur af öllum fylgiefnum

NÓVEMBERSPRENGJA

á parketi, plastparketi og harðparketi

Harðparket

Classic eik Natur, 8 mm fasað
verð áður ~~5.490.-~~ pr m² / verð nú **3.990.-** pr m²

Natural eik plankar, 7 mm
verð áður ~~3.990.-~~ pr m² / verð nú **2.990.-** pr m²

Bavarian eik Gran Via 4V, 8 mm fasað,
extra langir plankar
verð áður ~~5.890.-~~ pr m² / verð nú **3.990.-** pr m²



Historic eik Gran Via 4V, 8 mm fasað,
extra langir plankar
verð áður ~~5.890.-~~ pr m² / verð nú **3.990.-** pr m²

Plastparket

Eik vermont 3 stafa, 7mm
verð áður ~~2.990.-~~ pr m² / verð nú **1.990.-** pr m²

Alabama er Alabama eik plankar, 7mm
verð áður ~~3.990.-~~ pr m² / verð nú **1.990.-** pr m²



Eik Cornwall, 6mm
verð áður ~~1.790.-~~ pr m² / verð nú **990.-** pr m²

Scandic Beyki, 6 mm
verð áður ~~1.790.-~~ pr m² / verð nú **990.-** pr m²

Viðarparket

Eik Terra 3 stafa
verð áður ~~6.990.-~~ pr m² / verð nú **4.990.-** pr m².-

Eik Markant plankar, burstað og fasað
verð áður ~~9.990.-~~ pr m² / verð nú **8.490.-** pr m².-



Aðeins einn gámur á þessum frábæru kjörum!!
Takmarkað magn

Rýmingarsala á flísum og baðvöskum, allt að 70 % afsláttur

HARÐVIÐARVAL

Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími: 567 1010 | www.parket.is

70 **AF 100 MÖGULEGUM** er meðaleinkunn nýjustu myndarinnar um töfradrenginn Harry Potter á vefsíðu Metacritic. Myndin verður frumsýnd vestanhafs í dag en á Íslandi á morgun.

Ryan Reynolds er kynþokkafyllstur

Kanadíski leikarinn Ryan Reynolds hefur verið kjörinn kynþokkafyllsti maður heims af tímaritinu People. Reynolds, sem er 34 ára, er kvæntur leikkonunni Scarlett Johansson. „Hann er kanadískur og er stoltur af því. Hann getur búið til ommilettu og milljónir hafa dáðst að handleggsvöðum hans," sagði í umsögn People.

Reynolds gerði grín að öllu saman í viðtali við tímaritið. „Núna á fjölskyldan mín eftir að gera grín að mér það sem eftir er ævinnar," sagði hann og bætti við: „Það kynþokkafyllsta við Kanadamenn er að þeir búa yfir sérstökum hæfileika til að líta ekki stórt á sjálfa sig. Það hefur hjálpað mér vel í starfi mínu og einkalífi."

Aðrir sem komust á listann voru kappar á borð við Drake, Justin Timberlake, Jon Bon Jovi, Robert Downey Jr., Vin Diesel, Jake Gyllenhaal og Matthew Morrison.

Þetta er í 25. sinn sem People velur kynþokkafyllsta karlmanninn. Mel Gibson varð fyrstur til að hljóta nafnbótina. Í fótspor hans hafa fylgt folar á borð við John F. Kennedy Jr., Harrison Ford, Matt Damon og Richard Gere. Þeir George Clooney, Brad Pitt og Johnny Depp hafa unnið titilinn tvisvar hver.

RYAN REYNOLDS Kanadíski leikarinn hefur verið kjörinn sá kynþokkafyllsti í heiminum.

Egils Gull og Kareoke Sportbar kynna:
Jólatilboð til fyrirtækja og fyrir einkasamkvæmi
frábær partýtilboð
Fimmtudaga og sunnudaga
Stór bjór 500 kr
Lítill bjór 300 kr
Frakkastígur 8
Símar 659 6049 og 750 3151

SKRÍTIN Sagan sem bræðurnir Nev og Ariel Schulman ásamt félaga sínum Henry Joost segja í heimildarmyndinni Catfish er einstök og skrítin. Hér eru þeir með stórlaxinum Ryan Kavanaugh og framleiðandanum Marc Smerling. NORDICPHOTOS/GETTY

NETIÐ ER MARGSLUNGIÐ

Nev Schulman er umfjöllunarefnið í heimildarmyndinni Catfish sem er í leikstjórn bróður hans, Ariels Schulman og vinar hans, Henry Joost. Myndin hefur vakið mikla athygli og er sýnd á heimildarmyndahátíð Græna ljóssins. Freyr Gígja Gunnarsson heyrði í þremenningunum frá New York.

„Ertu frá Belgíu?" spyr Henry Joost eins og ekkert sé eðlilegra þegar hann sest við símann ásamt bræðrunum Nev og Ariel Schulman í New York. Þegar sá misskilningur hefur snögglega verið leiðréttur upplýsir Nev að viðtalið sé allt tekið upp á myndband. „Þeir taka allt upp."

Nev er aðalpersónan í heimildarmyndinni Catfish sem hefur vakið mikla athygli, var meðal annars heitasta umræðuefnið á Sundance-kvikmyndahátíðinni.

Myndin segir frá því í stuttu máli þegar Nev tekur mynd af tveimur dönsurum og fær hana birta á forsíðu dagblaðsins New York Post. Í kjölfarið er honum sent málverk af myndinni sem er sagt vera eftir átta ára gamla stúlku. Hann verður vinur fjölskyldunnar hennar á Facebook og verður ástfanginn af hálfsystur hennar. En þegar Nev fær sendar tónlistarupptökur frá stóru ástinni í lífi sínu fara að renna á hann tvær grímur enda virðast þær fengnar að láni frá öðum tónlistarmönnum af netinu. Í kjölfarið koma fram í dagsljósið upplýstranir sem Nev segir að hafi verið mesta upplifun í sínu lífi. „Við vorum algjörlega óviðbúnir þessu. Við höfðum mestar áhyggjur af okkar eigin öryggi til að byrja með," útskýrir Nev. Ariel bætir því við að myndin sýni hversu margslungið og óútreiknanlegt netið sé. „Þú getur verið hver sem er á Facebook en google og youtube afhjúpa þig yfirleitt. Þau gerðu það allavega í þessu tilfelli."

Nev segir það auðvitað hafa tekið aðeins á að vera með bróður sinn sífellt hangandi yfir sér með tökuvélina á lofti. „Á einhverjum tímapunkti verður það alltaf erfitt fyrir bræður að eyða svona miklum tíma saman. En þegar maður er með sínum besta vini þá enda hlutirnir yfirleitt vel." Hann hafi hins vegar ekki gert sér grein fyrir því að þeir myndu gera kvikmynd um sig og þetta ævintýri sitt til að byrja með. „ Það var auðvitað skrítið og ég gerði mínar athugasemdir en þeim tókst ágætlega upp og ég er sáttur við myndina."

Ariel tekur síðan við og segir að á ákveðnum tímapunkti í ferlinu hafi þeir áttað sig á að myndin væri að taka dramatískum breytingum og að þeir yrðu að fylgjast með til enda. „Við vissum ekkert hvað við vildum gera við þetta efni því við trúðum allir sögunni í fyrstu. En svo komum við auga á smá glufu og áttuðum okkur á að sagan sem bjó þarna að baki var lyginni líkust."

freyrgigja@frettabladid.is

André skrifaði á Fésbókarsíðu Jóns

„Okkur brá þegar við sáum þetta," segir Regína Ásvaldsdóttir, skrifstofustjóri borgarstjóra. André Bachmann sagðist í Fréttablaðinu í gær hafa beðið í fimm vikur eftir svari frá borgarstjóra um hvort hann vildi verða sérstakur gestur á jólahátíð hans 8. desember. Í stað hans fékk André forsetahjónin til að hlaupa í skarðið fyrir hann.

„Við höldum mjög vel utan um allar fyrirspurnir og fundum ekki neina fyrirspurn hér," segir Regína. „Við hringdum í hann [André] og þá kom í ljós að hann hafði aldrei sent neina beiðni hingað en hafði hins vegar skrifað í „kommenta" kerfi borgarstjóra á Fésbókinni," segir hún. Sú síða er rekin af Besta flokknum og skrifstofa borgarstjóra hefur því ekki umsjón með henni. Svo virðist því sem um leiðan misskilning hafi verið að ræða, enda er erfitt að fylgjast með fyrirspurnum á Fésbókarsíðunni sem eru þúsundir talsins. „Ég er alveg sannfærð um að Jón hefði tekið vel í þetta erindi ef það hefði borist hingað," bætir Regína við. Hún segir að engin leiðindi séu á milli borgarstjórans og André. „Ég get ekki ímyndað mér annað en að borgarstjóri fari á hátíðina á næsta ári."

- fb

JÓN GNARR Þúsundir manna hafa skrifað inn á Fésbókarsíðu Jóns.

ANDRÉ BACHMANN André sendi bréf sitt á rangan stað og því var málið á misskilningi byggt.

Jólafötin hennar

20% afsláttur

af öllum fatnaði í dömudeild

Gildir til miðvikudags

Prófaðu!

Frí ráðgjöf hjá stílista

Pantaðu tíma í síma 522 8005 eða á stilisti@debenhams.is

20% viðbótarafsláttur af allri útsöluvöru

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

NÆSTA KYNSLÓÐ POLLAPÖNKARA Lára Rúnarsdóttir (til vinstri), kona Arnars Þórs trommuleikara Pollapönks, ásamt dóttur þeirra Emblu Guðríði, og Sigríður Eir Guðmundsdóttir, kona Haraldar söngvara, ásamt dóttur þeirra, Hrönn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pollapönkarar í miklu stuði

Hljómsveitin Pollapönk hélt útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi. Tilefnið er ný barnaplata sveitarinnar, Meira Pollapönk, sem kom út í sumar við góðar undirtektir.

Pollapönk er skipuð leikskólakennurunum Haraldi F. Gíslasyni og Heiðari Erni Kristjánssyni sem slógu í gegn í rokksveitinni Botnleðju. Með þeim í hljómsveitinni er bróðir Haraldar, Arnar Þór Gíslason, og Guðni Finnsson, sem hafa báðir spilað með Ensími, Dr. Spock og fleiri kunnum sveitum.

POLLAPÖNK Halli og félagar í Pollapönki héldu uppi góðri stemningu á útgáfutónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FEÐGAR Feðgarnir Stefán Ingi Harðarson og Hörður Ingi Stefánsson voru á meðal gesta.

Í SALNUM Frá vinstri: Einar Atli Guðnason, Sigríður Ólafsdóttir, Ólafur Breki Guðnason, Hannes Friðbjarnarson, trommari í Buff, og sonur hans Baldvin Þór.

BROSMILD FJÖLSKYLDA Andri Júlíusson og Marta Ricart ásamt börnunum Elmari, Finni og Öldu.

JÓN OG TRYGGVI Jón Guðmundsson og Tryggvi Þór Skúlason mættu á tónleikana.

Sömdu við breskan útgefanda

Poppdúettinn Feldberg hefur gert samning við breska fyrirtækið Small Town America um útgáfu á plötu sinni Don´t Be a Stranger þar í landi á næsta ári. Sveitin fer einnig í tónleikaferð um landið til að fylgja plötunni eftir.

„Þetta er ekkert stórkostlegur samningur en hann er mjög heiðarlegur og góður. Hann felur í sér útgáfu í Bretlandi upp á eina plötu og þeir lofa ákveðnum peningi í markaðssetningu og fleira. Annars er ekkert upp úr þessu að hafa," segir Einar Tönsberg sem skipar sveitina ásamt Rósu Ísfeld.

Samkvæmt samningnum þarf Feldberg að semja sex B-hliða lög fyrir smáskífur sem verða gefnar út til að kynna plötuna. „Það er dálítið asnalegt að þurfa að gera B-hliða lög því þau þurfa helst ekki að vera nógu góð. Við þurfum að fatta hvernig við eigum að gera þetta. Kannski gerum við þetta bara allt með vinstri," segir Einar og hlær.

Það er fleira á döfinni hjá Feldberg því sveitin spilar á þrennum tónleikum í New York í byrjun desember. Fyrstu tónleikarnir verða á vegum norræna menningarsetursins Scandinavia House en hina tvo skipulagði Feldberg sjálf. „Þetta verður mjög skemmtilegt," segir Einar og hlakkar til að ferðast með Feldberg í fyrsta sinn til Bandaríkjanna. - fb



FELDBERG Einar Tönsberg og Rósa Ísfeld eru meðlimir poppdúettsins Feldberg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

20% AFSLÁTTUR AF GUERLAIN Í HOLTAGÖRÐUM

Guerlain kynning verður í verslun Hagkaups Holtagörðum
18. - 24. nóvember.

Guerlain kynnir nýjan farða Lingerie De Peau. Hinn fullkomni farði sem gefur einstaklega fallega náttúrulega áferð. Farðinn er án olíu, mjög léttur viðkomu og inniheldur mikinn raka svo húðin verður óaðfinnanleg allan daginn. Farðinn ver húðina með vörn spf 20 og PA+ og er fyrir allar húðgerðir.
Sérfræðingur verður á staðnum og veitir faglega ráðgjöf.
Ýmsir kaupaukar í boði að hætti Guerlain.*

*Á meðan birgðir endast

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

The Killers í jólaskapi

Las Vegas rokkararnir í The Killers ætla að gefa út jólasmáskífu í heimalandi sínu eins og undanfarin ár. Lagið nefnist Boots og kemur út 30. nóvember. Sveitin byrjaði að gefa út jólasmáskífur árið 2006 og hefur haldið í hefðina allar götur síðan.

Hingað til hefur allur ágóðinn af smáskífunum runnið til alnæmisdagsins, sem verður haldinn 1. desember í ár. The Killers eru í fríi frá tónleikahaldi um þessar mundir en stutt er síðan söngvarinn Brandon Flowers gaf út sólóplötuna Flamingo.

ÓLÉTT Pink er með barni og býst við að það sé stúlka.

Pink ólétt

Söngkonan Pink er ólétt. Eftir að fjölmiðlar vestanhafs höfðu velt nýtilkominni bumbu hennar fyrir sér mætti hún í þátt Ellenar DeGeneres í vikunni og kom málunum á hreint.

„Ég vildi ekki tala um þetta vegna þess að ég var stressuð. Ég hef misst fóstur áður," sagði hún við Ellen. „En ef ég ætlaði að tala við þetta um einhvern væri það þú."

Ellen spurði hvers kyns barnið væri en Pink sagðist ekki ætla að fá að vita það fyrr en barnið kæmi í heiminn. Hún bætti þó við að læknirinn hennar hefði gefið í skyn að hún gengi með stúlku.

MICHAEL RIDPATH Enski glæpasagnahöfundurinn er að kynna sína nýjustu bók, Hringnum lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bækur Arnaldar og Njála voru góður undirbúningur

Fyrsta glæpasagan af mörgum um lögreglumanninn Magnús Jónsson er nýkomin út. Höfundur er enski rithöfundurinn Michael Ridpath, sem er heillaður af Íslandi.

Enski glæpasagnahöfundurinn Michael Ridpath var staddur hér á landi fyrir skömmu til að kynna sína nýjustu bók, Hringnum lokað. Bókin, sem hefur fengið góða dóma erlendis, fjallar um rannsóknarlögreglumanninn Magnús Jónsson sem hefur verið búsettur í Boston en leitar skjóls á Íslandi eftir að hafa ekki komið heim í tuttugu ár.

„Ég hef skrifað átta fjármálatrylla en mig langaði að breyta um og skrifa glæpasögur um leynilögreglumann. Ég vildi skrifa um einhvern sem væri frá landi sem fólk þekkir ekki vel en hefur áhuga á," segir Ridpath, sem kom fyrst hingað til lands 1995 til að kynna bók sína Myrkraverk.

Ridpath ákvað að kynna sér Ísland betur og las meðal annars Njálu, glæpasögur Arnaldar Indriðasonar og fyrstu bók Yrsu Sigurðardóttur. „Njála er áhugaverð saga því þetta er lögfræðitryllir. Setningarnar eru stuttar og persónusköpunin er knöpp. Hún er eins og góð nútímaglæpasaga og ég hafði mjög gaman af henni," segir Ridpath. Hann er einnig hrifinn af bókum Arnaldar en passaði sig á því að herma ekki eftir honum. „Erlendur er gamaldags maður í nútímalegu samfélagi og Arnaldi tekst vel upp með hann. Ég vildi ekki búa til persónu eins og Erlend enda er ég ekki Íslendingur og get það ekki. Þess vegna ákvað ég að hafa Magnús hálfgerðan útlending sem kemur aftur heim. Hann er því öðruvísi en Erlendur og er með allt annað sjónarhorn á samfélagið."

Ridpath er hrifinn af íslensku þjóðinni. Hátt menntunarstig og bókmenntaáhuginn heillar hann og einnig dugnaður fólksins og húmorinn, sem svipar til hins kaldhæðnislega enska húmors. „Þessar andstæður á milli hins gamla og nýja eru líka miklar. Reykjavík er ný og tæknileg borg en á hinn bóginn var Ísland mjög fátækt land árið 1940. Öll hjátrúin og gamli tíminn er rétt undir yfirborðinu. Ömmur allra virðast hafa talað við álf og það finnst mér áhugavert," segir hann og hlær.

Höfundurinn ætlar að skrifa margar bækur um Magnús Jónsson og hefur þegar lokið við bók númer tvö. Hún gerist á Vesturlandi og dvaldi Ridpath þar í nokkra daga til að kynna sér umhverfið. „Hún fjallar um bankahrunið á Íslandi og er skrifuð út frá sjónarhóli fórnarlambanna," útskýrir hann.

Ridpath segist finna til með Íslendingum eftir að kreppan skall á og telur að þeir hafi verið sérlega óheppnir. „Við höfum öll heyrt um slæma bankamenn en ykkar skemmdu meira fyrir en aðrir. Þeir misstu stjórn á hlutunum," segir hann og bætir við að hryðjuverkalögin sem breska ríkisstjórnin setti á Íslendinga hafi verið fáránleg. „Ég skammast mín fyrir það og biðst afsökunar. Ég held að breska ríkisstjórnin átti sig ekki á því hversu móðgandi þetta var, sérstaklega fyrir eins friðsæla þjóð og Ísland." **freyr@frettabladid.is**

Hafnaði Playboy

Söngkonan Rihanna hefur upplýst að hún hafi hafnað því að sitja fyrir nakin í tímaritinu Playboy. „Ef ég ætla að afklæðast þá verður það að vera flott og gert eftir mínu höfði," sagði Rihanna. „Ég myndi ekki taka við peningum fyrir svona lagað. Ég fékk tilboð frá Playboy og þau vildu borga mér fyrir að vera nakin á forsíðunni."

Rihanna hefur á sama tíma valdið fjaðrafoki vegna djarfra mynda af henni sem eru á nýjustu plötu hennar Loud. Þar skríður hún eftir jörðinni ber að ofan í kynæsandi stellingu. Sumir telja myndirnar ganga of langt og vera óviðeigandi vegna hinna fjölmörgu ungu aðdáenda hennar.

ALLT BÚIÐ? Að minnsta kosti samkvæmt fjölmiðlum vestanhafs.

Longoria og Parker skilja

Samkvæmt fjölmiðlum vestanhafs eru leikkonan Eva Longoria og körfuboltamaðurinn Tony Parker að skilja eftir þriggja ára hjónaband.

Talsmenn hjónakornanna hafa staðfastlega neitað þessum fréttum, en þrátt fyrir það eru heimildarmenn ýmissa slúðurmiðla handvissir um að hjónabandið sé hreinlega í molum þar sem hún hefur fengið nóg af fréttum um meint framhjáhald hans.

Longoria og Parker hafa ekki sótt formlega um skilnað, en búist er við því að það gerist á allra næsta dögum.

ALLT Á FULLU Hönnunarnemarnir í FB voru á fullu í undirbúningi þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Haffi Haff kynnir hönnun í Breiðholti

„Undirbúningurinn gengur ágætlega en þetta er samt stress," segir Alexía Rós Gylfadóttir, nemandi í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, en í kvöld halda hönnunarnemar listnámsbrautarinnar glæsilega tískusýningu. Náttúruöflin eru þema sýningarinnar en tólf nemendur sýna hönnun sína.

„Við erum yfirleitt með eina svona sýningu á ári en það verður líklegast önnur eftir áramót, þar sem áfanginn er orðinn svo vinsæll og brautin hefur stækkað hratt," segir Alexía.

Alexía á sjálf verk á sýningunni. „Ég er með norðurljósaþema í minni hönnun, en ég ætla að sýna tvo kjóla, einn samfesting og eina slá," segir Alexía og bætir við að einhverjir séu með eldgosa- og snjóflóðaþema. Hún segir mikla vinnu liggja að baki. „Við þurftum sjálf að setjast niður og teikna allt upp og svo þarf að sauma allar flíkurnar. Svo erum við líka að sjá um allt í kringum sýninguna sjálfa, finna kynni, redda hárgreiðslu og förðun og fleira," segir Alexía, sem var einmitt stödd í Iðnskólanum í Hafnarfirði þar sem verið var að lita hárið á módelinu hennar.

Það er enginn annar en sjálfur Haffi Haff sem er kynnir á sýningunni. „Það var ekkert mál að fá Haffa. Reyndar kom það upp bara núna á síðustu stundu að hann er að fara að spila í Eldhúspartýi FM 957 í kvöld, en þetta reddast alveg," segir Alexía.

Tískusýningin verður haldin í hátíðarsal Fjölbrautaskólans í Breiðholti en húsið verður opnað klukkan átta. Trúbadorar sjá um að halda uppi stemningunni þar til sýningin hefst kl. 20.30. **- ka**

THE BODY SHOP™

Jólagjöfina færðu í Body Shop

Gjafakubbur með dekurvörum **1490 kr.**

Askja með “Love etc...“-ilmvatni og -sturtusápu **3290 kr.**

Askja með “Coconut“-dekurvörum **3990 kr.**

Farðaburstar í fallegri buddu **4990 kr.**

Kassi með “Cranberry“-dekurvörum **3990 kr.**

“Of a man“-herrasnyrtivörur í öskju **2990 kr.**

E-vítamín-andlitsvörur í öskju **3990 kr.**

Gott í skóinn! 5 dýrasápur saman í poka **1090 kr.**

Kassi með “Strawberry“-dekurvörum **5990 kr.**

“Shimmer“-freyðibað í fallegri flösku **1890 kr.**

“Maca root“-herrasnyrtivörur í öskju
Stærri gerð **4290 kr.** Minni gerð **1490 kr.**

Askja með “Japanese cherry blossom“-ilmvatni og -sturtusápu **3790 kr.**

5 teg. af varasalva í frumlegri öskju **2790 kr.**

THE BODY SHOP®

Mikið úrval af jólagjafapokum
Verð frá **250** til **460 kr.**

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI

Nemendur í framhaldsskóla og félagar í Landssambandi eldri borgara fá 10% afslátt gegn framvísun gildra skírteina

Ómar ferðast um landið

Ómar Guðjónsson er farinn af stað í tónleikaferð um landið til að fylgja eftir sinni þriðju sólóplötu, Von í óvon. Síðustu tvær plötur hans hafa fengið Íslensku tónlistarverðlaunin.

DJASSGÍTARLEIKARI Á FERÐALAGI Ómar Guðjónsson og félagar hans eru lagðir af stað í tónleikaferð um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þriðja sólóplata djassgítarleikarans Ómars Guðjónssonar, Von í óvon, er komin út. „Þetta er nánast framhald af síðustu plötu en núna er ég með tvo trommara," segir Ómar og á við þá Helga Svavar Helgason og Matthías Hemstock. „Það er búinn að vera draumur hjá mér í smá tíma að etja þessum snillingum saman. Maður fær þarna smá dýpri „rythma". Ég setti þá í sinn hvorn hátalarann og þeir eru oft að spila sama taktinn en gera það á sinn hátt. Ég er svakalega ánægður með útkomuna. Ég er búinn að starfa með þeim í tíu til fimmtán ár og vissi nákvæmlega að ég myndi fá þessa snilld sem ég fékk," segir Ómar. Á Von í óvon spilar einnig Ingi Björn Ingason á rafbassa en á síðustu plötu Ómars, Fram af, var kontrabassi notaður. „Núna var aðeins öðruvísi hugsun á bak við grunninn allan. Þetta er meira í popp- og rokkandanum."

Fram af var valin djassplata ársins á Íslensku tónlistarverðlaunum 2009 og platan sem Ómar gaf út í fyrra með hljómsveitinni ADHD hlaut sömu verðlaun í byrjun þessa árs. Það verður því forvitnilegt að fylgjast með viðbrögðunum við nýju plötunni.

Ómar ætlar að fylgja henni eftir með tónleikaferð um landið sem hófst á Akureyri í gær. Í kvöld verður spilað á Siglufirði og eftir það er ferðinni heitið til Seyðisfjarðar og Hafnar í Hornafirði. Útgáfutónleikar verða síðan í Nema Forum í Reykjavík, 23. nóvember.

Hljómsveit Ómars ætlar að ferðast um landið í stórum jöklajeppa, sem ætti að koma sér vel í erfiðri færðinni á þessum árstíma. „Við erum svo heppnir að félagi minn sem rekur jöklabíl allt árið um kring ætlar að keyra okkur. Ég er búinn að máta tvö trommusett í bílinn og þau passa akkúrat. Þetta er klassískur jökla Land Rover með 38 tommu dekkjum. Við erum frekar bjartsýnir á að komast þetta," segir gítarleikarinn snjalli. freyr@frettabladid.is



Bíó ★★★

Inside Job

Leikstjóri: Charles Ferguson

Sýnd á Haustbíódögum Græna ljóssins í Bíó Paradís

Ameríska hrunið afhjúpað

Fjármálahrunið 2008 var það mesta frá því að verðbréfamarkaðurinn á Wall Street hrundi 1929. Í heimildarmyndinni Inside Job reynir leikstjórinn Charles Ferguson að kryfja til mergjar hvað fór úrskeiðis í bandarísku fjármálakerfinu og hverjir báru ábyrgð á því að kerfið brann yfir með tilheyrandi snjóboltaáhrifum sem teygðu sig alla leið til Íslands, Grikklands og Írlands. Ferguson notar reyndar Ísland sem smættaða útgáfu á því hvað varð til þess að alþjóðleg lausafjárkreppa lék marga grátt.

Inside Job reynir eftir fremsta megni að gera viðfangsefni sitt spennandi og tekst það á löngum köflum. Hún verður hins vegar stundum fremur langdregin og áhorfandinn gæti misst þráðinn. Hins vegar er það óneitanlega skemmtileg og fróðleg sjón að sjá virta fræðimenn á borð við Fredrick Mishkin engjast um í sætinu sínu yfir einföldum spurningum en á köflum líka skelfilegt að sjá hvernig stjórnmálastéttir og viðskiptablokkir sköruðu eld að sinni köku. Og bara að sinni köku.

Freyr Gígja Gunnarsson

Niðurstaða: Inside Job er flott mynd um bandarískar efnahagshrunið sem stundum verður þó aðeins of flókin og langdregin.

Fyrsta plata Völu Guðna

Fyrsta sólóplata söng- og leikkonunnar Valgerðar Guðnadóttur, Draumskógur, er komin út. Á henni eru vinsæl íslensk og erlend dægurlög í nýjum búningi. Undirstaðan í lögunum er strengjakvartett og klassískur gítar ásamt seiðandi rödd Valgerðar, eða Völu Guðna eins og hún er oftast kölluð.

Fyrsta lagið í spilun af plötunni er Draumaprinsinn eftir Magnús Eiríksson en auk þess má finna Orfeus og Evridísi eftir Megas og Bláu augun þín eftir Gunnar Þórðarson og Ólaf Gauk Þórhallsson. Útgáfutónleikar Völu verða í Iðnó 23. nóvember og hefjast þeir stundvíslega kl. 20.

VALGERÐUR GUÐNADÓTTIR Fyrsta sólóplata Valgerðar Guðnadóttur, Draumskógur, er komin út. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

LÍNAN

mjúkir, stífir, langir, stuttir
stórir, litlir, djúpir, grunnir.....
við sérhæfum okkur í sófum

Narfe - 3ja eða 2.5 sæta

Valencia - hægri eða vinstri tunga

Birmingham 3ja sæta

Edge - hægri eða vinstri

verið velkomin í nýja
verslun okkar í Bæjarlind 16

Bæjarlind 16 - Kópavogur - S: 553 7100 - www.linan.is - Opið mán til fös 12 - 18 laug 11 - 16 sunn 13 - 16

PLATA VÆNTANLEG Eftir fjögurra ára bið er ný plata frá The Strokes í sjónmáli.

NORDIC PHOTOS/AFP

Ný Strokes-plata á lokasprettinum

New York-sveitin The Strokes hefur lokið upptökum á nýjustu plötu sinni sem ætti að koma út á næstu mánuðum.

Söngvarinn Julian Casablancas upplýsti nýlega að hljóðblöndun væri hafin, en upptökum lauk síðasta mánudag. „Platan kemur ekki út fyrr en eftir nokkra mánuði," sagði Casablancas. „En við erum loksins búnir að taka hana upp."

Hljómsveitin hóf vinnu að plötunni í New York í febrúar ásamt upptökustjóranum Joe Chiccarelli. Hann hefur unnið með listamönnum á borð við Beck og Björk og kaupsýslumönnunum í U2. Í mars lýsti Casablancas yfir að hann hefði tekið sönginn upp einn og reynt að skipta sér sem minnst af því sem restin af hljómsveitinni gerði í hljóðverinu.

Platan verður sú fjórða sem The Strokes sendir frá sér og sú fyrsta síðan First Impressions of Earth kom út árið 2006. - afb

Kynæsandi auglýsing

Kynæsandi auglýsing fyrir nýtt ilmvatn söngkonunnar Beyoncé, Heat, hefur verið bönnuð í bresku sjónvarpi fyrir klukkan 19.30. Samtök sem hafa eftirlit með auglýsingum ákváðu að banna hana eftir að fjöldi fólks hafði kvartað yfir sýningu hennar um miðjan daginn. „Hreyfingar Beyoncé og það hvernig myndavélinni var beint að því þegar kjólinn hennar færðist til þannig að brjóst hennar sáust að hluta til var svo kynferðislega ögrandi að það þótti ekki hæfa ungum börnum," sagði í yfirlýsingu samtakanna.

BEYONCÉ Auglýsing fyrir nýja ilmvatnið hennar þykir ákaflega djörf.

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

JACKASS – ÓTEXTUÐ	6 , 8 og 10.15	12
UNSTOPPABLE	8 og 10.15	12
ARTÚR 3: TVEGGJA HEIMA STRÍÐ	6 -ÍSL.TAL	7
STONE	8 og 10.15	16
ÚTI ER ÆVINTÝRI	6 -ÍSL.TAL	L

FORSALA Á HARRY POTTER HAFIN Á
SAMBIO.IS





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

JACKASS-3D	kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
DUE DATE	kl. 5:50 - 8 - 10:20	10
DUE DATE	kl. 8 - 10:20	VIP
RED	kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ísl. Tali	kl. 6	L
LET ME IN	kl.10:30	16
ÓRÓI	kl. 8 - 10:20	10
THE TOWN	kl. 8	16
THE TOWN	kl. 5:30	VIP
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D	kl. 6	L
DUE DATE	kl. 8 - 10:10	10
GNARR	kl. 6 - 8 - 10:10	L

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ísl. Tali	kl. 3.55 og 6	L
DUE DATE	kl. 3.50 - 5.50 - 8 og 10.20	10
GNARR	kl. 3.45 -5.50 - 8 og 10.10	L
RED	kl. 3.45 - 8.10 og 10.30	12

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

GNARR	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
DUE DATE	kl. 10:20	10
RED	kl. 10:20	12
THE SWITCH kl. 5:50 - 8		L
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali á morgun kl. 5:50		7

FORSALA Á HARRY POTTER HAFIN Á
SAMBIO.IS

BÍÓ ★ PARADÍS CAFÉ

FEATHERED COCAINE(L)	20:10
INSIDE JOB(L)	18:00
ARMADILLO(14)	18:20
I'M STILL HERE(12)	18:10
FREAKONOMICS(L)	20:10
EINS OG VIÐ VÆRUM(L)	20:30
SUBMARINO(14)	20:30
GASLAND(L)	18:30

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS

NÝTT Í BÍÓ!





SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000 FULLKOMIN GÆÐI

JACKASS 3D ÓTEXTUÐ	kl.3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	12
JACKASS 3D LÚXUS ÓTEXTUÐ	kl.3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	12
UNSTOPPABLE	kl.5.50 - 8 - 10.10	L
EASY A	kl.5.50 - 8 - 10.10	L
ARTHÚR 3	kl.3.40	L
MACHETE	kl.10.35	16
ÚTI ER ÆVINTÝRI 2	kl.3.40	L
SOCIAL NETWORK	kl.8	7
EAT PRAY LOVE	kl.5.20	L
AULINN ÉG 3D	kl. 3.40	L

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

UNSTOPPABLE	kl.5.50 - 8 - 10.10	L
EASY A	kl.5.50 - 8 - 10.10	L
ARTHÚR 3	kl.5.50	L
YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER	kl.8 - 10.15	L
INHALE	kl.8 - 10	16
BRIM	kl.6	12

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

JACKASS 3D ÓTEXTUÐ	kl.8 - 10	12
EASY A	kl.6 - 8 - 10	L
ARTHÚR 3	kl.6	L

facebook.com/smarabio 5% AUKAKRÓNUR

REYKJAVÍKURNÆTUR
NOVA
TÓNLEIKARÖÐ Á NASA Í NÓVEMBER!
DAGUR Á STEINI
18. NÓVEMBER KL. 21:00 Í KVÖLD!
HJALTALÍN OG FELDBERG
25. NÓVEMBER KL. 21:00
HJÁLMAR OG RETRO STEFSON
FRÍTT INN FYRIR VIÐSKIPTAVINI NOVA Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR!
MIÐAVERÐ FYRIR AÐRA: 1.000 KR. 20 ÁRA ALDURSTAKMARK.
SÝNDU NOVA FARSÍMANN VIÐ INNGANGINN. HÚSIÐ OPNAR KL. 21.00.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

SJÁÐU STÓRMYNDINA

HARRY POTTER OG DAUÐADJÁSNIN

Í FULLKOMNASTA OG FLOTTASTA BÍÓI LANDSINS

FORSALA Í FULLUM GANGI Á

WWW.SAMBIO.IS

SAMBÍÓIN

EGILSHÖLL

HAÍTI er komið upp fyrir Ísland á styrkleikalista FIFA en nýr listi var gefinn út í gær. Haíti hefur verið mikið í fréttum vegna þeirra náttúruhamfara sem þar hafa gengið yfir en knattspyrnulandslið þjóðarinnar hoppaði engu að síður upp í 101. sæti listans. Ísland er í 110. sætinu og stendur í stað frá síðasta lista.

JÓN GUÐNI Hefur verið á faraldsfæti síðustu vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sænska félagið IFK Göteborg:

Spennt fyrir Jóni og Elfari

FÓTBOLTI Sænska félagið IFK Göteborg horfir fram á að missa íslenska landsliðsmanninn Ragnar Sigurðsson frá sér. Félagið vill gjarna fá annan Íslending til þess að fylla hans skarð.

Á vefsíðu Expressen í dag er greint frá því að miðverðirnir Elfar Freyr Helgason og Jón Guðni Fjóluson séu báðir undir smásjá sænska liðsins.

„Við erum ekki eina liðið sem vill fá þessa stráka," sagði Håkan Mild, íþróttastjóri Göteborg, en Jón Guðni hefur meðal annars verið að æfa með PSV Eindhoven og FC Bayern. Mörg lið í Skandinavíu hafa svo verið að sýna Elfari Frey áhuga.

Sænska liðið mun hefja æfingar á ný hinn 30. nóvember og segir Mild að Eflar Freyr muni mæta þá á æfingar hjá liðinu. **- hbg**

GEGN UNITED Eiður Smári í baráttu við Patrice Evra í leik Stoke og Manchester United. NORDIC PHOTOS/AFP

Eiður Smári Guðjohnsen:

Orðaður við Reading

FÓTBOLTI Enska B-deildarliðið Reading er að leita sér að styrkingu og ætlar að reyna að fá lánaðan leikmann áður en lokað verður fyrir lánasamninga næsta fimmtudag.

Á vefnum Vitalfootball er því velt upp að Brian McDermott, stjóri Reading, sé að reyna að fá Eið Smára Guðjohnsen lánaðan frá Stoke City.

„Það er möguleiki að við fáum lánaðan mann. Ég er að skoða mjög góðan leikmann. Ef það fer í jákvæðan farveg munum við reyna að landa málinu," sagði McDermott.

Eiður hefur ekki fengið mörg tækifæri hjá Stoke City í vetur og spurning hvort hann sé tilbúinn að íhuga að fara annað að láni. **- hbg**

Þjálfarar Hauka:

Báðir í bann

HANDBOLTI Þjálfarar meistaraflokka karla og kvenna hjá Haukum voru í gær dæmdir í leikbann á fundi Aganefndar HSÍ en leikbönnin koma þó ekki til með að hafa áhrif á störf þeirra með sínum liðum sínum í N1-deild karla og kvenna.

Báðir fengu bann fyrir óíþróttamannslega framkomu: Halldór Ingólfsson, þjálfari karlaliðsins, fyrir leik í 3. flokki karla þar sem hann var skráður starfsmaður en Einar Jónsson, þjálfari kvennaliðsins, fyrir útilokun í leik með Haukum 2 í bikarkeppninni. **- óój**

Ungu strákarnir gefa Íslandi von

Eftir skelfilega byrjun vináttulandsleiksins í Ísrael í gær þar sem tveir leikreyndustu menn Íslands gáfu tvö mörk á silfurfati voru það ungu strákarnir sem björguðu andliti íslenska landsliðsins í Tel Aviv fyrir rest.

FÓTBOLTI Tveir leikmenn U-21 landliðs Íslands, þeir Alfreð Finnbogason og Kolbeinn Sigþórsson, björguðu andliti íslenska landsliðsins sem mætti Ísrael ytra í vináttulandsleik í gær. Mörk þeirra undir lok leiksins dugðu ekki til þar sem Ísrael vann leikinn, 3-2.

„Við vorum komnir 2-0 undir eftir þrettán mínútur og þeir skoruðu svo þriðja markið á 27. mínútu. Þetta leit því ansi illa út hjá okkur," sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari eftir leikinn. „En við náðum að koma aðeins til baka í seinni hálfleik og bjarga andlitinu."

Ísraelar skoruðu fyrsta markið eftir að Indriði Sigurðsson gaf boltann frá sér á eigin vallarhelmingi og það síðara eftir að boltinn var einfaldlega hirtur af Hermanni Hreiðarssyni sem var þá aftasti varnarmaður. Omer Dameri skoraði bæði mörkin en þetta var hans fyrsti landsleikur fyrir hönd Ísraels.

„Fyrsti tvö mörkin voru gjafamörk – alger byrjendamistök," sagði Ólafur en þeir Indriði og Hermann eru leikreyndustu leikmenn íslenska landsliðsins.

Ólafur sagði fyrir leikinn að liðið ætlaði að reyna að halda boltanum betur innan liðsins og færa sig nær marki andstæðingsins en liðið hefur oft gert áður. Landsliðsþjálfarinn sagði að sú tilraun hefði misheppnast.

„Við lentum í vandræðum. Ísraelsmenn eru léttleikandi, flinkir og duglegir að teygja á liðinu. Við breyttum til í seinni hálfleik og spiluðum aðeins aftar og þéttum miðjuna. Þá gekk okkur mun betur," sagði Ólafur.

Ísland fékk þó fín færi í fyrri hálfleik sem liðið náði ekki að nýta. „Steinþór Freyr átti skot í slá, Kolbeinn komst einn í gegn og Birkir fékk tvö mjög góð færi en það féll ekki með okkur."

Eins og Ólafur segir gekk Íslandi mun betur í síðari hálfleik og var nálægt því að jafna metin undir lokin. „Við settum pressu á þá undir lokin en það vantaði herslumuninn."

> Það stefndi í niðurlægingu en við tókum okkur saman í andlitinu og gátum labbað nokkuð brattir af velli.
>
> **ALFREÐ FINNBOGASON**
> LANDSLIÐSMAÐUR

Alfreð Finnbogason skoraði sitt fyrsta landsliðsmark í gær og var vitanlega ánægður með það. Hann skoraði fyrra mark Íslands og átti stóran þátt í því síðara.

„Ég fékk boltann á teignum eftir hornspyrnu og setti hann á nærstöngina," sagði Alfreð í gær. „Ég átti svo sendingu inn á Steinþór Frey og hann lagði boltann fyrir Kolbein sem skoraði síðara markið," bætti hann við.

„Það bætti aðeins stöðuna. Það stefndi í niðurlægingu en við tókum okkur saman í andlitinu og gátum labbað nokkuð brattir af velli," sagði Alfreð.

„Ég er auðvitað aldrei sáttur við tap en miðað við stöðuna í hálfleik var þetta fínt. Ég er ánægður með markið en ég reyndi að nýta tækifærið og sýna að ég eigi heima í landsliðinu."

Ólafur segir ferðina hafa nýst vel þrátt fyrir tapið. „Bæði leikmenn og við þjálfararnir erum reynslunni ríkari. Við prófuðum ákveðna hluti sem okkur langaði til að gera og það var fínt að sjá hvernig það gekk og hvað mætti betur fara. Þetta var góð ferð."

eirikur@frettabladid.is

LAGLEGUR SAMLEIKUR Kolbeinn Sigþórsson skoraði eftir laglegan samleik við Steinþór Frey Þorsteinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FYRSTA MARKIÐ Alfreð Finnbogason skoraði eitt og átti ríkan þátt í hinu marki Íslands í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Júlíus Jónasson hefur valið nítján leikmenn í æfingahóp A-landsliðs kvenna fyrir EM í Danmörku:

Eðlilegt að einhverjar sitji svekktar heima

HANDBOLTI Júlíus Jónasson, þjálfari A-landsliðs kvenna, hefur valið nítján leikmenn í íslenska landsliðið sem fer á æfingamót í Noregi um þarnæstu helgi. Svo verður fækkað um þrjá í hópnum og fara sextán leikmenn Evrópumeistaramótið í Danmörku og Noregi í næsta mánuði. Allir leikir Íslands verða í Danmörku.

„Mér líst vel á þennan hóp og eðlilega tel ég að ég hafi valið besta hópinn sem við eigum," sagði Júlíus við Fréttablaðið í gær. „Það er þó alltaf erfitt að standa að svona vali og það var ekki öðruvísi núna. Það er alveg ljóst og fullkomlega eðlilegt að það eru einhverjir leikmenn sem sitja eftir svekktir."

Júlíus segir að margt þurfi að hafa í huga við val á landsliði. „Það er ýmislegt í þessu vali sem er ekki auðlesið af mörgum en þannig er það bara. Auðvitað væri betra að hafa fleiri leikmenn en maður er bundinn af reglunum."

Júlíus valdi þrjá markverði í hópinn og segir óljóst hvort hann fari með alla þrjá til Danmerkur eða skilji einn eftir heima.

VALDI EM-HÓPINN Júlíus Jónasson, landsliðsþjálfari kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég er ekki búinn að taka endanlega ákvörðun hvað það varðar enn og báðir möguleikar koma til greina. Hér áður fyrr fóru lið undantekningalaust með þrjá markverði á stórmótin en það hefur breyst. Nú er hægt að skipta út leikmönnum eftir riðlakeppnina ef meiðsli koma upp og málin hafa þróast þannig að lið gera meira af því að fara með tvo markverði – án þess að ég sé að gefa nokkuð upp um hvað ég ætli að gera," segir Júlíus.

Sjálfsagt eru margir leikmenn óánægðir með að hafa ekki fengið tækifæri til að sanna sig fyrir þjálfaranum á æfingamótinu í Noregi. „Ég er búinn að skoða marga leikmenn og tel að ég sé nú með bestu leikmennina sem við eigum í hverri stöðu fyrir sig. Það eru einnig leikmenn í hópnum sem geta leikið fleira en eina stöðu, sem getur líka reynst dýrmætt."

Hann segir að liðið ætli ekki að láta sér nægja að hafa komist inn á Evrópumeistaramótið en það er í fyrsta sinn sem A-landslið kvenna kemst á stórmót.

„Við vitum að okkar riðill er mjög erfiður en þannig er það með alla riðlana – öll sextán liðin sem keppa á mótinu eru mjög sterk. Við erum litla liðið í riðlinum en það getur líka verið kostur. Einn sigur gæti fleytt okkur upp úr riðlinum og draumurinn er að ná því að gera betur en við höfum gert hingað til. Það var frábært að komast á EM en við viljum ekki setja punktinn þar." **- esá**

Landsliðshópurinn

Markverðir:	
Berglind Íris Hansdóttir	Fredrikstad BK
Guðrún Ósk Maríasdóttir	Fylki
Íris Björk Símonardóttir	Fram
Aðrir leikmenn:	
Anna Úrsúla Guðmundsdóttir	Val
Arna Sif Pálsdóttir	Team Esbjerg
Ásta Birna Gunnarsdóttir	Fram
Elísabet Gunnarsdóttir	Stjörnunni
Hanna G. Stefánsdóttir	Stjörnunni
Harpa Sif Eyjólfsdóttir	Spårvagen HF
Hrafnhildur Ósk Skúladóttir	Val
Karen Knútsdóttir	Fram
Rakel Dögg Bragadóttir	Levanger
Rebekka Rut Skúladóttir	Val
Rut Arnfjörð Jónsdóttir	Team Tvis Holstebro
Sólveig Lára Kjærnested	Stjörnunni
Stella Sigurðardóttir	Fram
Sunna Jónsdóttir	Fylki
Sunna María Einarsdóttir	Fylki
Þorgerður Anna Atladóttir	Stjörnunni

ICELANDIC
FITNESS AND HEALTH EXPO

MOSFELLSBÆR ■ FÖS. 19. NÓVEMBER

Kl. 14:00 Húsið opnað – EXPÓ vörukynning.
Kl. 14:15 Aflraunir – „Jón Páll Sigmarsson Classic".
Kl. 16:00 Fitness – Vaxtarrækt og Módelfitness – konur.

MOSFELLSBÆR ■ LAU. 20. NÓVEMBER

Kl. 11:00 Húsið opnað – EXPÓ vörukynning.
Kl. 12:00 Vaxtarrækt og fitness – karlar.
Kl. 14:00 Aflraunir – „Jón Páll Sigmarsson Classic".

SALUR 3
Kl. 12:00 Hnefaleikar.
Kl. 14:00 Jiu Jitsu – Combat Gym gegn Mjölni.

LAUGARDALSHÖLL ■ LAU. 20. NÓVEMBER

- Úrslit í vaxtarrækt, Fitness, Módelfitness karla og kvenna.
- Sérstakir gestir: Monica Brant (gestapósari) og Mr. Olympia Jay Cutler.
- „Jón Páll Sigmarsson Classic" – keppni sterkustu manna heims – úrslit.
- Super-fight Gunnar Nelsson – Michael Russell.
- Eftirpartý á Players.

MOSFELLSBÆR ■ SUN. 21. NÓVEMBER

Kl. 10:00 5K PUMP AND RUN
Vigtun og bekkpressa kl. 10:00
Hlaupið hefst kl. 11:00
Kl. 11:00 Húsið opnað – EXPÓ vörukynning.
Kl. 11:00 Bikarmót KRAFT – Kraftlyftingar.
Kl. 14:00 Sterkasta kona Íslands.
Kl. 15:00 Þríþraut – bekkpressa, réttstaða og sekkjahlaup.

SALUR 3
Kl. 12:00 Fimleikar.
Kl. 15:00 Ólympískar lyftingar.

Miðasala á www.midi.is

ICELANDAIR

FITNESS SPORT
FAXAFEN 8 · SÍMI 544-5555

FLOTTIR FRAKKAR Mathieu Valbuena og Karim Benzema, til hægri, fagna með Eric Abidal í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fjölmargir vináttulandsleikir fóru fram víða um Evrópu í gær:

Frakkar fögnuðu á Wembley

FÓTBOLTI Þrátt fyrir mikla endurnýjun í enska landsliðinu mátti Fabio Capello landsliðsþjálfari sætta sig við tap fyrir Frökkum á heimavelli í gær en fjölmargir vináttulandsleikir fóru fram víða um Evrópu í gær.

Frakkar unnu 2-1 sigur á Englandi í gær með mörkum þeirra Karim Benzema og Matheu Valbuena en leikurinn fór fram á Wembley-leikvanginum í Lundúnum. Peter Crouch náði að klóra í bakkann fyrir heimamenn með marki skömmu eftir að hann kom inn á sem varamaður. Hann skoraði af stuttu færi eftir hornspyrnu.

Andy Carroll, Jordan Henderson og Kieran Gibbs voru allir í byrjunarliði Englands í gær en það voru þeir frönsku sem höfðu undirtökin lengst af í leiknum.

Hollendingar fögnuðu sigri á heimavelli gegn Tyrkjum en Klaas-Jan Huntelaar skoraði eina mark leiksins.

Þjóðverjar gerðu markalaust jafntefli við Svía en þjálfarinn Joachim Löw ákvað að hvíla nokkra lykilmenn í þýska landsliðinu að þessu sinni og fengu fjórir leikmenn að spila sinn fyrsta A-landsleik fyrir hönd Þýskalands í gær.

Ófarir Ítala halda enn áfram en liðið gerði 1-1 jafntefli við Rúmeníu í gær og þá tryggði Erik Huseklepp Norðmönnum sigur á Írum í leik sem Kristinn Jakobsson dæmdi.

Noregur er með Íslandi í riðli í undankeppni EM 2012, sem og Danmörk sem gerði markalaust jafntefli við Tékka í gær.

- esá

ÚRSLIT

N1-deild karla

Haukar - Fram 27-31 (14-14)

Mörk Hauka (skot): Björgvin Þór Hólmgeirsson 11 (21), Guðmundur Árni Ólafsson 6/2 (8/2), Freyr Brynjarsson 3 (3), Heimir Óli Heimisson 3 (3), Jónatan Ingi Jónsson 1 (2), Stefán Rafn Sigurmannsson 1 (2), Einar Örn Jónsson 1 (3), Þórður Rafn Guðmundsson 1 (9).
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 15/3 (32/3) 47%, Aron Rafn Eðvarðsson 6 (20/3) 30%.
Hraðaupphlaup: 6 (Freyr 3, Guðmundur, Heimir, Björgvin).
Fiskuð víti: 2 (Einar, Sveinn).
Utan vallar: 10 mín.
Mörk Fram (skot): Einar Rafn Eiðsson 10/3 (15/5), Jóhann Gunnar Einarsson 6 (10), Halldór Jóhann Sigfússon 5 (7/1), Andri Berg Haraldsson 4 (10), Jóhann Karl Reynisson 2 (4), Róbert Aron Hostert 1 (2), Kristján Kristjánsson 1 (4), Matthías Daðason 1 (1), Haraldur Þorvarðarson 1 (6).
Varin skot: Magnús Erlendsson 21 (47/1) 45%.
Hraðaupphlaup: 13 (Einar 7, Jóhann 2, Halldór, Andri, Jóhann, Matthías).
Fiskuð víti: 6 (Haraldur 2, Róbert, Andri, Jóhann, Einar).
Utan vallar: 2 mín.
Dómarar: Svavar Pétursson og Arnar Sigurjónsson, mjög góðir.

Selfoss - HK 34-39 (12-18)

Mörk Selfoss: Ragnar Jóhannsson 11, Hörður Bjarnason 5, Matthías Halldórsson 5, Guðjón Drengsson 4, Atli Kristinsson 3, Guðni Ingvarsson 2, Gunnar Ingi Jónsson 2, Einar Héðinsson 1, Helgi Héðinsson 1.
Mörk HK: Ólafur Bjarki Ragnarsson 14, Bjarki Már Elíasson 7, Atli Ævar Ingólfsson 6, Hörður Másson 6, Atli Karl Bachmann 5, Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1.

STAÐAN

Akureyri	**6**	**6**	**0**	**0**	**183-148**	**12**
HK	7	6	0	1	242-232	12
Fram	**7**	**5**	**0**	**2**	**236-202**	**10**
FH	6	4	0	2	188-168	8
Haukar	**7**	**3**	**0**	**4**	**183-193**	**6**
Afturelding	6	1	0	5	157-180	2
Selfoss	**7**	**1**	**0**	**6**	**196-224**	**2**
Valur	6	0	0	6	150-188	0

N1-deild kvenna

Fylkir - HK 38-29 (22-14)

Mörk Fylkis: Arna Valgerður Erlingsdóttir 12, Sunna María Einarsdóttir 8, Tinna Soffía Traustadóttir 6, Nataly Sæunn Valencia 4, Elín Helga Jónsdóttir 3, Áslaug Gunnarsdóttir 3, Sigríður Hauksdóttir 2.
Mörk HK: Elín Anna Baldursdóttir 9, Brynja Magnúsdóttir 7, Heiðrún Björk Helgadóttir 4, Lilja Lind Pálsdóttir 2, Tatjana Zukovska 2, Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 2, Tinna Rögnvaldsdóttir 1, Sóley Ívarsdóttir 1, Harpa Baldursdóttir 1.

Þýska úrvalsdeildin

Lemgo - Füchse Berlin 24-26

Alexaander Petersson skoraði fimm mörk fyrir Berlin en þjálfari liðsins er Dagur Sigurðsson.

Göppingen - Lübbecke 31-23

Þórir Ólafsson skoraði fjögur mörk fyrir Lübbecke.

Undankeppni EM 2012

E-RIÐILL

Finnland - San Marínó 8-0

F-RIÐILL

Króatía - Malta 3-0

Vináttulandsleikir

Argentína - Brasilía 1-0

1-0 Lionel Messi (90.)

Danmörk - Tékkland 0-0

Svíþjóð - Þýskaland 0-0

Holland - Tyrkland 1-0

1-0 Klaas-Jan Huntelaar (52.)

Rúmenía - Ítalía 1-1

1-0 C. Marica (34.), 1-1 Fabio Quagliarella (82.).

England - Frakkland 1-2

0-1 Karim Benzema (16.), 0-2 Mathieu Valbuena (55.), 1-2 Peter Crouch (86.).

Írland - Noregur 1-2

1-0 Shane Long, víti (5.), 1-1 Morten Gamst Pedersen (34.), 1-2 Erik Huseklepp (86.).

Framarar á miklu flugi

Fram vann sinn fjórða leik í röð í N1-deild karla í gær er liðið sótti Íslandsmeistara Hauka heim að Ásvöllum. Framarar eru sjóðheitir en það er vandræðagangur á meisturunum. „Sýndum mikinn karakter," sagði þjálfari Fram.

HANDBOLTI Fram vann sanngjarnan sigur, 27-31, á Haukum í gær eftir að jafnt hafði verið í leikhléi, 14-14. Fram var talsvert betra liðið nær allan leikinn en frábær markvarsla Birkis Ívars Guðmundssonar hélt Haukum inni í leiknum í síðari hálfleik.

„Mér leist ekkert á blikuna í upphafi en mér fannst við sýna mikinn karakter með því að koma til baka. Einhvern tímann hefðum við brotnað í þessari stöðu líkt og við gerðum gegn HK í annarri umferð. Þessi frammistaða sýndi styrk liðsins," sagði Reynir Þór Reynisson, þjálfari Fram, eftir leikinn en hans menn byrjuðu illa. Réðu ekkert við sterka framliggjandi vörn Hauka en náðu að jafna í stöðunni 7-7 og héldu í hendurnar á Haukum fram að hálfleik.

Framarar byrjuðu síðari hálfleik með látum og virtust ætla að kaffæra heimamenn. Birkir Ívar hélt þá Haukum á floti með stórbrotinni markvörslu. Haukar spiluðu síðan sterka 3/3 vörn, fengu hraðaupphlaup og jöfnuðu leikinn, 21-21. Þá varð liðið bensínlaust, Framarar sigu fram úr og unnu öruggan og sanngjarnan sigur sem hefði í raun átt að vera stærri.

„Þegar við náðum að stöðva Björgvin gekk þetta betur. Mér fannst við síðan klára þetta með stæl," sagði Reynir og mælti réttilega. Sóknarleikur Hauka var oft á tíðum hrein hörmung er liðið varð að stilla upp. Eina alvöru ógnunin var af Björgvini og hinar skytturnar gerðu ekkert af viti. Var í raun furðulegt að Reynir skyldi ekki taka Björgvin úr umferð því hinir voru aldrei líklegir.

SKORAÐI SEX Jóhann Gunnar Einarsson sækir að marki Hauka í leiknum í gær. Hann skoraði sex marka Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Magnús varði þess utan mjög vel í bleiku treyjunni sinni í markinu. Einar Rafn átti stórleik, Jóhann Gunnar kom sterkur upp í síðari hálfleik en var duglegur að mata félaga sína í þeim seinni. Fleiri menn lögðu einfaldlega sín lóð á vogarskálarnar hjá Fram og það gerði gæfumuninn.

Á meðan breiddin var frábær hjá Fram héldu þeir Björgvin og Birkir Ívar Haukunum uppi. Það dugir ekki gegn jafn sterku liði og Fram.

„Leikur okkar er svolítið stirður ef við þurfum að stilla mikið upp í sókn. Í fyrri hálfleik vorum við að fá ódýru mörkin á meðan vörnin var góð en hún hélt ekki nógu lengi," sagði Björgvin Þór Hólmgeirsson Haukamaður, sem segist þó ekki vera farinn að örvænta og segir að ungu strákarnir í liðinu eigi eftir að bæta leik sinn mikið. Þeir séu betri en þeir hafi sýnt í gær.

henry@frettabladid.is

TVEIR ÖFLUGIR Ronaldinho og Lionel Messi í leiknum í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Argentína vann Brasilíu:

Messi sá um Brassana

FÓTBOLTI Lionel Messi sýndi snilldartakta þegar hann skoraði sigurmark Argentínu gegn Brasilíu í vináttulandsleik sem fór fram í Katar í gær.

Það stefndi í markalaust jafntefli þegar Messi skoraði í uppbótartíma leiksins. Hann fékk knöttinn á miðjum vallarhelmingi Brasilíu og lék á fjóra varnarmenn áður en hann skoraði með lágu skoti.

Þetta var fyrsta mark Messi í landsleik gegn Brasilíu í fimm tilraunum og fyrsti sigur Argentínu í leik þessara liða síðan í júní 2005.

„Það er alltaf mikilvægt að vinna og þessi sigur er enn mikilvægari. Þetta var leikur gegn erkifjendum okkar og sigurinn gefur okkur mikið sjálfstraust," sagði Messi eftir leikinn. „Markið mitt var aðeins mikilvægt vegna þess að með því unnum við sigur á Brasilíu."

Sergio Batista fékk því óskabyrjun sem landsliðsþjálfari Argentínu.

- esá

Grindvíkingar spila aldrei betur í Iceland Express deild karla en þegar Guðlaugur Eyjólfsson er inni á vellinum:

Grindavík taplaust með Guðlaug í liðinu

KÖRFUBOLTI Mikilvægi Guðlaugs Eyjólfssonar fyrir Grindavíkurliðið fer ekki á milli mála þegar tölfræði Iceland Express deildar karla er skoðuð því enginn leikmaður deildarinnar kemur betur út í plús og mínus tölfræðinni þegar sjö umferðir eru búnar. Plús og mínus er nýjasta tölfræðin hjá Körfuknattleikssambandinu en hún sýnir hvernig leikurinn fer þegar viðkomandi leikmaður er inni á vellinum,

„Hann var ekki alveg hundrað prósent viss hvort hann yrði með okkur en ætli það hafi ekki líka verið af því að hann nennti ekki að æfa í sumar," segir Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindavíkur, í léttum tón og bætir við: „Ég lagði ríka áherslu á að fá hann til að vera með okkur. Mér fannst hann vera einn af þessum mikilvægum hlekkjum í liðinu. Hann er baneitraður og það má ekki skilja hann eftir fyrir utan. Hann hjálpar okkur mikið," segir Helgi Jónas.

Grindvíkingar eru búnir að vinna alla leikina sem Guðlaugur hefur spilað en töpuðu með 8 stigum þegar þeir léku án hans á móti Snæfelli í Hólminum. Það er kannski enn merkilegra að Grindavíkurliðið er búið að vinna þær mínútur sem Guðlaugur hefur spilað í leikjunum með 13 stigum eða meira.

Þetta kemur síðan allt saman í þeirri tölfræði að Grindavík hefur unnið þær 155 mínútur sem Guðlaugur hefur spilað með 109 stigum en tapað með 26 stigum þær 125 mínútur sem hann hefur ekki verið inni á vellinum.

Helgi Jónas segist hafa sett meiri ábyrgð á Guðlaug. „Palli [Páll Axel Vilbergsson] hefur haft mikla ábyrgð undanfarin ár en ég færði meiri ábyrgð yfir á Gulla fyrir þetta tímabil með því að hann er orðinn fyrirliði. Hann hefur aukna ábyrgð núna sem hann hafði ekki síðustu ár. Hann var þá meira að fljóta með," segir Helgi Jónas, sem telur að breytt leikkerfi liðsins gefi Guðlaugi líka tækifæri til þess að njóta sín.

„Liðið hefur verið að spila þessa þríhyrningssókn í einhvern tíma en ég henti henni alveg út og við spilum meira uppsett atriði. Svo erum við líka með kerfi fyrir skotmennina okkar og það gæti líka verið að hjálpa til. Hann er sniðugur í að lesa hindranir og koma sér í opna stöðu," segir Helgi Jónas.

Guðlaugur er með 11,3 stig og 3,5 stoðsendingar að meðaltali á 25,5 mínútum og hefur hitt úr 47 prósentum þriggja stiga skota sinna og öllum átta vítunum.

Helgi Jónas fór í búning á dögunum og spilaði en það var einungis vegna þess að liðið lék þá bæði án Kana og Guðlaugs.

„Þetta var bara vitleysa og ef Gulli hefði verið með hefði ég ekki klætt mig í búning. Fyrst hann var ekki með ákvað ég að vera varaskeifa í þessum leik," segir Helgi, sem er ákveðinn í að halda sig bara við þjálfunina það sem eftir er vetrar.

- óój

+ og - hjá Guðlaugi í vetur:

Hér á eftir fara leikir Grindavíkur í vetur og hvernig fór þegar Guðlaugur Eyjólfsson var innan eða utan vallar.

Leikir Grindavíkur í deildinni í vetur:

Njarðvík 84-68 sigur	(+17 / -1)
KFÍ 96-87 sigur	(+13 / -4)
Tindastóll 76-55 sigur	(+13 / +8)
Haukar 100-84 sigur	(+16 / 0)
ÍR 115-94 sigur	(+29 / -8)
Snæfell 71-79 tap	(lék ekki / -8)
Stjarnan 100-92 sigur	(+21 / -13)

ALLTAF BETRA VERÐ

FARTÖLVA

Toshiba Satellite L650-19P

- 2.26GHz Intel Core i3-350M - Dual core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- ATI Radeon HD 5145 skjákort
- Vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

139.990

FARTÖLVA

Acer Aspire One D260

- 1.66GHz Intel Atom N455
- 1GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA diskur
- 10,1" TFT WSVGA skjár
- Vefmyndavél
- Intel GMA3150 PCI skjástýring
- Allt að 8 tíma rafhlöðuending
- Windows 7 Starter

74.990

MARGMIÐLUNARTÖLVA

Ace Intel 2

- CoolerMaster Elite 310 turn - 460W
- 2.7GHz Intel Pentium E5400 örgjörvi
- 2GB Dual DDR3 1333MHz minni
- 320GB WD Blue SATA II diskur
- DVD og CD skrifari
- 18.5" LED Philips 191EL2SB skjár
- MSI GeForce N210 skjákort
- Logitech S120 hátalarar
- 7.1 hljóðkort fyrir leiki ofl.
- Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum
- Logitech B110 Optical mús
- Windows 7 Home Premium - 64bit - Aero 3D

119.990

HÁSKERPU SJÓNVARPS FLAKKARI

AC Ryan Playon HD

H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með HDMI, Component, Composite, optical tengi. Spilar efni af USB lyklum og kortum. Halar niður beint á diskinn af Bittorent ofl. NAS fyrir heimanet.
Fullkomin fjarstýring.

39.990

ICY BOX MP-304

3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Composite, USB Uplink og Optical tengi. Spilar alla helstu mynd- og hljóðstaðla.

MARGMIÐLUNAR FLAKKARI

19.990

WD 500GB PASSPORT FLAKKARI

WD Passport 500GB

2,5" flakkari með 500GB hörðum disk og USB. Lítill flakkari sem fer vel í hendi og passar í vasa. Fæst í nokkrum litum.

16.990

WACOM TEIKNIBORÐ

Wacom Bamboo Pen A6

A6 tölvuteikniborð með þráðlausum penna. Fyrir Windows og Mac OS X. ArtRage 2 forritið fylgir. Stærð: 248x176x8,5 mm.

11.990



LYKLABORÐ MÚS

Logitech MK300

Þráðlaust lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum. Fjöldi flýtitakka. Þráðlaus mús fylgir.

9.990

Logitech Z130 **HÁTALARAR**

5W RMS hátalarakerfi með innbyggðri hátalarastjórnun, RCA og 3.5mm heyrnartólstengi.

6.990

UPPFÆRSLA

World of Warcraft Cataclysm

Expansion pakki með hækkun á level í 85, tveir nýjir kynþættir: Worgen og Goblins, nýtt profession: Archaeology, 3000 ný quest, flying mounts í Azeroth o.fl.

FORSALA LEIKURINN KEMUR TIL LANDSINS 7. DES.

5.990

VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN

Bjóðum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI

Kynntu þér kaskó tryggingar sem tryggir tækin þín í leik og starfi

F-PROT ANTIVIRUS
LYKLA-PÉTUR
FIMM LEYFI
VELJUM ÍSLENSKT
ÍSLENSKUR ÞJÓNUSTUADILI

TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17	GLERÁRGÖTU 30	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1700	SÍMI 414 1730	SÍMI 414 1735	SÍMI 414 1740	SÍMI 414 1745	SÍMI 414 1750

6 **UNGIR OG EFNILEGIR** íslenskir kylfingar munu leika í US Junior Masters mótinu sem fram fer á World Junior Golf Series mótaröðinni á Ponte Vedra Beach í Flórída dagana 20.-22. desember næstkomandi.

0 **Í FYRSTA SINN** á atvinnumannaferlinum hefur Tiger Woods farið í gegnum keppnistímabil án þess að sigra mót.

Þarf golfvöllur að vera átján holur?

Edwin Roald Rögnvaldsson golfvallahönnuður hefur vakið athygli margra þekktustu golfskríbenta heims vegna róttækra hugmynda um stöðu og framtíð golfíþróttarinnar. Hann segir að átján holu golfvöllurinn sé barn síns tíma og gefa verði meira svigrúm í hönnun. Bandaríska golfsambandið hefur lagt eyrun við.

Edwin telur að forsendur séu ekki lengur fyrir því að halda úti golfvöllum sem endilega þurfi að hafa níu eða átján holur. Hugarfarsbreyting verði að eiga sér stað; að golfvellir fái einfaldlega að hafa þann holufjölda sem hentar aðstæðum. Segir Edwin eftirsóknarvert að golfvellir fái hver að hafa sinn holufjölda, til dæmis á bilinu tólf til fimmtán holur, en að frelsi í holufjölda sé þýðingarmest. „Við verðum að venjast þeirri hugmynd að golfhringur samanstandi af eins mörgum holum og hentar umhverfinu á hverjum stað. Þetta auðveldar golfklúbbum að laga sig að þörfum þeirra sem stunda íþróttina," segir Edwin.

EDWIN ROALD RÖGNVALDSSON

Bandaríska golfsambandið lítur til hugmynda Edwins með áhuga og ekki að ástæðulausu. Á síðasta ári var 140 golfvöllum í Bandaríkjunum lokað. Flestir eru sammála um orsakir erfiðleikanna. Of langan tíma tekur að leika hefðbundinn golfhring og kostnaðurinn er of mikill.

Lagt hefur verið til að hefðbundinn golfhringur verði tólf holur. Meðal þeirra sem það vilja er hinn frægi Jack Nicklaus. Edwin varar hins vegar við því að finna nýja fasta tölu. Þá þyrfti til dæmis að laga átján holu vellina að nýrri reglu með tilheyrandi kostnaði og óhagræði.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að golfvellir heimsins eru hannaðir með gamla völlinn í St. Andrews sem fyrirmynd. Edwin segir að færri viti kannski að hinn fornfrægi völlur var upphaflega 22 holur, en honum var breytt 1764. Annar golfklúbbur í nágrenni St. Andrews í Skotlandi var í upphafi allt eins líklegur til að verða viðmið íþróttarinnar á alþjóðavettvangi. Þeirra golfvöllur var aðeins sjö holur.

HLÍÐARVÖLLUR Í MOSFELLSBÆ Þessi mynd birtist í umfjöllun Inside Golf um íslenskt golf, en Edwin var þar í viðtali við Jim Claggett ritstjóra. Edwin hannar nýju holurnar á Hlíðarvelli sem senn verða teknar í notkun. MYND/EDWIN ROALD RÖGNVALDSSON

Edwin telur að þessi þróun muni eiga sér stað innan fárra áratuga, hvort sem mönnum líki það betur eða verr. Rekstarumhverfi golfklúbba og golfvalla verður sífellt erfiðara vegna aukinnar áherslu á umhverfisvernd og ýmissa takmarkana sem koma til af þeim sökum. Edwin telur að golfhringur þurfi að komast aftur nær því að vera um þriggja klukkustunda afþreying því flestir hafi ekki meiri tíma í nútíma samfélagi til að geta stundað íþrótt sína eins oft og þeir kjósa.

„Ég vil þó árétta að á Íslandi gilda aðrar forsendur. Hér er enn tiltölulega ódýrt að stunda golf. Birtutími á Íslandi að sumarlagi gerir okkur kleift að leika nánast allt það golf sem við viljum eftir að vinnudegi lýkur. Þetta geta flestir erlendir kylfingar ekki. Svo er íslenskt loftslag að mörgu leyti mjög hentugt fyrir golf. Svalt sumar þýðir að ekki þarf að setja upp stór og flókin vökvunarkerfi, sem í mörgum tilvikum eru dýrari en heill golfvöllur á Íslandi. Þetta, ásamt öðru, stuðlar að því að á Íslandi er golf almenningsíþrótt, sem óx um fimm prósent á fyrsta ári eftir bankahrun."

svavar@frettabladid.is

GOLF & HEILSA

Jafnvægi

Magni M. Bernhardsson, kírópraktor með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

Magni bendir á hversu mikilvægt það er að hafa gott jafnvægi í öllum íþróttum og er golf ekki undanskilið. Hann bendir á góða æfingu fyrir veturinn sem hægt er að útfæra til að ná betri árangri.

„Það getur verið erfitt að slá golfbolta þegar við stöndum á jöfnu undirlagi og verður enn erfiðara þegar við höfum misst boltann út fyrir braut og við stöndum á ójöfnu undirlagi. Jafnvægi fáum við með augum, innra eyra og jöfnum vöðvastyrk. Hvernig getum við athugað hvort við höfum gott jafnvægi?

Stattu á öðrum fæti með opin augu og hendur með síðum, horfðu á sama punkt og ekki sveigja líkamann til að halda jafnvægi. Nauðsynlegt er að gera þessa æfingu fyrir báða fætur til að finna muninn. Þessa æfingu á að vera hægt að gera í 30 sekúndur án þess að missa jafnvægið. Næsta skref er að gera þessa sömu æfingu með lokuð augun. Þegar þú hefur náð jafnvæginu í 30 sekúndur er kominn tími til að gera æfinguna aðeins erfiðari, standa á dýnu eða einhverju sem gefur eftir og þar af leiðandi verður erfiðara að halda jafnvæginu. Mikilvægt er að gera æfingu fyrir báða fætur og með opin og lokuð augun.

Ef jafnvægi þitt lagast ekki við að gera þessar æfingar á hverjum degi þá mæli ég með að þú leitir til sérfræðinga til að athuga sjón, heyrn og vöðvajafnvægi."

Höfundur starfaði með PGA-golfkennaranum Justin Stout í Bandaríkjunum árið 2007 við að hreyfi- og styrktargreina nemendur hans.

KYLFINGURINN

Braggi skyggir á uppáhaldið

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari spilar 50 hringi á ári

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari stundar golfíþróttina af miklum móð. Hann segir að það sé ekki síst félagsskapurinn sem hann sæki í því á golfvellinum hafi hann rifjað upp gömul og góð kynni við gamla vini.

Uppáhaldsgolfholan? Það er tólfta holan á Korpunni. Umhverfið er fallegt – trén og áin. Upphafshöggið er þröngt, að vísu smá braggi á hægri hönd sem skyggir á [Egilshöllin] en aðkoman að flötinni er mjög skemmtileg.

Besta skor á þá holu? Ég hef fengið fugl á hana, geri ekki betur en það.

Forgjöfin? 18,4.

Hversu lengi hefur þú spilað golf? Byrjaði vorið 2005. Hef verið mjög duglegur að spila á sumrin. Ég hef betri stjórn á tímanum yfir sumartímann og spila þá grimmt.

Hverjir eru golffélagarnir? Spila reglulega með gömlum kunningjum og félögum úr Fram, Eyjólfur Bergþórsson kallaður Olli er límið í þeim hópi. Þar spila meðal annars Pétur Ormslev, Guðmundur Torfason og Ásgeir Sigurvinsson.

Svo spila ég með Ólafi Berki Þorvaldssyni og nokkrum félögum úr lögfræðinni, Ólafi Gústafssyni æskuvini mínum, Guðmundi B. Ólafssyni, Róberti Spanó, Þorgeiri Inga Njálssyni og Heimi Erni Herbertssyni. Og þá skal nú Björgvin Þorsteinsson frægan telja, Hauk Örn Birgisson, lögmann sem lýsir oft golfi á Stöð 2 sem og Brynjar Níelsson, formann Lögmannafélagsins.

OFAN Í SKURÐI Jón Steinar Gunnlaugsson sést hér ofan í skurði sem liggur meðfram fjórðu brautinni á Kili í Mosfellsbæ. Hann notaði 64 gráðu wedge og kom sér inn á braut. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá spila ég stundum með Gunnari V. Andréssyni ljósmyndara á Fréttablaðinu, Ólafi Tómasson trésmiði og æskuvini, Gylfa Árnasyni forstjóra og Brynjólfi Bjarnasyni hjá Skiptum. Ég er nú ábyggilega að gleyma einhverjum í upptalningunni.

Hvað spilar þú marga hringi á ári? Ég er mjög duglegur að skrá hringina og ég hef verið að spila um fimmtíu hringi á ári. Ég held líka að ég sé duglegri við að skrifa en flestir sem ég spila með.

Hvað er í pokanum? Driverinn er tólf gráðu King Cobra sem heyrist hátt og snjallt í þegar ég hitti boltann. Svo er ég með einhverja hálfvita, 22 gráðu og 25 gráðu, síðan er ég með 6-9 adams járn, í wedgum er það paragon 52 og 56 gráðu. Svo er ég með einn 64° ram wedge sem vinir mínir gáfu mér í sextugsafmælisgjöf. Þeim fannst fyndið að gefa mér svona kylfu og voru að vonast til að ég myndi slá aftur fyrir mig með henni. Ég hef hins vegar stundum bjargað mér með henni á ótrúlegan hátt og þá hef ég hlegið að þeim.

Hollráð Hinna

Agaleysi 1

Agaleysi er mjög til vansa á íslenskum golfvöllum að sögn Hinriks Gunnars Hilmarssonar, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur. Eftirfarandi er gott að hafa í huga:

1. Að mæta ekki eða mæta of seint á teig, þetta er ókurteisi við meðspilara og er hluti af því agaleysi sem virðist loða við marga íslenska kylfinga.
2. Umgengni mætti vera miklu betri. Ekki er óalgengt að sjá rusl þar sem það á ekki að vera og verst af öllu eru sígarettustubbar sem reykingafólk virðist halda að eyðist af sjálfu sér, sem er alls ekki tilfellið.
   Kylfingar mættu ganga betur um golfvellina með því að setja torfusnepla aftur í far sitt og laga boltaför á flötum. Ekki er óalgengt að vallarstarfsmenn lagi fjölda boltafara á hverjum morgni. Dæmi er um að þeir hafi gert við allt að 50 boltaför á einni flöt.
3. Kylfingar virða ekki þær leiðbeiningar sem settar eru upp á golfvöllum, til dæmis girðingar sem stýra umferð eða eru settar upp til að vernda svæði. Klofað er yfir girðingar, þær rifnar upp og ekki gengið frá þeim aftur. Þá eru dæmi um það að kylfingar klofi yfir girðingar við blómabeð með misjöfnum árangri. Oft er þetta gert til að spara sér örfá skref.

Allt eru þetta atriði sem auðvelt er að laga.

25 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ

Í tilefni af 25 ára afmæli Hátækni bjóðum við fjölmörg frábær tilboð í verslun okkar. Að auki bjóðum við sérstakan 25% afmælisafslátt af 25 sérvöldum vörum fram til áramóta.

42PJ650N

YHTS400

LG

YAMAHA

50.000 afsláttur

Tilboðsverð 269.995 kr.

Verð áður 319.990 kr.

42" LG Plasma HD R 600Hz TV

- HD-Ready Plasma sjónvarp með afar þunnum sjónvarpsramma
- 1366 x 768 punkta upplausn • 600 Hz. stafrænn móttakari
- USB tengi • DivX HD stuðningur • 2 x HDMI

Yamaha YHT-S400 3.1 heimabíókerfi

- Front Surround 3.1 heimabíókerfi með innbyggðu FM útvarpi
- 3 x HDMI tengi / Uppskölun í Full HD 1080p
- Bassabox innbyggt í magnara þar sem allar tengingar eru
- Aðgerðir á skjá • Glæsilegt sett og góður hljómur

42LE530N

LG

EISA

FULL LED

70.000 afsláttur

Tilboðsverð 249.995 kr.

Verð áður 319.990 kr.

42" LG LED Full HD 100Hz TV

- Full HD LED sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn
- Intelligent Sensor 2 myndstýring • 100 Hz. • Fjögur HDMI
- Fékk EISA verðlaun 2010-2011 í flokknum „Bestu kaupin"

42LD750N

LG

30.000 afsláttur

Tilboðsverð 249.995 kr.

Verð áður 279.990 kr.

42" LG LCD FHD 200Hz TV

- Glæsilegt 42 tommu Full HD LCD sjónvarp • 200 Hz.
- 1920 x 1080 punkta upplausn • 3 x HDMI • LAN • 2 x USB 2.0
- WiFi • DLNA og DivX HD stuðning

37LD450N

LG

TILBOÐ

Tilboðsverð 169.995 kr.

37" LG LCD Full HD 50Hz TV

- Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn
- XD Engine myndvinnslubúnaður • 2 x HDMI • USB 2.0
- SRS True Surround (2x10W) hljóðkerfi

SYSMCR040

YAMAHA

10.000 afsláttur

Tilboðsverð 49.995 kr.

Verð áður 59.990 kr.

Yamaha MCR040 Micro-stæða grá

- Falleg stereóstæða með 2x15w hátölurum • Geislaspilari
- iPod dokka • USB 2.0 tengi • Heyrnatólatengi og 3.5mm AUX in

VÖRUR Á 25% AFSLÁTTUR

25 vörur á 25% afmælisafslætti. Fylgstu með framhaldinu.

vara 7

74000021076

MRX CB25 Heyrnatól

2.995 ▶ 25% 2.246 kr.

vara 14

5009108

Útvarp viðar „CONCERTO"

6.995 ▶ 25% 5.246 kr.

vara 24

51EF0210A-A001

Headset HS-1000 Fatal1ty

11.995 ▶ 25% 8.996 kr.

vara 17



SF213-B1

Armfesting 2 arma 13"-27"

14.995 ▶ 25% 11.246 kr.

vara 3

TSX130

Yamaha Desktop Audio

69.995 ▶ 25% 52.496 kr.

vara 6

XAM-7-B

X-mini Max II Black

12.995 ▶ 25% 9.746 kr.

HÁTÆKNI 1985-2010

25 ára Hátækni 1985 - 2010

Opið: virka daga 9.30–18 | Laugardaga 12–17

PIPAR\TBWA • SÍA • 102762

> Ben Stiller

„Ég bý yfir mikilli neikvæðri orku. Að vinna er besta leiðin til þess að leiða þessa neikvæðu orku yfir í eitthvað árangursríkt. Annars enda ég bara með því að ráðast á garðyrkjumanninn eða póstinn."

Ben Stiller leikur í léttgeggjuðu og rómantísku gamanmyndinni The Heartbreak Kid, sem er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ HANDBOLTALEIK HAMBORGAR OG KIEL

Frábær þýsk stemning á pöllunum

Þjóðverjar kunna að styðja við bakið á sínu fólki á íþróttakappleikjum. Gott dæmi um þetta var handboltaleikur Hamborgar og Kiel sem var sýndur fyrir skömmu í beinni útsendingu Stöðvar 2 Sport. Heimamenn voru undir þegar skammt var til leiksloka en tókst að snúa dæminu sér í vil á lokamínútunum eftir dyggan stuðning áhorfenda. Stemningin í höllinni var hreint út sagt mögnuð þar sem áhorfendur klöppuðu sína menn í gírinn og sungu jafnframt hástöfum. Það skilaði sínu í lokin þrátt fyrir að þjálfarinn Alfreð Gíslason og skyttan Aron Pálmarsson hafi reynt allt sem í þeirra valdi stóð til að knýja fram sigur.

Það er gaman að fylgjast með þýska handboltanum en einnig með fótboltanum þar í landi. Þess vegna var ánægjulegt að heyra þau tíðindi að Sjónvarpið sé byrjað að sýna þýsku mörkin eftir áralangt hlé og að sama skapi alltof langt. Fótboltanum í Bundesligunni eru þar gerð góð skil og þar kemur einmitt berlega í ljós sú frábæra stemning sem myndast á pöllunum, sem kemur ekki á óvart enda Þjóðverjar miklir fótboltaáhugamenn. Gaman verður að fylgjast með frammistöðu hins stórefnilega Gylfa Þórs Sigurðssonar, leikmanns Hoffenheim, í þáttunum og sjá hann etja kappi við fremstu knattspyrnumenn Þýskalands í hverri viku. Eini gallinn við þessa þýsku markasúpu er að hún er ekki borin á borð fyrr en klukkan 23.25, sem verður að teljast afar óheppilegur tími fyrir svo skemmtilegt sjónvarpsefni.

SJÓNVARPIÐ

16.00 Laxá í Aðaldal Myndin er tekin á tveggja ára tímabili og fjallar um Laxá í Aðaldal og þau áhrif hún hefur á þá sem þar búa með henni.
16.25 Kiljan (e)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Heilabrot (3:8) (Hjärnstorm) (e)
18.00 Stundin okkar
18.25 Bombubyrgið (11:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Bræður og systur (80:87) (Brothers and Sisters)
21.00 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives)
21.45 Tíu mínútna sögur – Djúpur, stökkur og jafn (1:11) (Ten Minute Tales) Flokkur þögulla breskra stuttmynda þar sem úrvalsleikarar og leikstjórar leiða saman hesta sína.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.20 Sporlaust (13:24) (Without a Trace)
23.05 Himinblámi (23:24) (e)
23.55 Kastljós (e)
00.20 Fréttir (e)
00.30 Dagskrárlok

BÍÓ

06.25 The Heartbreak Kid
08.20 Grilled
10.00 Breakfast on Pluto
12.05 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby
14.00 Grilled
16.00 Breakfast on Pluto
18.05 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby
20.00 The Heartbreak Kid
22.00 Third Man Out
00.00 Go
02.00 C.R.A.Z.Y.
04.05 Third Man Out

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 (12:18) Latibær, Maularinn, Nornfélagið
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Sjálfstætt fólk
11.00 Gilmore Girls
11.45 Logi í beinni
12.35 Nágrannar
13.00 NCIS (22:25)
13.45 La Fea Más Bella (272:300)
14.30 La Fea Más Bella (273:300)
15.15 The O.C. 2 (8:24)
16.00 Barnatími Stöðvar 2 Camp Lazlo, Gulla og grænjaxlarnir
16.35 Latibær (12:18)
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.58 The Simpsons (7:21)
18.23 Veður Markaðurinn.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.16 Veður
19.25 Two and a Half Men (9:24)
19.50 How I Met Your Mother (8:24)
20.20 Eldsnöggt með Jóa Fel (8:12) Ellefta þáttaröðin með Jóa Fel.
20.50 NCIS: Los Angeles (14:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn sysrurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
21.40 Human Target (5:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst.
22.25 Life on Mars
23.15 Spaugstofan
23.45 Hlemmavídeó (4:12)
00.15 The Mentalist (6:22)
01.00 Numbers (4:16)
01.45 The Pacific (9:10)
02.40 Missionary Man
04.15 The Ranch
05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 England - Frakkland
16.40 England - Frakkland
18.25 PGA Tour Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

19.20 Inside the PGA Tour 2010 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
19.45 Portúgal - Spánn
21.30 European Poker Tour 6 - Pokers Sýnt frá Evrópsku mótaröðinni í póker en að þessu sinni verður sýnt frá Pokerstars Caribbean mótinu.
22.20 Main Event Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem allir bestu spilarar heims eru mættir til leiks.
23.15 Til síðasta manns (1:8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum.

SPORT 2 *enski boltinn*

16.30 Everton - Arsenal
18.15 Tottenham - Blackburn
20.00 Premier League World 2010/11 Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
20.30 Football Legends- Pep Guardiola Þættir um fremstu knattspyrnumenn sögunnar en að þessu sinni verður fjallað um núverandi þjálfara Barcelona, Pep Guardiola.
20.55 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
21.25 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina.
22.25 Wolves - Bolton

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.10 Nýtt útlit (9:12) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.40 Rachael Ray (e)
09.25 Pepsi MAX tónlist
12.00 Nýtt útlit (9:12) (e)
12.50 Pepsi MAX tónlist
15.45 Parenthood (7:13) (e)
16.35 Rachael Ray
17.20 Dr. Phil
18.00 America's Next Top Model (7:13) (e)
18.50 Real Hustle (6:10)
19.15 Game Tíví (10:14)
19.45 Whose Line Is It Anyway (18:20) Bráðskemmtilegur spunaþáttur.
20.10 The Office (14:26)
20.35 Parks & Recreation (23:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
21.00 House (13:22)
21.50 CSI: Miami (8:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans.
22.40 Jay Leno
23.25 Nurse Jackie (7:12) (e)
23.55 United States of Tara (7:12) (e)
00.25 Last Comic Standing (10:14) (e)
01.10 CSI: Miami (20:25) (e)
01.55 Parks & Recreation (23:24) (e)
02.20 Spy Game (e)
04.20 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
11.00 Golfing World (e)
11.50 Golfing World (e)
12.40 JBwere Masters 2010 (3:4) (e)
17.10 Golfing World (e)
18.00 Golfing World
18.50 World Golf Salutes King Bhumibol (1:1) (e)
22.50 Golfing World (e)
23.40 European Tour - Highlights 2010 (5:10) (e)
00.30 ESPN America

EXTRA

19.20 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar.
20.00 Entourage (6:12) Fimmta þáttaröðin um framabrölt Vincent og félaga í Hollywood.
20.30 That Mitchell and Webb Look Skemmtilegur grínþáttur með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Gossip Girl (2:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
22.35 Grey's Anatomy (8:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum.
23.20 Medium (8:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois.
00.05 Nip:Tuck (7:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troys.
00.50 Entourage (6:12)
01.20 The Doctors
02.00 Fréttir Stöðvar 2
02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Inga Lind, Elías Blöndal og Kolbrún Baldursóttir um stjórnlagaþing.
21.00 Undir feldi Frosti og Heimir með hressandi Evrópuumræðu.
21.30 Rokk og tjatjatja! Íslensk tónskáld og tónverk á ÍNN.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.45
NCIS: Los Angeles

Magnaðir spennuþættir sem njóta gífurlegra vinsælda í Bandaríkjunum. Þeir fjalla um rannsóknardeild bandaríska sjóhersins í Los Angeles. Að þessu sinni komast glæpamenn yfir hættulegasta eiturefni sem til er og stofna þjóðaröryggi í hættu.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Heimur hugmyndanna **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** Bláar nótur í bland **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.25** Útvarpsperlur: Á bökkum Signu **23.20** Til allra átta **00.05** Næturtónar

BBC entertainment

12.35 The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** Monarch of the Glen **14.45** Absolutely Fabulous **15.15** Absolutely Fabulous **15.45** Last of the Summer Wine **16.20** Waterloo Road **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.05** The Office **19.40** Top Gear **20.30** Silent Witness **21.20** The Office **21.50** Top Gear **22.45** Come Dine With Me **23.10** Come Dine With Me **23.35** EastEnders

DR 1

12.05 Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **13.00** Hvad er det værd? **13.30** Stemmer fra Vollsmose **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Fillmore **15.50** Nik & Jan **16.00** Karlsson på taget **16.30** Ulands Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Med andre øjne - vansiret **19.00** Sporløs **19.30** Fængslet **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Hævet over mistanke: Den røde dahlia **21.50** Kriminalkommissær Foyle **23.25** Boogie Mix

NRK 1

12.10 Filmavisen 1960 **12.20** Ut i naturen **12.50** Førkveld **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Poirot **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Yum Yum med Noman **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Schrödingers katt **19.15** Sjøsprøyt **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Debatten **21.30** Storbynatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Radioresepsjonen på TV **22.45** Nasjonalgalleriet **23.15** WikiLeaks: Irak-krigens hemmelige dokumenter

SVT 1

12.00 Fråga doktorn **12.45** Uppdrag Granskning **13.50** Antiglobetrotter **14.20** Rebecca och Fiona **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Vem tror du att du är? **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Inför Junior Eurovision Song Contest **19.30** Kinas mat **20.00** Life **21.00** Debatt **21.45** Om alla invandrarna lämnar landet **22.45** Veckans brott **23.45** Uppdrag Granskning

NÝTT N1 KORT
ENN MEIRI
ÁVINNINGUR

Með N1 kortinu færðu betri kjör og safnar ávinningi í formi N1 punkta, sem áður hétu Safnkortspunktar. Einn punktur jafngildir einni krónu en verðmætið margfaldast þegar þú nýtir þér tilboð á N1 um allt land og á n1.is.

TILBOÐ INNKAUP ELDSNEYTI SMURNING VEITINGAR VIÐGERÐIR DEKK SKJÁREINN

SÆKTU UM N1 KORT Á N1.IS

KOMDU Í HÓPINN!

ALLT UM MÁLIÐ Á N1.IS

Fíton / SÍA

WWW.N1.IS

N1

AUKASÝNINGAR Á ÍSLANDI
VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX

VesturPort | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Þar held ég að ég verði að segja Dexter, sem er snillingur.“

Guðrún Heimisdóttir framkvæmdastjóri

Stýrir netþáttum um fegurðardrottningar

„Ég er mjög spennt. Kannski opnar þetta fleiri dyr fyrir mig,“ segir fyrirsætan Lilja Ingibjargardóttir.

Draumur Lilju um starfa við dagskrárgerð rætist á næstunni þegar sérstakir netþættir Ungfrú Ísland fara í loftið á vefsíðu keppninnar og á Facebook. Þættirnir verða vikulegir í vetur og ætlar Lilja ferðast um landið og spjalla við stúlkurnar sem taka þátt ásamt því að fylgjast náið með keppninni Ungfrú Reykjavík. „Þeir eru að færa þetta á netið, enda er framtíðin þar,“ segir Lilja. „Þetta var alltaf bara einn þáttur og þeir vilja sýna meiri áhuga á keppninni. Núna á að færa þættina út á land, taka viðtal við allar stelpurnar á Norður-, Vestur- og Suðurlandi. Fyrstu áheyrnarprufurnar fyrir Ungfrú Reykjavík eru á laugardaginn. Þá tek ég viðtal við stelpur og við fylgjumst með áheyrnarprufunni. Þá fær fólk að sjá hvernig þetta virkar.“

> Þá tek ég viðtal við stelpur og við fylgjumst með áheyrnarprufunni. Þá fær fólk að sjá hvernig þetta virkar.
>
> **LILJA INGIBJARGARDÓTTIR**
> FYRIRSÆTA

Fyrsti þátturinn hefur þegar verið tekinn upp og er væntanlegur í vikunni. „Ég tók viðtal við Fanney, Ungfrú Ísland, þegar hún kom heim frá Kína þar sem hún keppti í Ungfrú Heimi,“ segir Lilja að lokum. **- afb**

SPENNT Lilja Ingibjargar stýrir nýjum netþáttum um keppnina Ungfrú Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Leitin að jólunum

Lau 27.11. Kl. 13:00 U	Sun 5.12. Kl. 11:00 U	Sun 12.12. Kl. 14:30
Lau 27.11. Kl. 14:30	Sun 5.12. Kl. 13:00	Lau 18.12. Kl. 11:00
Sun 28.11. Kl. 11:00 U	Sun 5.12. Kl. 14:30 U	Lau 18.12. Kl. 13:00
Sun 28.11. Kl. 13:00 U	Lau 11.12. Kl. 11:00	Lau 18.12. Kl. 14:30
Sun 28.11. Kl. 14:30 U	Lau 11.12. Kl. 13:00	Sun 19.12. Kl. 11:00
Lau 4.12. Kl. 11:00 U	Lau 11.12. Kl. 14:30	Sun 19.12. Kl. 13:00
Lau 4.12. Kl. 13:00 U	Sun 12.12. Kl. 11:00	Sun 19.12. Kl. 14:30 U
Lau 4.12. Kl. 14:30	Sun 12.12. Kl. 13:00	

Finnski hesturinn (Stóra sviðið)

Fös 19.11. Kl. 20:00	Lau 27.11. Kl. 20:00	
Lau 20.11. Kl. 20:00	Sun 28.11. Kl. 20:00	
Sun 21.11. Kl. 15:00 br. sýn.t.	Lau 4.12. Kl. 20:00	

Fíasól (Kúlan)

Lau 20.11. Kl. 13:00	Sun 28.11. Kl. 13:00	Fim 30.12. Kl. 16:00 br. sýn.t.
Lau 20.11. Kl. 15:00	Sun 28.11. Kl. 15:00 100 sýn. U	
Sun 21.11. Kl. 13:00 U	Sun 5.12. Kl. 13:00 br. sýn.t.	
Lau 27.11. Kl. 13:00	Sun 5.12. Kl. 15:00	
Lau 27.11. Kl. 15:00	Mið 29.12. Kl. 16:00 br. sýn.t.	



Hænuungarnir (Kassinn)

Fös 19.11. Kl. 20:00	Lau 27.11. Kl. 20:00	
Lau 20.11. Kl. 20:00	Fös 3.12. Kl. 20:00	
Fös 26.11. Kl. 20:00	Lau 4.12. Kl. 20:00	



Íslandsklukkan (Stóra sviðið)

Mið 24.11. Kl. 19:00 Aukas. U	Fös 10.12. Kl. 19:00 Aukas.	Sun 12.12. Kl. 19:00 Aukas. U
Fim 25.11. Kl. 19:00 Aukas. U	Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas. U	Fim 30.12. Kl. 19:00

Gerpla (Stóra sviðið)

Fim 18.11. Kl. 20:00 Aukas. U	Fim 2.12. Kl. 20:00 Aukas.	
Fös 26.11. Kl. 20:00	Fös 3.12. Kl. 20:00	



Lér konungur (Stóra sviðið)

Sun 26.12. Kl. 20:00 Frums. U	Lau 8.1. Kl. 20:00 4. sýn	Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn
Þri 28.12. Kl. 20:00 2. sýn	Sun 9.1. Kl. 20:00 5. sýn	Fös 21.1. Kl. 20:00
Mið 29.12. Kl. 20:00 3. sýn	Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn	

Íslandsklukkan – á Akureyri (Hof, menningarhús)

Fös 19.11. Kl. 20:00 U	Lau 20.11. Kl. 20:00 U	Sun 21.11. Kl. 14:00

Ofurkonur gefast ekki upp!

★★★★

„... fyndin og vel skrifuð ...“
LK / Fréttatíminn

„... sprúðlandi kímnigáfa.“
EH / Kiljan

„Bráðskemmtileg saga ...“
KB / Kiljan

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA AF FRÆGA FÓLKINU

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

visir.is

GESTUR VALUR: ÉG VAR AÐ KYNNA SJÁLFAN MIG OG HUGMYNDIR MÍNAR

Fundaði með Adam Sandler

„Þetta er allt mjög venjulegt fólk, það er að segja venjulegt fólk í mínum augum,“ segir Gestur Valur Svansson kvikmyndagerðarmaður.

Gestur Valur átti fund með Adam Sandler í höfuðstöðvum framleiðslufyrirtækis hans, Happy Madison, ásamt Klovn-stjörnunni Casper Christiansen í Culver City fyrir skemmstu. Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum átti Gestur fund með Casper í Los Angeles fyrr í sumar þar sem þeir ræddu mögulegt samstarf. Casper las yfir handrit að sjónvarpsþáttum sem nú eru í tökum og verða sýndir í Sjónvarpinu eftir áramót og hugsanlegt handrit að Hollywood-mynd. En ekki er sagan öll. Gestur mætti þar að auki í partý hjá þeim Klovn-hjónum en þar var meðal annars Joaquin Phoenix, Óskarsverðlaunahafinn víðfrægi.

En það var óneitanlega fundurinn með Sandler sem var hápunktur ferðarinnar. „Ég vil sem minnst tjá mig um hvernig mér tókst að fá fundi með Adam Sandler, vil ekki eyðileggja neitt fyrir mér en mér tókst það,“ segir Gestur Valur en Sandler er stórt nafn í Hollywood um þessar mundir og feykilega áhrifamikill innan gamanmyndageirans. Og af þeim sökum ákaflega upptekinn maður. Gestur var að eigin sögn sóttur af bílstjóra framleiðslufyrirtækisins en áréttar að fundurinn hafi ekki verið formlegur heldur mjög einfaldur í sniðum. „Hann var mjög spenntur fyrir verkefni sem ég kynnti fyrir honum en annars var ég bara aðallega að kynna sjálfan mig og mínar hugmyndir,“ útskýrir Gestur og ber Sandler vel söguna, segir að það hafi verið stutt í spaugið hjá honum.

Fréttablaðið hafði í gær samband við Casper Christiansen sem staðfesti söguna. Hann hefði átt fund með Adam Sandler og Gesti Val í sumar þegar þeir hefðu verið staddir á sama tíma í Los Angeles og að þeir væru að skoða mögu-

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SKEMMTILEGT TRÍÓ

Adam Sandler, **Casper Christiansen** og **Gestur Valur Svansson** áttu saman fund í höfuðstöðvum framleiðslufyrirtækisins Happy Madison í Culver City í Kalifornía. Ekki var gengið frá neinum samningum á þessum fundi en Casper segir að allir fundir í Hollywood séu góðir fundir.

leika á að skrifa handrit saman. „Það er alltaf súrrealískt að sitja á fundi með Íslendingi,“ segir Casper um fundinn og upplýsti um leið að þótt ekkert ákveðið hefði komið út úr fundinum væru allir fundir í Hollywood góðir fundir.

Gestur Valur lýsti því yfir árið 2007 í íslenskum fjölmiðlum að hann væri hugmyndasmiðurinn að hinum vinsælu sjónvarpsþáttum Næturvaktinni og í fréttatilkynningu sem hann sendi í tengslum við sjónvarpsþáttinn Tríó kynnir hann sig sem slíkur. Gestur sagðist hins vegar ekki vera hræddur um að hann yrði fyrir barðinu á óheiðarlegum amerískum kvikmyndagerðarmönnum, hann hefði tryggt sér einkaréttinn á öllum sínum hugmyndum.

freyrgigja@frettabladid.is

Álftanes tekið fyrir í Skaupinu

„Við byrjuðum á mánudaginn og erum hérna úti á Álftanesi,“ segir Gunnar Björn Guðmundsson, leikstjóri Áramótaskaups Sjónvarpsins. Tökur á þessum vinsælasta sjónvarpslið ársins hófust í vikunni og það var hið skuldum hlaðna sveitarfélag Álftanes sem fékk þann vafasama heiður að vera heimsótt fyrst en það hefur verið töluvert í fréttum vegna bágrar fjárhagsstöðu. Gunnar vildi hins vegar ekkert gefa upp um hvar þeir væru nákvæmlega staddir enda hvílir mikil leynd yfir gerð Skaupsins líkt og í fyrra.

Leikstjórinn vildi ekki einu sinni gefa upp hvort hann væri búinn að ráða leikara í hlutverk borgarstjórans Jóns Gnarr en það liggur beint við að persóna hans verði fyrirferðarmikil í Skaupinu vegna sigurs Besta flokksins í höfuðborginni. „Það er ekkert öruggt í þess-

LEYNDARDÓMSFULLUR Gunnar Björn hyggst vernda innihald Skaupsins með kjafti og klóm en upplýsir þó að gæðaleikarinn Hjalti Rögnvaldsson muni leika í því.

um bransa,“ segir Gunnar og vísar spurningunni frá sér.

Reiknað er með tökur standi yfir út nóvember og svo verður opinn gluggi í desember ef eitthvað stórvægilegt gerist. Sami hópur stendur að Skaupinu í ár og gerði það svo glæsilega í fyrra en það eru þau Ari Eldjárn, Anna Svava Knútsdóttir, Halldór E. Högurður, Sævar Sigurgeirsson, Ottó Geir Borg og Gunnar Björn sjálfur sem skrifa handritið. Gunnar fékkst til að upplýsa að Gunnar Hansson, Hjalti Rögnvaldsson og Anna Svava myndu leika í Skaupinu en sagðist svo ætla að vera þögull sem gröfin. „Áramótaskaupið er svo merkilegt, fólk vill láta koma sér á óvart en vill líka aðeins fá smjörþefinn af því.“ **- fgg**

Full búð af nýjum vörum!

25% afsláttur af öllum vörum!

Opið virka daga 10 - 18 | laugardaga 11 - 16 | sunnudaga til jóla 13 - 16

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

Ondrej mood lifum

GALLERY GÓLF PARKET & FLÍSAR

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

NOVA

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fær starfskraft frá Coen-bræðrum

Baltasar Kormákur heldur áfram að safna liði fyrir Contraband-mynd sína sem Universal framleiðir og skartar Kate Beckinsale og Mark Wahlberg í aðalhlutverkum. Og það er augljóst að íslenski leikstjórinn hefur aðgang að þeim bestu í sínu fagi. Þannig hefur búningahönnuðurinn Jenny Eagan samþykkt að sjá um þá hlið myndarinnar en á ferilskránni hennar er meðal annars mynd eftir Coen-bræðurna.



Doktor í dreifingu

Jólavertíðin stendur nú sem hæst hjá plötuútgefendum og margar hendur þarf til að allt gangi upp. Tónlistar- og blaðamaðurinn Dr. Gunni hefur nú ráðið sig í lagerstörf hjá Kimi Records og sér til þess að nóg sé til af plötum útgáfunnar í verslunum. Dr. Gunni gefur sjálfur út hjá Kima fyrir jólin og skrifaði auk þess fimm stjörnu dóm í Fréttatímann um plötu Retro Stefson, flaggskip útgáfunnar þetta árið, svo hann ætti að falla vel í hópinn á þeim bænum.

Miklar vinsældir

Pétur Már Ólafsson og hans fólk í Veröld virðist hafa veðjað á réttan hest með endurútgáfu Fimbulfambs. Spilið hafði verið ófáanlegt í 17 ár og nú er slegist um eintök af endurútgáfunni. Fimm þúsund eintök voru pöntuð til landsins frá Kína og þegar er helmingur þeirra uppseldur. Ef svo fer sem horfir verður upplagið búið um mánaðamót en ekki verður hægt að framleiða meira fyrir jól.

- fgg, hdm

Mest lesið

VISIR.IS

1. Catalína Ncogo: Áverkar tilheyra vændi
2. Farþegar neituðu að yfirgefa flugvél Ryanair
3. Handtökurnar tengjast Stím málinu
4. Táningsstúlka sett upp í bíl
5. Sá sem kúkaði á gólfið þarf ekkert að óttast

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. VISIR.IS